



FRÍTT


# FRÉTTABLAÐIÐ

11. desember 2005 – 335. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Draumar frá Dórotheu



Dórothea Jónsdóttir á Syðra-Felli ólst upp í Breiðholti en fann paradís og frjóan farveg drauma sinna í Eyjafjarðarsveit þar sem hún hefur opnað töfragátt að óvenjulegri og alíslenskrí listalind.

VIÐTAL 30


## Áherslan á ánægjuna

Fríða Á. Sigurðardóttir rithöfundur heldur upp á 65 ára afmæli sitt með sínum nánustu.

TÍMAMÓT 16



## Góðar stelpur fá í skóinn



Bergljót Arnalds er jólabarn. Hún var lengst af hrifinn af Stúfi en það hefur breyst.


BÆKUR 36

## Haukar Powerade-meistarar

Kvinnalið Hauka tryggði sér sigur í Powerade-bikarnum í gær með glæstum sigri á Keflavík. Þetta var annar sigur Hauka á Keflavík á einni viku.

ÍÞRÓTTIR 42

## VEÐRIÐ Í DAG



**ALLHVÖSS EDA HVÖSS** vestanátt í dag sérstaklega úti fyrir norðurströndinni. Lægir eitthvað í kvöld. Skúraveður vestanlands en annars þurr. Hiti frá frostmarki að 5 stigum.

VEÐUR 4



FEURST ALLRA Það var mikið um dýrðir þegar úrslitin voru kynnt í gær. Unnur Birna bar sigur úr þytum og hlaut titilinn Ungfrú heimur.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Unnur Birna var kjörin ungfurú heimur

**FEURÐARSAMKEPPNI** Fegurðardrottning Íslands, Unnur Birna Vilhjálmssdóttir, var í gær krýnd ungfurú heimur. Keppnin fór fram í borginni Sanya í Kína og um hundrað keppendur frá ýmsum löndum tóku þátt. Í öðru sæti varð ungfurú Mexíkó en stúlkan frá Púertó Ríkó varð í því þriðja.

Unni Birnu hafði verið spáð góðu gengi í keppninni en hún átti þó alls ekki von á að vinna. „Ég fór bara út með því hugarfari að gera mitt besta og tók þann pól í hæðina að halda mig á jörðinni í sambandi við allar væntingar,“ sagði fegurðardrottningin nýkrýnda í samtali við NFS í gær. Unnur hefur dvalið í Kína

í um fimm vikur við undirbúning keppinnar og ekkert lát er á ferðalögnum. Framundan er viðburðaríkt ár í hlutverki ungfurúar heims og margvísleg verkefni bíða fegurðardrottningarinnar.

Mikill fjöldi fólks fylgdist með keppninni sem var sjónvarpað víða um heim. Íslenskir

áhorfendur tóku andköf þegar úrslitin voru tilkynnt enda ekki á hverjum degi sem Íslendingar eignast alheimsfeegurðardrottningu. Það hefur þó gerst þrisvar sinnum áður: árið 1963, 1985 og 1988.

Unnur Birna er 21 árs og nemur lögfræði við Háskólann í Reykjavík.

- þo / sjá síðu 2

Ófaglærðir deildarstjórar á leikskólum með hærri laun en faglærðir:

## Munar allt að 400 þúsundum á ári

**KJARAMÁL** „Það eru ansi margir í mínu félagi sem hrista hausinn yfir þessu og skilja hvorki upp né niður,“ segir Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara.

Nýafstaðnir samningar Reykjavíkurborgar við Eflingu og Starfsmannafélag borgarinnar þýða að ófaglærðir deildarstjórar á leikskólum hafa mun hærri mánaðarlaun en faglært fólk innan Félags leikskólakennara. Þannig er launamunur upp á tæpar fjögur hundruð þúsund krónur á ársgrundvelli milli þeirra sem eru í Starfsmannafélaginu annars vegar og í Félagi leikskólakennara hins vegar.

Björg segir þennan mun ótrúlegan og hefur fyrir hönd



félagsmanna sinna þegar óskað eftir fundi með launanevnd sveitarfélaganna þar sem krafa verður gerð um leiðréttingu á þessari stöðu mála. „Það er ákveðin hjart-sýni í okkur því þetta gefur okkur góð vopn upp í hendurnar. Launanevndin getur vart litið fram hjá þessum mikla mun sem nú er orðinn milli faglærðra og ófaglærðra því með því gera þeir lítið úr menntun fólks í Félagi leikskólakennara.“

- aðe / sjá síðu 6

**BJÖRG BJARNADÓTTIR** Formaður Félags leikskólakennara segir kröfur félagsmanna sinna skýrar. Hækka verði laun faglærðra til muna svo að þeir njóti ekki verri kjara en ófaglært fólk eins og staðan er nú.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

**KOMIN Á DVD Í VERSLANIR!**

**PÓSTURINN**  
allur pakkinn

**15.12.**

Síðasti öruggi skiladagur á jólakortum til Evrópu!

www.postur.is



## SPURNING DAGSINS

Sigurður, Ertu kominn með lappirnar upp á skemil?

„Nei, aldeilis ekki. Nú er ég bara byrjaður að undirbúa jólin og nóg að gera í því næstu daga.“

Alþingismenn eru komnir í eins og háls mánaðar jólafrí fram til 17. janúar. Sigurður Kári Kristjánsson situr á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Fögnuður í Þjóðmenningarhúsi:

## Fimmtíu ára Nóbelsafmæli

**LAXNESS** Þess var minnst í Þjóðmenningarhúsinu í gær að fimmtíu ár eru liðin frá því að Halldór Laxness fékk bókmenntaverðlaun Nóbels.

Fjöldi fólks fylgdist með fjölkskrúðugri hátíðardagskrá sem hófst klukkan ellefu og stóð fram á kvöld. Tónlistarflutningur af ýmsu tagi setti stóran svip á dagskrána, en einnig var efnt til málþings þar sem meðal annars var fjallað um viðtökur við verkum Halldórs Laxness fyrir og eftir Nóbelsverðlaunin.

Um kvöldið lásu síðan skáldin í Nýhil-hópnum úr verkum sínum undir yfirskriftinni „Unglingarnir í skóginum“. ■



**RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR** Tónlistarflutningur setti sterkan svip á afmælisdaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktssdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Þrjár bifreiðar í árekstri á Suðurlandsvegi:

## Klippa þurfti farþega út úr bíl

**LÖGREGLA** Alvarlegur árekstur varð á Suðurlandsvegi í gær þegar þrjár jeppar lentu saman og þurfti að loka veginum í hátt á þriðja tíma.

Áreksturinn varð klukkan 15.30 til móts við Þórustaði í Ölfusi. Klippa þurfti öikumann einnar bifreiðarinnar út úr bílnum. Fimm manns þurfti að flytja á sjúkrahús, þar af tvo alvarlega slasaða.

Að sögn Hlyns Þorsteinssonar, læknis á slyssadeild Landspítalans í Fossvogi, var þó enginn þeirra lífshættulega slasaður.

„Fjórum bílum var ekið til vesturs, sá fremsti beygði til vinstri inn á afleggjarann að Þórustöðum. Sá sem aftast ók áttaði sig ekki í



ÁREKSTUR VIÐ INGÓLFSFJALL Bifreiðarnar þrjár eru taldar nánast ónýtar eftir áreksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL BJARNASON

tíma á því að röðin hafði nánast stöðvast og ók á ökutækið fyrir framan,” segir Svanur Kristinsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Selfossi, um tildrög árekstursins.

„Sá sem ekið var aftan á fór yfir á öfugan vegarhelming og lenti framan á jepping sem ekið var til austurs. Úr varð hörkuárekstur,” segir Svanur.

-gb

Flugslys í Nígeríu:

## Sjö lifðu en hundrað létust

**NÍGERÍA, AP** Sjö manns björguðust en 103 fórust þegar nígerísk farþegaþota hrapaði til jarðar í gær. Vélin var aðflugi að flugvelli í borginni Port Harcourt, sem er sunnantil í Nígeríu.

„Hér eru lík út um allt,” sagði starfsmaður flugvallarins. Hann sagði að flugvélin hafi sundrast og mörg líkin væru svo illa brunnin að ómögulegt væri að bera kennsl á þau.

Sjö manns reyndust vera á lífi og voru þeir fluttir á sjúkrahús. Ekki er vitað um orsakir slyssins en undanfarið hefur það nokkrum sinnum gerst í Nígeríu að flugfél- ar hafi ekki hitt á flugbrautir. ■

# Kemur heim með kórónu í farteskinu

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir er ungrú heimur. Hún átti alls ekki von á að ná svo langt í keppninni. Hún hafði skrifað á netið að hún kæmi ekki með kórónuna heim. Heiðar Jónsson snyrtir segist hafa verið viss um að hún ynni.

**FEURDARSAMKEPPNI** Íslendingar hafa enn einu sinni fengið staðfestingu á því að á Íslandi búa fallegustu konur veraldar. Unni Birnu hafði verið spáð góðu gengi í keppninni en sjálf lét hún væntingarnar ekki stíga sér til höfuðs. Eftir lokaæfinguna á föstudagskvöldið skrifaði hún dagbókarfærslu á vef Morgunblaðsins þar sem hún varaði fólk við því að taka spárnar of trúanlega. „Það er ekkert að marka svona spár og veðbanka og ég get lofað ykkur því, eins og ég hef gert áður, að kórónan verður ekki í ferðatöskunni þegar ég kem heim á mánudag.“ Nú verður Unnur Birna að ganga á bak orða sinna því kórónan góða verður svo sannarlega með í farteskinu þegar fegurðardrottningin snýr aftur heim.

Keppnin var hin glæsilegasta í alla staði en um 100 keppendur frá ýmsum þjóðlöndum tóku þátt í henni. Íslenskir áhorfendur sátu límdir við skjáinn og góptu af undrun þegar úrslitin voru kunn. Feгурðardrottningin sjálf var ekki minna hissa og sagðist alls ekki hafa búist við þessu.

„Ég hélt þetta væri komið gott þegar ég var komin í sex manna úrslit og átti alls ekki von á að ná lengra,” sagði feгурðardrottningin í samtali við NFS í gær. Heiðar Jónsson lýsti keppninni á Skjá einum og var að vonum ánægður með árangur Unnar. „Ég átti reyndar alveg von á þessu og þegar það var ljóst að ungrú Filippseyjar kæmist ekki í úrslit var ég viss um að Unnur myndi vinna,” segir Heiðar og bætir því



BROSAD GEGNUM GLEDITÁRIN Unnur Birna átti alls ekki von á að sigra í keppninni. Framundan er viðburðaríkt ár í hlutverki ungrúar heims.

við að keppnin hafi verið mjög spennandi.

„Ég veit ekki hvort fólk gerir sér grein fyrir því að þetta er gríðarlega vinsælt sjónvarpsefni og þar af leiðandi mikil landkynning. Feгурðarsamkeppnir hafa verið misvinsælar í gegnum tíðina en núna eru þær á hápunkt á heimsmælikvarða. Þótt áhuginn í Norður-Evrópu hafi minnkað þá er víða borin gríðarleg virðing fyrir keppninni og því á Unnur eflaust eftir að bera hróður Íslands víða. Titillinn gefur henni líka ótrúleg tækifæri. Hún mun ferðast um heiminn og sinna góðgerðarmálum,” segir Heiðar sem er ekki í

nokkrum vafa um hvers vegna heimsbyggðin valdi Unni. „Hver sá sem hittir þessa stúlku kemst að því að hún á þennan titil svo sannarlega skilið. Um leið og þú kynnist henni þá gleymirðu hvað hún er falleg. Hún er svo góð og hlý og klár þannig að eftir klukkutíma viðkynningu þá skiptir engu hvort hún er sæt eða ekki,” segir Heiðar.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og kona hans, Dorrit Moussaieff, sendi Unni Birnu eftirfarandi heillaóskir: „Við óskum þér til hamingju með glæsilegan árangur. Þú ert landi og þjóð til sóma.“ thorgunnur@frettabladid.is

## Íslensk feгурð

Unnur Birna er fjórða íslenska konan sem ber titilinn ungrú heimur.



### Guðrún Bjarnadóttir

Guðrún var kjörin ungrú Ísland árið 1962 og ári síðar bar hún sigur úr þýtum í keppninni Miss International fyrst íslenskra kvenna. Guðrún starfaði árum saman sem fyrisæta og myndir af henni pryddu mörg helstu tímarit heims.



### Hólmfríður Karlsdóttir

Íslenska þjóðin stóð á öndinni þegar Hólmfríður Karlsdóttir var krýnd ungrú heimur árið 1985.

Krýning hennar markaði upphafið að gullaldar árum íslenskra feгурðarsamkeppna og ekki leið á löngu þar til önnur feгурðardis hampaði sama titli.



### Linda Pétursdóttir

Linda hlaut titilinn ungrú heimur árið 1988. Linda fylgdist spennet með keppninni í gær og var ákaflega

ánægð með árangur Unnar Birnu. „Þetta er glæsilegur sigur og eiginlega var kominn tími til að Ísland kæmist svona langt í keppninni þar sem við höfum ekki verið ofarlega á blaði undanfarin ár,” sagði Linda sem átti auðvelt með að setja sig í spor Unnar Birnu. „Þetta er ofboðslega stórt allt saman og það eru líklega fáir sem skilja betur en ég hvernig henni Unni líður núna. Það er alveg ný veröld sem blasir við henni og hún á ábyggilega eftir að standa sig vel enda vel að sigrinum komin,” segir Linda.

Vilhjálmur Skúlason, faðir Unnar Birnu, horfði stoltur á krýninguna:

## Eins og að fylgjast með bikarleik

**FEURDARSAMKEPPNI** „Ég er bara ekki alveg búinn að átta mig á þessu,” sagði Vilhjálmur Skúlason, faðir Unnar Birnu, eftir að hún hafði verið krýnd ungrú heimur. „Ég fylltist gríðarlegu stolti yfir þessu öllu saman en þó eru tilfinningarnar blendnar. Ég var búinn að hlakka til að fara út á flugvöll á mánudaginn og sækja hana en nú verður ekkert af því og allt er óvíst með heimkomuna,” segir Vilhjámur sem fylgdist spennur með keppninni ásamt syni sínum. „Þetta var rosalega spennandi. Undir það seinasta var hjartslátturinn farinn upp úr öllu valdi og spennan var alveg eins og á alvöru bikarleik,” segir Vilhjámur og bætir því við að í rauninni hafi hann ekki átt von á þessu. „Unnur var búin að telja mér trú um að þetta gæti alls ekki gerst.



STOLTIR FEĞDAR Vilhjámur Skúlason, faðir Unnar Birnu, og Vilhjámur Vilhjámsson, bróðir feгурðardrottningarinnar, voru ánægðir með stelpuna sína. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Þess vegna kom þetta enn meira á óvart. Sjálfur vonaði ég auðvitað að þetta gæti farið svona og er ofboðslega stoltur núna.“

Vilhjálmur má búast við því að sjá dóttur sína lítið næsta árið enda verður Unnur Birna meira

og minna erlendis. Verkefni sem fylgja titlinum eru mörg og Vilhjámur hefur fulla trú á að dótturinni eigi eftir að vegna vel: „Henni gengur ævinlega vel í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur.“ -þo

„Bráðskemmtileg bók fyrir ungar stúlkur, skrifuð af miklu fjöri ... hressileiki og hómur.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / MANNLÍF




JPV  
ÚTGAFA  
www.jpv.is

# ... falleg og einstæð örlagasaga“

Bók Ingólfs Margeirsson er einstök bók. Hún segir sögu sem þúsundir Íslendinga þekkja af eigin raun, að fá heilablóðfall.

Baráttusaga sem hrífur lesandann með sér. Bók sem þú leggur ekki frá þér fyrr en á síðustu síðu.



*Húmor andspænis háska er besta leiðin til að þroska æðruleysi ... Það er enginn einsemdar- eða vesældarbragur á þessari bók ... Hún er einfaldlega órúlega vel skrifuð, þar sem hvergi er dauður punktur ... frábær penni með auga fyrir því skondna í tilverunni ...*

– Össur Skarphéðinsson á vefsíðu sinni

*Það þarf mikið hugrekki til að skrifa svona bók um hverfulleika lífsins ... Alvaran er mikil en skoplegu hliðarnar gleymast ekki ... stíllinn er léttur og leikandi.*

– Jóhann Hjálmarsson, Mbl.

*„Merkileg bók, falleg og einstæð örlagasaga ... þrátt fyrir návist dauðans missir Ingólfur þó aldrei húmorinn.“*

– Illugi Jökulsson

**Dómarnir eru einróma: Frábærlega vel skrifuð og skemmtileg bók um háalvarlegt efni.**

**SKRUDDA**

Eyjarslóð 9 - 101 Reykjavík  
s. 552 8866 - skrudda@skrudda.is  
www.skrudda.is

**GENGIÐ**

GENGI GJALDMÍÐLA 9.12.2005

**KAUP SALA**

	Bandaríkjadalur	USD	64,02	64,32
	Sterlingspund	GBP	111,97	112,51
	Evra	EUR	74,43	75,85
	Dönsk króna	DKK	10,12	10,18
	Norsk króna	NOK	9,52	9,57
	Sænsk króna	SEK	8,017	8,063
	Japanskt jen	JPY	0,5338	0,537
		SDR	91,21	92,75

Gengisvísitala krónunnar  
106,55

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

ElBaradei tekur við Friðarverðlaunum Nóbels:

# Hættan aldrei verið meiri

**OSLO, AP** „Við erum í kapphlaupi við tímann.“ sagði Mohamed ElBaradei, yfirmaður kjarnorkueftirlits Sameinuðu þjóðanna, þegar hann tók við friðarverðlaunum Nóbels í Noregi í gær.

ElBaradei sagði hættuna á kjarnorkuhörmungum vera meiri en nokkru sinni, nú fimmtán árum eftir lok kalda stríðsins og sextíu árum frá því kjarnorkusprenjum var varpað á Hiroshima og Nagasaki. Nú stafar hættan helst af hryðjuverkamönnum sem sækjast ákaft eftir því að komast yfir kjarnorkuvopn.

Til þess að komast hjá tortímingu af völdum kjarnorku verður

mannkynið að úthýsa kjarnorkuvopnum jafn rækilega og þrælahaldi og þjóðarmorðum, sagði ElBaradei í þakkarávarpi sínu.

Gagnrýni hefur beinst að því að kjarnorkueftirlitsstofnunin hljóti verðlaunin en ElBaradei deilir verðlauninum með stofnuninni, sem hann veitir forstöðu.

Ígær voru einnig afhent Nóbelsverðlaun í bókmenntum, eðlisfræði, efnafræði, læknisfræði og hagfræði í Stokkhólmi. ■

**VERÐLAUNIN AFHENT**

Mohamed ElBaradei segir nauðsynlegt að úthýsa kjarnorkuvopnum alfarið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Náðust í umferðareftirliti:

# Með marjúana og amfetamín

**LÖGREGLA** Ökumaður um tvítugt var handtekinn í fyrrinótt í Hafnarfirði með sjö grömm af marjúana í fórum sínum. Hann er grunaður um að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna.

Lögreglan tók einnig undir morgun tvo menn um þrjúgt með sex grömm af amfetamíni. Þeir voru á bíl og með þrjú grömm á sér. Önnur þrjú grömm fundust á heimili annars mannsins.

Mönnum þremur var sleppt eftir yfirheyrslu og eru bæði málin upplýst.

Í hvorugu málinu er hægt að sanna að mennirnir hafi ætlað að selja efnin. ■



SUNNLENSKUR FRÉTTAVEFUR Sudurland.net er ósátt við að aðrir hafi gengið slóðina.

Fréttavefur Sudurlands:

## Kæra úthlutun á vefslóð

**VÍÐSKIPTI** Fréttavefur Sudurlands, sudurland.net, hefur kært til Samkeppniseftirlitsins samning Sambands sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) við Sunnlenska fréttablaðið og Eyjafréttir um að blöðunum verði eftirlátn slóðin sudurland.is. Slóðina hefur SASS notað og átt árum saman.

Farið er fram á að Samkeppniseftirlitið ógildi samninginn og vísað til þess að hlutverk eftirlitsins sé að sjá til þess að opinberir aðilar takmarki ekki samkeppni.

Ólafur Þór Ólafsson framkvæmdastjóri og eigandi Fréttavefs Sudurlands, sudurland.net, segir vefinn hafa sótt í sig veðrið frá því hann tók við rekstrinum í vor. Samstarf keppnauta hans við SASS um nýja fréttasíðu á slóðinni sudurland.is hófst hins vegar í lok október. - óka

## A-HÚNAVATNSSÝSLA

### Kosið milli tveggja flokka

Sveitarstjórnarkosningar sameiðnaðra hreppa Bólstaðarhlíðar-, Sveinastaða-, Svínavatns- og Torfalækjahrepps fóru fram í gærkvöldi. Einnig var kosið um nýtt nafn á sameinuðu sveitarfélagi. Úrslit voru ekki kunn þegar Fréttablaðið fór í prentun en í framboði voru A-listi Framtíðar og E-listi Nýs afls. Þau þrjú nöfn sem til greina komu voru Húnvallabyggð, Húnvallahreppur og Húnvatnshreppur.

# Félagsmálaráðherra braut alvarlega af sér

Dómur Hæstaréttar í máli Valgerðar H. Bjarnadóttur gegn Íslenska ríkinu er dæmi um skýlaust brot Árna Magnússonar félagsmálaráðherra á stjórnslögum. Þó er talið hæpið að Árni hafi einnig brotið jafnréttislög.

**JAFNRÉTTISMÁL** „Augljóslega er þarna um að ræða alvarlegt stjórnsýslubrot eins og Hæstiréttur kemst að en vart er hægt að túlka niðurstöðuna þannig að ráðherra hafi einnig brotið jafnréttislög.“ segir Jónatan Þórmundsson lagafrófsor.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður er sammála Jónatan um að hæpið sé að komast að þeirri niðurstöðu að Árni Magnússon félagsmálaráðherra hafi sjálfur brotið jafnréttislög gagnvart Valgerði H. Bjarnadóttur þegar hann vék henni frá störfum sem framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs.

Jónatan segir ábyrgð félagsmálaráðherra mikla. „Ráðherrar bera fulla ábyrgð á gjörðum sinna undirmanna. Dæmi eru um erlendis frá að þeir þurfi að víkja brjóti undirmenn þeirra alvarlega af sér. Í þessu tilfalli er málið enn alvarlegra því hér brýtur ráðherra sjálfur af sér. Hann er gerandinn í málinu og kys að fela sig bak við umsagnir lögfróðra manna sem hann væntanlega fékk áður en hann tók þá ákvörðun að víkja Valgerði. En ég vil ekki



**FRÁ HÆSTARÉTTI** Bæði Ragnar Aðalsteinsson og Jónatan Þórmundsson telja dóm Hæstaréttar í máli Valgerðar H. Bjarnadóttur gegn ríkinu góðan og vel rökstuddan. Allir fimm dómaramir hafi verið sammála og dómurinn sé fordæmisgefandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

um það dæma hvort um brot á jafnréttislöggjöfni er að ræða líka. Hins vegar tel ég þennan dóm góðan og vel rökstuddan og fordæmisgefandi í framtíðinni.“

Ragnar Aðalsteinsson tekur undir orð Jónatans. „Dómurinn er að mörgu leyti sérstakur en ég fagna honum. Það sem ég hef meiri áhyggjur af er hversu auðvelt virðist vera að beygja fólk með valdníðslu. Valgerður er að mínu viti skörungur mikill og hefur langa og góða reynslu úr ýmsum áttum. Ef svona auðvelt er að beygja slíka manneskju þá óttast ég um alla hina sem ekki eru jafn hátt settir eða hafa slíka reynslu. Við Íslendingar erum

alltof gjörn á að lúta valdi fólks sem er tímabundið kosið til að fara með völdin í landinu og furðulegt hversu lengi á að taka okkur að komast undan oki valdhræðslu við slíkt fólk.“

Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, vildi ekki tjá sig um hvort túlka mætti dóminn á þann veg að félagsmálaráðherra hefði einnig brotið jafnréttislög. „Við erum óhæf til að tjá okkur um dóminn eða afleiðingar hans. Valgerður er minn gamli yfirmaður og Árni Magnússon er minn núverandi yfirmaður og ég vil ekki tjá mig eða túlka dóminn með neinum hætti.“ albert@frettabladid.is

## Málið í hnotskurn

Árið 2000 er Valgerður H. Bjarnadóttir skipuð framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu af félagsmálaráðherra.

Árið 2002 tekur hún þátt í ráðningu nýs leikhússtjóra hjá Leikfélagi Akureyrar en á sama tíma var hún einnig formaður stjórnar leikfélagsins.

Sama ár kemst kærunefnd jafnréttismála að því að sú ráðning stangast á við lög og ári síðar kemst Héraðsdómur að sömu niðurstöðu.

Í kjölfar dómsins fundar Valgerður með félagsmálaráðherra sem segist ekki bera traust til hennar lengur og óskar eftir að hún láti af störfum. Valgerður verður við beiðninni.

Nokkrum mánuðum síðar kemst Hæstiréttur að því að leikfélagið hafði engin lög brotið og óskar Valgerður eftir skaðabótum vegna starfsloka sinna skömmu síðar.

Á það féllst ráðherra ekki og fór málið fyrir héraðsdóm sem dæmdi ríkinu í vil. Áfrýjaði Valgerður málinu til Hæstaréttar sem kemst að því að henni beri að greiða sex milljónir króna í skaðabætur vegna starfsloka sinna.

## LÖGREGLUFRETTIR

### Með fíkniefni í nærbuxunum

Ungt par rétt yfir tvítugu var tekið í Borgarnesi með tuttugu grömm af hassi. Lögreglan fann áhöld til fíkniefnaneyslu við umferðareftirlit. Párið var því fært á lögreglustöðina, leitað á því og í bílnum. Efnin fundust í nærbuxum annars þeirra. Málið er upplýst. Fólkinu hefur verið sleppt.

### Einn af sextíu drukkinn

Um sextíu ökumenn voru stöðvaðir við umferðareftirlit lögreglunnar á Snæfellsnesi. Einn ökumannanna var ölvaður. Lögreglan verður með hert eftirlit í umferðinni fram að júlum.

# SPENNANDI KVÖLD

Áslaug Jónsdóttir  
**gott kvöld**

„Glæsilegur áfangi fyrir Áslaugu og má allra hluta vegna lenda í mörgum, mörgum þökkum næstu árin fyrir yngstu áhugamenn góðra bókmennta.“

★★★★★

Páll Baldvin Baldvinsson, DV

**Dimmalimm**  
Íslensku myndalegri verðlaunin  
2005

**Edna**  
edda.is

## VEÐURSPÁ

**Guðriður Arnardóttir**  
Náttúrufræðingur

All hvöss vestanátt!  
Hún verður nokkuð hvöss vestanáttin í dag og jafnvel stormur úti fyrir norðurströndinni. Það frýstir aftur til fjalla og hugsanlega í innsveitum en við ströndina gæti hitinn náð 5 stígum. Það lægir eitthvað í kvöld en samt verður áfram nokkuð vindasamt fram eftir vikunni. Það má búast við skúraveðri á suðvesturhorninu næstu daga en annars verður yfirleitt þurr. Þau eru nokkuð kvik veðurkerfin svo það er vissara að fylgjast vel með spám.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**  
Vestan kaldi og skúraveður fram eftir degi en lægir eitthvað í kvöld.

**um hádegi »**

**» á morgun**

Stíf suðlæg átt vestanlands, annars vestanátt.


**» þriðjudagur**

Nokkuð stíf norðvestanátt og skúraveður vestra.

Kaupmannahöfn	9°C skýjað	Paris	7°C heiðskirt	Alicante	15°C heiðskirt
Oslo	3°C skýjað	Berlin	5°C skýjað	Milano	9°C heiðskirt
Stokkhólmur	3°C skýjað	Frankfurt	3°C skýjað	New York	5°C léttskýjað
Helsinki	1°C skýjað	Madrid	12°C heiðskirt	San Francisco	16°C heiðskirt
London	11°C sk.m.köflum	Barcelona	11°C heiðskirt	Orlando/Flórída	20°C rigning

\* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# risaSMÁR



ILENKA AUGUSTINGSDOTTIR/SHALIS FOR IMAGE TITLES

## Nýr Yaris. Frumsýning um helgina.

Það er kominn nýr Yaris. Komdu á frumsýningu á Nýbýlaveginum um helgina og upplifðu nýjan, enn betri Yaris. Hann er risaSMÁR.

- Allir sem reynsluaka nýjum Yaris eiga möguleika á því að vinna glæsilegan vinning
- Bakaralandsliðið býður upp á smákökur og kakó
- Fáðu góð ráð varðandi baksturinn hjá landsliðsbökurum
- Sjáðu fyrsta piparkökubílskúrinn

Opið sunnudag frá kl. 13 til 16.

risaSMÁR er nýyrði í íslensku. Lífið er fullt af risaSMÁUM hlutum og augnablikum. Hugsaðu um smákökurarnar fyrir jólin. Ilmurinn. Bragðið. Hljóðið þegar maður bítur. Heill árstími í einum bita. Smákökur eru risaSMÁAR. Þú þekkir tilfinninguna. Við líka. Nýr Yaris - risaSMÁR.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



## KJÖRKASSINN

Gætir þú hugsað þér að kaupa rafmagn af Símanum?

Já	35%
Nei	65%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á Árni Magnússon félagsmálaráðherra að segja af sér?

Segðu skoðun þína á Vísir.is



Prófkjör Sjálfstæðisflokksins á Akureyri:

# Skipan efstu sæta breytist

**STJÓRNMÁL** Þórarinn B. Jónsson, fyrrverandi útibússtjóri Sjóvárs á Akureyri, hyggst bjóða sig fram í fimmta sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna á Akureyri vegna sveitarstjórnarkosninganna á næsta ári. Þórarinn hefur skipað þriðja sæti listans í undangengnum þrennum kosningum en segist nú vilja rýma sætið fyrir öðrum frambjóðanda.

Sigrún Björk Jakobsdóttir ætlar að gefa kost á sér í prófkjöri en hún var í fjórða sæti á lista flokksins í síðustu kosningum. Sigrún segist ákveða á næstu dögum á hvaða sæti hún stefnir eða um svipad leyti og Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri tilkynnir hvort hann

tekur þátt í prófkjöri.

Baldur Dýrfjörð, starfsmannastjóri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, býður sig fram í þriðja sæti í prófkjöri en hann hefur aldrei átt sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Akureyri.

Þóra Ákadóttir, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, skipaði annað sæti á lista flokksins í síðustu kosningum en hún gefur ekki kost á sér í prófkjöri.

-kk

**ÞÓRARINN B. JÓNSSON** í undanföllum þrennum kosningum hefur Þórarinn skipað þriðja sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Akureyri en hann býður sig nú fram í fimmta sæti. FRÉTTABLAÐIÐ/KK



Dagur B. Eggertsson:

## Stefnir á fyrsta sætið

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ákveðið að bjóða sig fram í forystusæti hjá Samfylkingunni fyrir næstu borgarstjórnarkosningar.

Dagur vildi ekki staðfesta þetta en ítrekaði fyrri ummæli sín, að ákvörðunina muni hann tilkynna fyrir júl. „Ég er nú á leiðinni til útlanda í nokkra daga og er ekki að fara að tilkynna um neitt á þeim tímamarki.“

Verði af framboði hans mun hann etja kappi við þau Steinunni Valdísi Óskarsdóttur borgarstjóra og Stefán Jón Hafstein um fyrsta sætið. -aðe

# Stekkjastaur

kíkir í heimsókn  
í dag kl. 14-16  
í Faxafeni 12.

Glaðningur fyrir börnin.



# Ófaglærðir fá allt að 30 þúsundum meira

Nýir samningar tryggja ófaglærðum deildarstjórum á leikskólum allt að 30 þúsundum meira á mánuði en faglærðum leikskólakennurum. Kennararnir eru fjúkandi illir en sjá sóknarfæri til að bæta kjör sín fyrir en áætlað var.

**KJARAMÁL** Ófaglærðir deildarstjórar á leikskólum Reykjavíkurborgar munu hafa tæplega 200 þúsund króna hærra tekjur fyrir störf sín á ári en faglærðir deildarstjórar innan vébanda Félags leikskólakennara. Er þetta afleiðing nýrra samninga milli Reykjavíkurborgar annars vegar og SFR, Stéttarfélag í almannajónustu, og Eflingar hins vegar. Ársгамlir kjarasamningar við Félag leikskólakennara eru í uppnámi.

Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara, hefur látið hafa eftir sér að með þessu sé verið að sýna menntun lítilsvirðingu en fagnar því einnig að kjör ófaglærðra hafi batnað. Það megi þó ekki gerast með þessum hætti á kostnað þeirra sem hafa lagt á sig að mennta sig í faginu. Segir hún óánægjuna mikla meðal félagsmanna sinna.

Munurinn er enn meiri sé lítið til samninga borgarinnar og



**BJÖRG BJARNADÓTTIR** Formaður Félags leikskólakennara mun krefjast hækkunar á launum félagsmanna sinna á fyrirhuguðum fundi með launaneftnd sveitarfélagsins á næstunni.



**MENNTUN LÍTILS VIRÐI** Með nýjum samningum Reykjavíkurborgar er verið að gera lítið úr þeim er mennta sig sem leikskólakennara að mati formanns Félags leikskólakennara.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Ófaglærður deildarstjóri á leikskóla í því félagi er með 243 þúsund krónur í mánaðarlaun á meðan sambærilegur faglærður deildarstjóri í Félagi leikskólakennara er með 212 þúsund. Er það munur upp á rúmar 30 þúsund krónur á mánuði eða alls 360 þúsund yfir árið. Þó ber að hafa í huga að fólk innan SFR er með háskólamenntun þótt sú menntun þurfi ekki að tengjast kennaramenntun á neinn hátt.

Félag leikskólakennara hefur þegar óskað eftir fundi við launaneftnd sveitarfélagsins og segir Björg að þótt margir félagsmenn séu fjúkandi illir vegna þeirrar stöðu sem upp er komin sjái margir líka sóknarfæri til að fara fram á frekari hækkunir á sínum

### LAUNAKJÖR M.V. 1. JANÚAR 2006

Leiðbeinandi m. deildarstjórn í Eflingu	299.899
Deildarstjóri í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar	247.666
Deildarstjóri í Félagi leikskólakennara	217.130

eigin launum fyrir en áætlað var. „Ég persónulega er bjartsýn enda þykir mér ólíklegt að launaneftndin geti lítið framhjá því sem gerst hefur. Munurinn á þessum nýju samningum og okkar er einfaldlega út í hött og við munum krefjast leiðréttingar. Nákvæm dagsetning er ekki komin en ég á von á að það verði fljótlega.“

albert@frettabladid.is

## GJAFABRÉF

### Tölvunám í jólapakkann

Gjafabréf á tölvunámskeið er frábær jólagjöf.

Gjafabréf á námskeið fyrir eldri borgara 60 ára og eldri. Byrjendur eða framhald. Verð kr. 19.500

Gjafabréf á námskeið um stafrænar myndavélar og meðferð stafrænna mynda. Verð kr. 15.000



TÖLVUSKÓLINN  
PEKking

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Fyrir jólin

Þú sérð öll jólatilboð Smith & Norland á heimasíðu okkar, [www.sminor.is](http://www.sminor.is). Smelltu þar á bæklinginn Fyrir jólin og skoðuðu 16 glæsilegar síður sem eru fullar af eigulegum hlutum á góðu verði.

**SMITH & NORLAND**

Náttúli 8 • 101 Reykjavík  
Sími 520 3000 • [www.sminor.is](http://www.sminor.is)

Ummælum Kára Stefánssonar um Jóhann Tómasson vísað til siðanefndar:

# Héraðsskyldan var enn í gildi

**DEILUR** Kári Stefánsson fékk sérfræðileyfi í taugalækningum 14. desember 1984, samkvæmt vitnisburði Sigurðar Guðmundssonar landlæknis í síðasta tölublaði Læknablaðsins. Héraðsskyldan var hinsvegar lögð niður árið 1985.

Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, segir í Fréttablaðinu á föstudag að hann líti svo á að Kári hafi ekki brotið samkomulag sem hann gerði við sig þegar Ólafur, ásamt ráðherra, veittu Kára lækningaleyfi með því skilyrði að hann sinni héraðsskyldu þegar hann kæmi til Íslands eftir dvölina í Bandaríkjunum.

„Þarna er lögformlega spurningarmerkið sem Jóhann Tómas-

son setur við íslensku sérfræðiréttindi Kára Stefánssonar,“ segir Gunnar Ingi Gunnarsson, yfirlæknir á Heilsugæslunni í Árbæ. „Mér finnst athugasemd Jóhanns alveg réttmæt og litlu skipta í málinu, að héraðsskyldan hafi verið lögð af ári seinna en Kára er veitt sérfræðivíðurkenning, án þess að hafa þurft að standa við undirritað og vottað samkomulag sem enn var í fullu gildi.“

Ummæli Kára Stefánssonar um Jóhann Tómasson sem hann viðhafði í Kastljósbætti var vísað til siðanefndar í lok nóvember. Þar sagði hann að Jóhann hefði sig á heilanum og gæti ekki komið sér þaðan út. -jse



**KÁRI STEFÁNSSON** Ummæli Kára, á þá vegu að Jóhann hefði sig á heilanum og gæti ekki komið sér þaðan út, eru komin til kasta siðanefndar Læknafélags Íslands.

# 40% afsláttur af öllu jólas krauti



OPIÐ til kl. 22  
öllum kvöld til jóla  
í Skeifu, Smáralind,  
Kringlu.

**TILBOÐ**  
**2.999** kr  
Verð áður 4.999,-

Jólastell fyrir 4



**TILBOÐ**  
**1.019** kr/pk  
Verð áður 1.699,-

Jóladiskar rétth. 2 stk. í pakka



**TILBOÐ**  
**1.019** kr/pk  
Verð áður 1.699,-

Jóladiskar kringlóttir. 3 stk. í pakka



**TILBOÐ**  
verð frá  
**239** kr  
Verð áður 399,-

Jólakerti með skrauti, 2 stærðir



**TILBOÐ**  
verð frá  
**119** kr  
Verð áður 199,-

Jólaílmkerti rauð, margar stærðir



**TILBOÐ**  
verð frá  
**599** kr/pk  
Verð áður 999,-

Jólaílmkerti í krukku 3 stk. í pakka



**TILBOÐ**  
**179** kr  
Verð áður 299,-

Prjónadúkkur 12 cm, bl. tegundir



**TILBOÐ**  
**299** kr/pk  
Verð áður 499,-

Jólatrésfigúrur 3 stk. í pakka



**TILBOÐ**  
verð frá  
**179** kr/pk  
Verð áður 299,-

Jóla kúlur margar litir og stærðir



**TILBOÐ**  
**239** kr  
Verð áður 399,-

Jólatréstoppur



**TILBOÐ**  
**299** kr  
Verð áður 499,-

Borðjólalatré 45 cm

Gildir til 11. desember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Forseti Íslands býður til „Séð og heyrð“-tónleika.

## Hringlar í skartgripunum

Þaginn sem heimurinn minnst þess að liðinn er aldarfjórðungur frá ótímabæru andláti bítillsins Johns Lennon kom hin nýja yfirstétt á Íslandi með Ólaf Ragnar Grímsson forseta í broddi fylkingar saman á lokuðum sínfóniútónleikum í Háskólabíói til að halda upp á hve það getur verið notalegt að vera ríkur og frægur – og fá að njóta velgengninnar í friði fyrir alþjóðinni. Forsetinn, nýkominn af krýningarhátið Alberts fursta í stórveldinu Mónakó, bauð enskri barónessu á tónleikana og í veisluna sem í kjölfarið fylgdi og lét að auki fljúga hingað með óperusöngvarann Bryn Terfel sem *Morgunblaðið*, fullt aðáunar, sagði að hefði sungið „guðdómlega“ fyrir hina útvöldu. Því miður fékk almenningur ekki að hlusta nema heima í stofu og gat því ekki klappað söngvaranum lof í löfa á staðnum. En vonandi hefur yfirstéttin „látið hringla í skartgripunum“ svo vitnað sé til fleygra ummæla Lennons af svipuðu tilefni.

Ólafur Ragnar Grímsson forseti er fyrimannlegur á velli, með ríka sjálfsvitund og metnað. Hann prýða margir kostir sem geta gert hann að góðum forseta. Hermt er að hann – og ekki síður forsetafrúin Dorrit Moussaieff skartgripahönnuður – veiki athygli hvar sem þau fara utan landsteinanna. Þau eru áberandi í samkvæmislífi frægðarfólks eins og blaðalesendur hafa í *Séð og heyrð*. Ýmsum þótti þó sem forsetinn væri kominn á hálán ís þegar hann fyrir nokkru sendi Margréti Danadrottningu ljósmynd af föður sínum að gjöf. Slíkar gjafir tíðkast að jafnaði einungis meðal aðalsfólks. En á það var að vísu bent að drottningin átti enga slíka mynd svo að gjöfin var áreiðanlega með þökkum þegin.

Það heyrast sums staðar efasemdaraddir um framgöngu forsetahjónanna en þær eru ekki háværar. Engu að síður er það eðlileg og réttmæt spurning hvort hjónin á Bessastöðum séu að stíga eða hafi nú þegar stigið skrefi of langt og hugsanlega skaðað forsetaembættið með áberandi þátttöku sinni og forystu um samkvæmislífi innanlands og utan sem í margra augum einkennist af hreinum hégóma, snobbi og tildri. Ein hlið þess máls er óhóflegur og ört vaxandi kostnaður forsetaembættisins við ferðalög og veislustand, en sú hlið er þó hreint aukaatriði miðað við það tjón sem fylgja mun minnkandi virðingu fyrir embættinu.

Í nýútkominni bók Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings um stjórnarmyndanir á áttunda áratugnum er dregin upp athyglisverð mynd af hugsunarhætti og framgöngu Kristjáns Eldjárns þáverandi forseta Íslands. Hógværð, einlægni og síðferðileg alvara einkenndi allt starf hans í embætti. Samanburður við nútímann með skrumi sínu, skarti og innantómu lofti er íhugunarverður. Ólafi Ragnari Grímssyni verður að vísu ekki einum kennt um hina nýju ásýnd forsetaembættisins. Þjóðin, sem á sínum tíma hafði í hávegum skáld, hugsuði og menntafrömuði, hefur líka breyst. Íslendingar, sem fyrir örfáum áratugum voru bókhneigðir sveitamenn, eru orðnir heimsborgarar. Fylgikvilli þeirra skjótu umskipta er hins vegar rötleysi sem birtist stundum í heldur leiðinlegri og sjálfhverfri yfirborðsmennsku. Þjóðin hefði þurft að hlusta betur á Halldór Laxness sem var sannur heimsborgari. Hann kvað: „Ég ætla að tala við kónginn í Kína / og kannski við páfann í Róm. / Og hvort sem það verður til falls eða frægðar / þá fer ég á íslenskum skóm.“ Sárt yrði að glata forsetaembættinu í hit hégómeikans en sárara er þó ef þjóðin hefur í þökkabót misst tilfinninguna fyrir muninum á því sem er ekta og hinu sem er hjóm eitt.



## Gjafakort Þjóðleikhússins

Pantið gjafakort á netinu [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)

Einfalt, þægilegt, gleðilegt!

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Launaleynd

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og sjö aðrir þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt fram á Alþingi frumvarp sem felur í sér að launaleynd verði bönnuð. Er lagt til að svohljóðandi ákvæði verði bætt inn í lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla: „Launamanni er hvenær sem er heimilt að veita þriðja aðila upplýsingar um laun og önnur starfskjör sín.“ Með þessu eru samningar á milli atvinnurekenda og launþega, sem fela í sér að launþegar megi ekki veita öðrum upplýsingar um laun og hlunnindi, í reynd gerðir að engu. Ákvæði um launaleynd munu vera orðin mjög algeng í ráðningarsamningum á vinnu- markaði og því snertir frumvarpið fjölmennan hóp fólks.

### Í þágu jafnréttis

Flutningsmenn virðast einkum með í huga það sem þeir telja vera skaðleg áhrif launaleyndar á launajafnrétti. Segja þeir að leyndin komi „í veg fyrir að samstarfsmenn á vinnustað geti borið saman kjör sín og þar með verður illmögulegt að komast að því hvort fyrirtæki mismuna starfsmönnum sínum, m.a. á grundvelli kynferðis, og gerast með þeim hætti brotleg við ákvæði jafnréttislaganna.“ „En hjálpar svona lagasetningin einhverjum?“, spyr unga konan, Rúna Malmquist, í pistli á vefritinu Deiglu. „Fólk lítur á launamál sem einkamál og þó að launaleynd verði afnumin þá er ekki þar með sagt að

fólk gefi vinnufélögum upplýsingar um sín launamál. Launa- og starfsmannamál eru mjög viðkvæm mál. Þau eru líka mjög mismunandi. Þ.e.a.s. á meðan einn kys að hækka laun sín í beinhörðum peningum getur annar samið um auknið sumarfrí. Því getur verið erfitt fyrir starfsmenn að bera saman kjör sín og misskilningur orðið.“

### Skoða skattskrána

Niðurstaða Rúnu er þessi: „Ég tel að þessi lagabreyting sé óþörf og fyrirtækjum og einstaklingum eigi að vera heimilt að semja um launaleynd sín á milli. Ef náunganum leikur mikil forvitni á launum mínum þá bendi ég á að árlega í ágústþryggun liggur frammi hjá skattstjóra álagningarskrá með þeim upplýsingum. En það er nú annað mál hvort að það sé réttlætlanlegt?“  
gm@frettabladid.is

## Rauða torgið í Moskvu er autt

### Í DAG

LÝÐRÆÐI Í RÚSSLANDI

JOHN EDWARDS OG JACK KEMP

*Þetta frumkvæði rússnesku ríkisstjórnarinnar varpar ljósi á það að rússneskir ráðamenn eru ekki reiðubúnir að samþykkja þá hugmynd að í borgaralegu samfélagi fara þeir ekki einir með stjórnina.*



Þegar við heimsóttum Moskvu fyrr í vetur sögðu næstum allir þeir sem við töluðum við í borginni að lýðræðið í Rússlandi sé á undanhaldi. Samt sem áður eru að mörgu leyti minni höft á samfélagi og hagkerfi landsins en nokkru sinni fyrr. Heimsókn okkar sannfærði okkur um kraft og möguleika rússneskra félagasamtaka sem ekki heyrta undir ríkisvaldið og svipar til þeirra samtaka sem svo margir Vestur-Evrópubúar og Bandaríkjamenn þekkja af eigin raun. Að slíkum samtökum, sem meðal annarra eru mannréttinda-samtök, náttúruverndarsamtök, stofnanir sem rannsaka stefnu ríkisstjórnarinnar og samtök á sviði heilbrigðisþjónustu, stöðjar nú mikil hætta.

Nýjasta áskorunin á hendur borgaralegu samfélagi í Rússlandi er til komin vegna lagafrumvarps sem stjórnarmálaflökkur Vladímírs Pútín forseta og aðrir flokkar hafa lagt fram í Dúmunni, neðri deild rússneska þingsins. Verði lagafrumvarpið samþykkt felur það í sér að erlendum samtökum sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni verði meinað að vera með skrifstofur í landinu auk þess að koma í veg fyrir að erlendir aðilar veiti fé til rússneskra samtaka sem grunuð eru um að taka þátt í „óskilgreindri“ pólitískri starfsemi. Jafnvel þeir styrkir sem samtökunum leyfist að taka við ef lagafrumvarpið verður samþykkt verða skattlagðir á sama hátt og gróði fyrirtækja er skattlagður eða allt að því 40 prósent. Lagasetningin mun bitna á nánast öllum samtökum í landinu sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.

Dúman hefur samþykkt frumvarpið með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða eða 370 á móti 17. Frumvarpið þarf samþykki meirihlutans tvisvar í viðbót áður en það verður að lögum. Næsta atkvæðagreiðsla verður haldin þann 16. desember.

Ef frumvarpið verður að lögum mun það koma niður á menningarlegri fjölhyggju í Rússlandi sem og samskiptum við önnur lönd. Það mun vera brot á því lofordi sem Pútín hefur gefið mörgum þjóðarleiðtogum á Vesturlöndum um aukin samskipti við önnur lönd. Við samþykkt frumvarpsins

mun einnig koma upp sú undarlega staða að forseti Rússlands verður gestgjafi á G-8 fundinum næsta sumar, þar sem leiðtogar átta stærstu iðnríkja heims koma saman til viðræðna, á sama tíma og ríkjandi lög í landi hans koma í veg fyrir samskipti við alþjóðasamfélagið. Ef þetta gerist gæti andstaðan við G-8 fundinn sem haldinn var síðasta sumar í Gleneagles á Skotlandi ekki verið meiri, en þar leiddu sjálfstæð félagasamtök alls staðar að úr heiminum baráttuna um að heita því að útrýma fátækt í heiminum. Það mun því styrkja rök þeirra sem telja að Rússland hafi ekkert í G-8 að gera til að byrja með.

Rússneskir embættismenn og þingmenn hafa svarað gagnrýni á frumvarpið með þeim orðum að þeir reyni einungis að koma í veg fyrir afskipti erlendra aðila af rússneskum innanríkisráðum. Þrátt fyrir að þetta svar beri með sér óþægilegan samhlóm við ríkjandi viðhorf í Sovetíkjunum sálugu hefur rússneska ríkisstjórnin lögmatan hag af því að vernda stjórnskipunina í landinu. Þegar upp er staðið er takmark allra þjóða hið sama en aðrar þjóðir ná þessu takmarki sínu án þess ganga á grundvallarréttindi manna eða koma í veg fyrir samskipti landanna við umheiminn.

Í raun er tilgangurinn með umræddu lagafrumvarpi miklu víðtækari. Háttsettir rússneskir embættismenn hafa lýst sjálfstæðum samtökum sem „fimmta valdinu“ í rússnesku samfélagi og jafnvel sem yfirvarpi fyrir erlendar njósnaþjónustur. Ef frumvarpið verður að lögum mun ríkisstjórnin hafa vald til þess að loka skrifstofum samtaka sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni vegna þess eins að þeim finnst starfsemi og sjónarmið þeirra vera óþægileg.

Þetta frumkvæði rússnesku ríkisstjórnarinnar varpar ljósi á það að rússneskir ráðamenn eru ekki reiðubúnir að samþykkja þá hugmynd að í borgaralegu samfélagi fara þeir ekki einir með stjórnina. Fyrir Evrópubúa og Bandaríkjamenn er þetta grundvallarlögmál; það er ekki hægt að vera nútímalegt ríki án þess. Þeir

sem styðja aukin samskipti við Rússland og trúa því að í landinu sé hægt að koma upp nútímalegum pólitískum, efnahagslegum og félagslegum stofnunum þurfa að senda frá sér ótvíræð skilaboð: slík lagasetning gerir þessi markmið fjarlægari. Bush forseti talaði víst um þetta atriði við Pútín er hann fundaði með honum í Suður-Kóreu í síðasta mánuði, og við ætlumst til að hann og ríkisstjórn hans haldi því áfram.

En Pútín ætti ekki aðeins að fá að vita sjónarmið leiðtoga Bandaríkjanna. Stjórnarmálaleiðtogar í Evrópu, bæði þeir sem eru í ríkisstjórnnum og utan þeirra, hafa jafn mikilla hagsmuna að gæta í þessu máli og Bandaríkjamenn. Evrópsk samtök hafa byggt upp virk og árangursrík samskipti við sjálfstæð samtök í Rússlandi. Í raun má segja að sambönd margra Evrópubanda við Rússland væru ekki eðlileg ef slík samskipti væru ekki til staðar.

Pútín hefur sagt að hann muni íhuga breytingar á lagafrumvarpinu vegna þess að frumvarpið „megi ekki koma niður á borgaralegu samfélagi Rússlands“. En það sem er að lagafrumvarpinu er ekki að einstök ákvæði þess séu óæskileg. Hið raunverulega vandamál er tilgangurinn með frumvarpinu, og það er vandamál sem ekki mun finnast lausn á.

Rússland stendur frammi fyrir vali á milli þess að ganga til liðs við meirihluta landanna í hinum nútímalega heimi eða loka sig af í hringið afturhaldsemi og einangrunar. Fyrir þá Evrópumenn og þá Bandaríkjamenn sem vilja að Rússland gangi til liðs við löndin sem tilheyra hinum nútímalega heimi, og sem hafa trú á því að fyrir því séu margar ástæður, er lagafrumvarpið sem bíður nú samþykkis í Dúmunni alvarleg viðvörðun um hvorn valmöguleikann ríkisstjórn landsins hefur ákveðið að taka. Réttu ráðið handa Pútín er augljóslega að láta lagafrumvarpið ofan í skuffu og hefjast handa við að semja nýtt.

*Höfundar eru stjórnarformenn í starfshópi um stefnu Bandaríkja-stjórnar í garð Rússlands.*

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson ABSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSIMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINGSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili í höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íslen 1670-3871



Framkvæmdastjórar, eru fyrirtæki ykkar tilbúin?

## Ábyrg umbúðanotkun - úrvinnsla

Innflytjendur, útflytjendur og framleiðendur:  
Um áramótin hefst innheimta úrvinnslugjalds af umbúðum  
úr pappír, pappa og plasti.

Álagning úrvinnslugjalds er í samræmi við mengunarbótaregluna, þ.e. að sá sem mengar ber kostnaðinn. Með því að minnka magn umbúða utan um vörur er hægt að lágmarka úrvinnslugjald. Frá áramótum verður því fjárhagslega hagkvæmt fyrir fyrirtæki að draga úr umbúðanotkun, koma umbúðum til endurvinnslu eða endurnýta þær.

Helstu breytingar:

- **Innflytjendur** gefi upp í tollskýrslu magn flutnings- og söluumbúða utan um vörur sem fluttar eru til landsins. Ef magnið er ekki þekkt er hægt að styðjast við reiknireglu.
- Innlendir **framleiðendur** umbúða taki fram á reikningum magn seldra umbúða og hvort þær eru ætlaðar til notkunar innanlands eða til útflutnings.
- Ef umbúðir eru nýttar utan um vörur til **útflutnings** er hægt að sækja um undanþágu frá álagningu úrvinnslugjalds til Tollstjóra.

Nánari upplýsingar um úrvinnslugjald má finna á vefsíðu Úrvinnslusjóðs  
[www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is)



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Suðurlandsbraut 24 · 108 Reykjavík · Sími 517 4700 · [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is) · [urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is](mailto:urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is)

## UMMÆLI VIKUNNAR

„(Magnús) hóf síðan að deila úr djúpum viskubrunni sínum rétt eins og Messías þorskræðanna. Staðreyndin er sú að við vitum afskaplega lítið um þessi mál.“

Hjálmar Árnason, framsóknarflokkur, um Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum, í umræðum á Alþingi um ástand þorsstofnsins síðastliðinn fimmtudag.

„Það er nú svo að háttvirtur þingmaður Hjálmar Árnason verður seint sakaður um það að vera hjartasta ljósaperan í annars frekar fátæklegri jólaseríu Framsóknarflokksins þegar þingmenn eru annars vegar.“

Magnús Þór Hafsteinsson í sömu umræðum á Alþingi.

# stjórnsmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

## Úr bakherberginu...

### Engin afsökun

Ýmsir hafa furðað sig á hörðum viðbrögðum Árna Magnússonar félagsmálaráðherra við dómi Hæstaréttar í máli Valgerðar Bjarnadóttur fyrirverandi jafnréttisstýru gegn íslenska ríkinu. Steingrímur J. Sigfússon formaður Vinstri grænna tók málið upp á Alþingi síðastliðin föstudagskvöld, skömmu fyrir jólahlé þingsins. Steingrímur sagði að dómurinn hlyti að teljast mikið áfall fyrir ráðherrann og spurði Árna hvort hann hygðis segja af sér. Undir þetta tók Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingunni, og Guðjón A. Kristjánsson, Frjálslynda flokknum, ráðlagði Árna að fara með blómakörfu til Valgerðar og biðjast afsökunar. Árni sagði að afsögn kæmi ekki til greina og taldi kröfuna fráleita.

### Varnaðarorð flokksbróður

Hér má vekja athygli á að Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur áður skorað

á flokksbróður sinn félagsmálaráðherra að ná samningum við Valgerði, sem nú hafa verið dæmdar bætur frá ríkinu.

Á þessu ári eru 90 ár síðan konur fengu kosningarétt á Íslandi og 30 ár frá kvennafriðeginum. Kristinn minntist þessa í pistli 19. júní síðastliðinn og sagði meðal annars:

„Jafnréttisstýran fyrirverandi hrökklaðist úr starfi að ósekju. Ég skora á félagsmálaráðherra að ná samningum við Valgerði Bjarnadóttur um málalýktir, annað hvort með starfslokasamningi eða ráða hana til starfa um einhvern tíma að verkefnum á þessu sviði. Málalýktir hafa orðið með ýmsum hætti þegar strákarnir eiga í hlut, samanber starfslok fyrirverandi forstjóra Byggingastofnunar. Og Framsóknarflokkurinn verður að sýna að ekki er gerður munur á kynjum við sambærilegar aðstæður.“

Í sama pistli hafði Kristinn nokkur orð um að vikið hefði verið frá stefnu Framsóknarflokksins þegar konum fækkaði í ráðherraþópi hans á síðastliðnu ári.

### Ummæli á Alþingi

Ummæli Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um jólaseríur og framsóknarmenn í umræðum um ástand þorsstofnsins í nýliðinni viku leiddu huga Steingríms. J. Sigfússonar, formanns Vinstri grænna, að vísu sem eitt sinn var ort norður í landi þegar Jón Sól-nes klauf sig frá Sjálfstæðisflokknum og höfðaði nær einvörðungu til Akureyringa um stuðning við sig. Menn töluðu um tvo arma Sjálfstæðisflokksins og til varð eftirfarandi vísu:

Sólnes þannig sagði frá sjálfur nú í vikunni ég er betri armur á íhaldsljósastikunni.

### VIKA Í PÓLÍTÍK

JÓHANN HAUSSON

## Góð en hljóðlát þingmál



Alþingi lauk störfum síðastliðin föstudagskvöld eftir heldur stranga viku og langa þingfundir. Frumvarp þingmanna allra flokka um breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt lætur lítið yfir sér en það var afgreitt sem lög frá Alþingi fyrir helgi. Í huga margra þingmanna er þetta eitt mikilsverðasta afrek þingsins. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sagði að lagabreytingin væri mikið sanngirnismál og réttarbót.

Í stuttu máli fela lagabreytingarnar í sér afnám ákvæða um lágmarkssektir vegna vanskila á virðisaukaskatti en þær námu tvöfaldrí vangoldinni skattfjárhæð. Mörg dæmi eru þess að einstaklingar hafi sætt afarkostum í þessu efni þrátt fyrir eindregna viðleitni til þess að standa skil á vörslufé. Dómarar hafa þannig neyðst til þess að dæma mann, sem skilað hefur 15 af 20 milljóna króna vanskilaskuld, í 40 milljóna króna fjársekt.

Með lagabreytingunum fyrir helgina er dómurum fært valdið til þess að meta hæfilega refsingu og taka meðal annars mið af málsbótum.

Ástæður vanskila geta verið af ýmsum toga. Markaðir bregðast, samkeppni kollsiglir rekstri og vankunnáttu eða veikindi geta orsakað greiðsluþurrð.

Fyrir helgina vofði yfir þessum einstaklingum sekt að lágmarki tvöföld skattfjárhæðin sem varla getur falið í sér hvatningu fyrir viðkomandi til þess að glíma við aðsteðjandi rekstrarvanda.

Í greinargerð með frumvarpinu stendur einmitt að það hljóti að vera allra hagur, jafnt innheimtuáðila sem gjaldendur að löggjöfin feli í sér hvatningu til þess að upplýsa um stöðu mála og gera upp skuldir.

## Jarðgöng í báðar áttir

Forsætisráðherra telur einsýnt að ráðast verði í jarðgangagerð á næstu misserum til þess að bæta samgöngur milli höfuðborgarinnar og Keflavíkurflugvallar. Hann telur að gjaldtaka geti orðið hófleg með einkaframkvæmd.

Allmiklar umræður urðu á Alþingi síðastliðinn fimmtudag um gerð Sundabrautar. Málið var rætt í tengslum við frumvarp um ráðstöfun söluandvirðis Símans, sem varð að lögum á föstudag.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði í umræðunum að í greinargerð kæmi fram að framkvæmdin gæti kostað á bilinu 7,5 til 14,5 milljarða króna. „Það stendur hvergi í frumvarpinu að þessi leið sé skilyrt, það kemur hvergi fram í frumvarpinu. Ákveðin aðilar hafa hins vegar kosið að túlka það þannig, af hverju veit ég ekki, að það væri skilyrt í þessu frumvarpi að sú leið yrði nánast farin óbreytt.“



SUNDABRAUT - INNRI LEIÐ

Það kemur ekki fram. Nú fara fram athugasemdir á því hvort ekki sé nauðsynlegt að gera einhverjar lagfæringar á þessari tillögu,” sagði Halldór.

Þessari yfirlýsingu fögnuðu þingmenn, þeirra á meðal Helgi Hjörvar, Óssur Skarphéðinsson og Guðlaugur Þór Þórðarson, sem þátt tóku í umræðunum.

### Hófleg gjaldtaka

Halldór sagði að margir hefðu látið sér vaxa í augum að ljúka kostnaðarsömum umferðarmannvirkjum með einkaframkvæmd. „Nú liggur fyrir að áætlað er að framhald Sundabrautar kosti um 8 milljarða. Þar að auki liggur fyrir að það er nauðsynlegt að tvöfalda Hvalfjarðargönginn innan ekki allt of langs tíma og bæta þar um. Það sem stendur eftir af skuldum vegna Hvalfjarðarganganna er einhvers staðar á bilinu 4,4,5 milljarðar og ef við leggjum allar þessar tölur saman, þ.e. Sundabrautina frá Grafarvogshverfinu og upp á Kjalarnes, tvöföldun Hvalfjarðarganga og þær skuldir sem þarna standa eftir, er fjárhæðin u.þ.b. 15 milljarðar. Þá fjárhæð er hægt að endurgreiða með sömu gjaldtöku og er í Hvalfjarðargöngunum í dag á um það bil 30 árum. Það er vel hægt að

standa undir þessum framkvæmdum með sömu gjaldtöku og er í dag með 30 ára endurgreiðslutíma.

Það má líka hugsa sér að umferðin verði jafnvel meiri. Ef hún eykst samkvæmt áætlun um svo sem eins og 500 bíla á dag er hægt að greiða þetta niður á 25 árum. Þá er hægt að endurgreiða þessar framkvæmdir með lægri gjaldtöku á lengri tíma,” sagði Halldór.

### Bessastaðagöng

Halldór taldi að til greina kæmi að ríkið greiddi svokallað skuggagjald þar sem yrði ráð fyrir að ríkið greiddi fyrir afnot af slíku mannvirki. „Þetta er allt til athugunar... Það er alveg ljóst í mínum huga að það er hægt að fara í allar þessar framkvæmdir og ljúka þeim á þeim tíma sem kemur fram í frumvarpinu með hóflegri gjaldtöku.“

Halldór vék loks að því að innan skamms yrði að ráðast í miklar og dýrar framkvæmdir til þess að bæta samgöngur milli höfuðborgarinnar og Keflavíkurflugvallar. Þar er átt við jarðgöng milli Reykjavíkur og Álftaness og áfram suður á bóginn.

„Í mínum huga liggur það fyrir að það þarf að fara í jarðgangagerð á næstu misserum til þess að bæta aðgengið að höfuðborginni og að Keflavíkurflugvelli. Mér finnst sjálfsagt að það verði einkaframkvæmd og geri þá ráð fyrir því að það muni ekki útiloka veggjöld.“

johannh@frettabladid.is

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON, „Í mínum huga liggur það fyrir að það þarf að fara í jarðgangagerð á næstu misserum til þess að bæta aðgengið að höfuðborginni.“

## Ný íslensk barnabók

eftir Eyrúnu Ingaóttur fyrir 6–12 ára krakka


Ríkey og félagar hennar reisa heilt þorp og halda hátíð með tónlist og trúðum, skripafötum og skróðgöngu, leynigesti og ókeypís ís handa öllum. Ekki spillir það ævintýrum sumarsins að eiga góða vini í hópi fullorðinna, eins og hann Sóla á Strönd sem býr á hálfgerðu þjóðminjasafni og skýrir hænurnar sínar í höfuðið á ríkisstjórninni.

„Átta ára lesandi gaf Ríkeyju umsögnina „Mjög skemmtileg!“ - hvað er hægt að biðja um meira?“

Ragna Sigurðardóttir / MORGUNBLAÐIÐ



ÖNNUR PRENTUN VENTANLEG



Nýtt!

VISALán er ný og hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

- + Staðgreiðsluverð
- + Lægri vextir
- + Lægri kostnaður
- + Til allt að 36 mánaða
- + Framlengdur ábyrgðartími
- + Flutningstrygging
- + Vildarpunktur

Nánari upplýsingar á [www.visa.is/visalan](http://www.visa.is/visalan) eða í síma 525 2000

Spurðu um

VISALán  
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

# 15.000 kr.

afsláttur á mann til Kanarí til kl. 15 á mánudag

8. febrúar 2 eða 4 vikur

22. febrúar 2 eða 3 vikur

**Fyrstir koma  
- fyrstir fá!**

**Ótrúlegt  
verð!**

Bókaðu á nýju  
heimasíðunni okkar,  
[www.apollo.is](http://www.apollo.is)

Viðtökur við Jólabónusi okkar voru ótrúlegar! Fjöldi tilboðssæta seldist upp á sólarhring. Við höldum áfram að deila út jólaglaðningi og bjóðum nú glæsilegt tilboð í ferðum okkar 8. og 22. febrúar.

**Gríptu tækifærið!**



8. febrúar: 2 eða 4 vikur  
22. febrúar: 2 eða 3 vikur

**15.000 kr.** afsláttur á mann til kl. 15 á mánudag eða á meðan tilboðssæti endast

**10.000 kr.** afsláttur á mann til kl. 15 á þriðjudag eða á meðan tilboðssæti endast

**5.000 kr** afsláttur á mann til kl. 15 á miðvikudag eða á meðan tilboðssæti endast

**Börn 2ja-17 ára** með 2 fullorðnum í sömu vistarveru **greiða aðeins frá:**

**Green Sea ★★★★★ + og Aguete Parque ★★ + 15.000 kr.**

**Cordial Green Golf ★★★★★ + 20.000 kr.**

**Barcelo Margaritas & Suites ★★★★★ (íbúðir) 25.000 kr.**

**Upplýsingar um gistingu er að finna á heimasíðu okkar, [www.apollo.is](http://www.apollo.is)**

**Innifalið:** Flug og flugvallarskattar, ferðir til og frá flugvelli erlendis, gistingu í samræmi við bókun og íslensk fararstjórn. Athugið að forfallatrygging er ekki innifalin í verði en hún bætist sjálfvirk við verð nema hún sé afþökkuð í bókunarferlinu (undir Valkvæð þjónusta).

**Bókun:** Ódýrast og fljótlegast er að bóka á netinu, [www.apollo.is](http://www.apollo.is), en einnig má bóka á söluskrifstofunni frá kl. 10 á mánudagsmorgun gegn 2.500 kr. bókunargjaldi á mann og að því gefnu að tilboðssætin seljist ekki upp á netinu fyrir þann tíma.

Greiða skal upp ferðakostnað í síðasta lagi föstudaginn 16. desember. Um ferðirnar gilda ferðaskilmálar okkar sem liggja frammi á heimasíðunni, [www.apollo.is](http://www.apollo.is).

**LANGferðir**

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur  
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309  
Netfang: [langferdir@langferdir.is](mailto:langferdir@langferdir.is)  
Heimasíða: [www.apollo.is](http://www.apollo.is)  
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00



**apollo**



[www.apollo.is](http://www.apollo.is) • 5 100 300

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Vilja öflugt net tvísköttunarsamninga

Tvísköttunarsamningar eru ein af meginforsendum þess að viðskipti milli landa verði arðbær segir í nýrri skýrslu Viðskiptaráðs Íslands. Nú séu 23 slíkir samningar í gildi við Ísland og þeim þurfi að fjölga.

Halldór Benjamín Þorbergsson, starfandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, segir tvísköttunarsamninga hafa mikið vægi fyrir íslenskt efnahagslíf. Nú séu einungis 23 tvísköttunarsamningar við Ísland í gildi en til samanturðar séu þeir 91 í Danmörku.

Fjölgun slíkra samninga myndi liðka fyrir fjárfestingum erlendra aðila hér á landi sem og innlendra í útlöndum. Því leggi Viðskiptaráð á það áherslu að ráðist sé í gerð fleiri slíkra samninga.

Halldór segir að gildir tvísköttunarsamningar séu ein af

meginforsendum þess að viðskipti milli landa verði arðbær og fyrirtæki staðsetji höfuðstöðvar sínar eða dótturfélög á Íslandi. Mikilvægi þess að ríki hafi yfir að ráða öflugu neti tvísköttunarsamninga verði því seint ofmetið.



Gerð tvísköttunarsamninga við önnur lönd eykur arðsemi viðskipta milli landa segja þeir Halldór Benjamín Þorbergsson og Jón Elvar Guðmundsson.

Jón Elvar Guðmundsson, héraðsáðmslögmaður og sérfræðingur í alþjóðlegum skattarétti, hefur unnið skýrslu fyrir Viðskiptaráð Íslands um tvísköttun.

Í skýrslunni er lagt til að ef tvísköttunarsamningar eru ekki í gildi milli landa er hægt að fara út í einhliða aðgerðir til að koma í veg fyrir tvísköttun einstaklinga og fyrirtækja. Halldór segir Viðskiptaráð meðal annars vilja taka til endurskoðunar hvernig komið verði í veg fyrir tvísköttun arðstekna.

Mælt er með að svokallaðri undanþáguaðferð verði beitt sem aðalaðferð af íslenskum skattayfirlöndum við að aflétta tvísköttun. Vegna smáðar landsins geti verið raunhæf vandamál því tengd að fá önnur ríki til samningaviðræðna. Sökum þessa leggi Viðskiptaráð til að athugaðir verði möguleikar á að óska eftir viðræðum og fara



LÖNDIN SEM ERU LITUÐ DÖKKBLÁ HAFU GERT TVÍSKÖTTUNARSAMNING VIÐ ÍSLAND.



LÖNDIN SEM ERU LITUÐ DÖKKBLÁ HAFU GERT TVÍSKÖTTUNARSAMNING VIÐ DANMÖRK.

### TVÍSKÖTTUNARSAMNINGAR ERU HANNAÐIR TIL ÞESS AÐ KOMA Í VEG FYRIR AÐ TEKJUR EINS AÐILA VERÐI SKATTLAGÐAR OFTAR EN EINU SINNI.

Í STUTTU MÁLI LÝSIR VANDINN SÉR ÞANNIG AÐ ÍSLENSKUM AÐILUM BER ALMENNT SÉÐ AÐ GREIÐA SKATT AF ÖLLUM TEKJUM ÓHÁÐ HVAR PEIRRA ER AFLAÐ. Í ÖÐRUM RÍKJUM GILDA ALMENNT ÞÆR REGLUR AÐ ÍSLENSKIR AÐILAR GREIÐA SKATTA AF TEKJUM SEM ÞEIR AFLA Í VIÐKOMANDI LANDI. ÞETTA FYRIRKOMULAG LEIÐIR TIL ÞESS AÐ GREIÐA ÞARF TVÍSVAR SKATT AF SÖMU TEKJUM. RÍKIN GETA GERT MEÐ SÉR TVÍSKÖTTUNARSAMNING EÐA SETT EINHLIÐA REGLUR Í SKATTALÖG SEM KOMA Í VEG FYRIR ÞETTA.

út í þær í samfloti við önnur ríki, til dæmis Norðurlöndin.

Undanþáguaðferðin byggir á þeirri hugmyndafræði að fyrirtæki sem fjárfestir njóti jafnræðis við aðra sem fjárfesta á viðkomandi markaði, það er hlutleysi að því er varðar erlendar fjárfestingar. Samkvæmt hugmyndafræðinni má því segja að kjósi fyrirtæki að fjárfesta erlendis þá sé hagnaðurinn skattlagður eins og hagnaður annarra fyrirtækja í viðkomandi landi. Þannig er samkeppnisstaða á erlendum mörkuðum tryggð að því er varðar skatta.

Halldór segir að við gerð þessara samninga sé best að leggja áherslu á þau ríki sem Íslendingar eigi þegar viðskipti við, eins og Japan. Í kjölfarið sé eðlilegt að leggja áherslu á þau lönd sem fyrirsjáanlegt sé að íslensk fyrirtæki muni eiga viðskipti við í framtíðinni.

## VINNINGSPAKKINN

250.000 KALL Í JÓLAGJÖF!

NÝR X-TRAIL MEÐ TVÖ HUNDRUÐ OG FIMMTÍU ÞÚSUND KRÓNA JÓLAGJÖF Í KAUPBÆTI. SÍÐUSTU FORVÖÐ, AÐEINS ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR!



### JÓLA-NISSAN X-TRAIL

SÍÐUSTU FORVÖÐ!  
ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR!

Verð aðeins 2.690.000 kr.

Vetrardekk og dráttarbeisli fylgja með.



SKIPT\_UM væntingar

FILEST/STIA

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Einföldustu gjafirnar eru alltaf bestar

Vodafone Simply

Hafðu það einfalt um jólin



Vodafone Simply  
Sagem VS1  
9.900 kr.



Vodafone Simply  
Sagem VS2  
9.900 kr.



Vodafone Simply  
Sagem VS3  
13.900 kr.

\* 14 daga skilaréttur.  
Skilaðu símanum ef þú skilur hann ekki!


Vodafone Simply er eingöngu hægt að nota með simkortu frá Og Vodafone. Komdu í næstu Og Vodafone verslun, smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) eða hringdu í 1414 og fáu nánari upplýsingar.



Heyrumst!

# Ekki missa af endurgreiðslu!

Með því að skrá fjölskylduna fyrir áramót gætirðu tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs!



Fjölskyldan

Fjölskyldan hjá SPRON er sérstök þjónustuleið ætluð fjölskyldum af öllum stærðum og gerðum, jafnt sem einstaklingum.

Fjölskylduþjónustan er án endurgjalds og stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar sem heildar, bæði í formi endurgreiðslu og fríðinda. Þeir sem eru skráðir í fjölskylduþjónustu SPRON geta bætt kjör sín enn frekar.

## Ávinningur fjölskyldunnar getur orðið umtalsverður:

- 50% endurgreiðsla af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar.
- Endurgreiðsla á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðalána, yfirdráttar eða víxla til skilvísra viðskiptavina.
- 5% endurgreiðsla á öllum tryggingaiðgjöldum árlega hjá Verði Íslands-tryggingu. Komi til tjóns skerðir það ekki endurgreiðslufríðindin.\*
- Fyrir 80.000 króna sjálfsábyrgð á kaskótryggingu bifreiða hjá Verði Íslandstryggingu, þarf aðeins að greiða 45.000 krónur komi til tjóns.
- Tómstundastyrkir, vegleg gjöf við skráningu og fleira.

\* M.v. að iðgjöld váttryggingartaka séu í skilum.

 **spron**  
– fyrir allt sem þú ert

# Hver ann



## „Magnaður seiður“

„**Raunverulegt listaverk** ... Guðrún Eva tekst á við flókið og erfitt söguefni með **meistaralegum hætti** ... Yosoy er sögð af mikilli list, skáldskaparlist.“  
*Gauti Kristmannsson, RUV*

„**Magnaður seiður** ... lesturinn svo fallegur, lipur og vel skrifaður að **lesturinn verður tær nautn.**“  
*Dóráinn Þórarinnsson, Fbl.*

„**Yosoy er metnaðarfullt verk.**“ *Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.*

„**Verulega vel skrifuð.**“ *Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós*

Guðrún Eva Mínervudóttir



„Blóðberg er **hörkuglæpasaga** þar sem blandað er saman morðrannsókn, samfélagskönnun og húnur í hárréttum hlutföllum.“  
*Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljósið*


„Ákaflega snjöll hugmynd sem er unnið vel úr ... **fimlega unnin fléttan** gerir það að verkum að síðurnar rjúka hjá.“  
*Gunnþórunn Guðmundsdóttir, bokmenntir.is*

„Ekki hægt annað en að **mæla eindregið með bókinni.**“  
★★★★ *Jakob Bjarnar Grétarsson, DV*

„Ævar er orðinn **einn af aðalsakamálasöguhöfundum landsins**, ef ekki sá besti.“  
*Dóráinn Þórarinnsson, Fbl.*



Ævar Örn Jósefsson



1. prentun á þrotum

2. prentun væntanleg



„**Æsispennandi** glæpasaga sem gefur lesandanum færi á að taka þátt í að leysa flókna morðgátu“  
*Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós*

„Góð glæpasaga ... þessi lesandi herna var **eldfljótur að gleypa í sig Aftureldingu** og naut lestursins í hvívetna.“  
*Ingvi Þór Kormáksson, bokmenntir.is*

„Viktor **grípur lesandann traustataki**, tekur á rás og gerir sig ekki líklegan til að sleppa.“  
*Bergsteinn Sigurðsson, Fbl.*

**FRÁ HÖFUNDI FLATEYJARGÁTU!**  
Viktor Arnar Ingólfsson



## Forboðnar ástir og mikil örlög

Naaja elst upp í inúítaþorpi á Grænlandi á 15. öld. Eftir örlagaríka atburði hreksst hún burt, brennimerkt sem norn, og þarf að takast á við grimmasta mótlæti og lifa af. Spennandi og áhrifarík skáldsaga um það sem gerist þegar örlög einstaklinga rekast á veggj fordóma og hefða.

„... **ástarsaga og hetjusaga** ... vel skrifuð ... umfram allt er bók þessi ágæt **sagnaskemmtun.**“

*Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.*



Vilborg Davíðsdóttir



# Arri betri

„Erlendur klikkar ekki ... Arnaldur Indriðason sækir í sig veðrið með hverri bók.“

Dórarinn Dórarinsson, Fbl.

„Fléttan er þétt og vandlega unnin og heldur lesandanum vel við efnið ... Arnaldur sýnir hér mikla hæfni í sköpun andrúmslofts og stemningar og minnir Vetrarborgin að því leyti á Mýrina og Grafarþögn.“

Gunnþórunn Guðmundsdóttir, bokmenntir.is



Martin Beck verðlaunin 2005

Tilnefndur til IMPAC verðlaunanna 2005

1. sæti  
Allar bækur  
MBL  
29. nóv. – 5. des.

1. sæti  
Allar bækur  
Penninn Eymundsson og Bokabútur MM  
30. nóv. – 6. des.

1. prentun uppseld

2. prentun komin í verslanir

THE CWA Gold Dagger



„Meistaralega vel sögð.“

★★★★★ Páll Baldvin Baldvinsson, DV

„Rokland er að minni hyggju sterkasta bók Hallgríms ...skrifuð af smitandi krafti og mælsku ... útkoman er ótrúlegur texti.“ Halldór Guðmundsson, Fbl.

„Í Roklandi kraumar frásagnargleði og hómor.“  
Steinnunn Inga Óttarsdóttir, Mbl.

„Rokland er mikil skáldsaga.“  
Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós



1. prentun á brotum

2. prentun væntanleg

3. sæti  
Skáldverk  
Penninn Eymundsson og Bokabútur MM  
30. nóv. – 6. des.

3. sæti  
Skáldverk  
Mbl.  
29. nóv. – 5. des.

„Frábærlega falleg bók, áhrifarík og býður lesanda upp á háskalega og heillandi tilfinningalega rússibanaferð ... Sparibók sem veitir lesandanum ósvikna ánægju, jafnt í rigningu sem sólskini.“

Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is

„Bók Steinunnar hittir beint í hjartastað ... Það er í henni einhver innri ljómi.“  
Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.

„Sólskinshestur í myrkrinu ... tekur í hjartað.“

★★★★★ Sigríður Albertsdóttir, DV

2. sæti  
Skáldverk  
Penninn Eymundsson og Bokabútur MM  
30. nóv. – 6. des.

4. sæti  
Skáldverk  
Mbl.  
29. nóv. – 5. des.



1. prentun uppseld

2. prentun komin í verslanir




Isabel Allende skrifar um Zorró

„Full af hómor og sagan svo kröftug að hún sveiflast í ljósakrónunum ... stór og mikil saga sögð á fullkomin hátt. Isabel Allende tekst að blása nýju lífi í þessa fornu sögupersónu.“

Miami Herald

„Höfundur og viðfangsefnið passa fullkomlega saman.“


Chicago Sun - Times



ALEXANDER SOLZHENITSYN  
(1918-) FÆDDIST PENNAN DAG.

Ofbeldi er aðeins hægt  
að leyna með lygi og  
lyginni er aðeins hægt að  
viðhalda með ofbeldi.

Alexander Solzhenitsyn er  
rússneskur rithöfundur og hlaut  
bókmenntaverðlaun Nóbels árið  
1970. Hann var gerður útlægur frá  
Sovétríkjunum árið 1974.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## FÆDDUST PENNAN DAG



1803 Hector Berlioz  
tónskáld

1856 Georgi Plechanov,  
rússneskur rithöfundur



1882 Max Born þýskur  
eðlisfræðingur og Nóbels-  
verðlaunahafi.

Tilkynningar um merkis-  
atburði, stórafmæli,  
andlát og jarðarfari í  
smáletursdálkinn hér að  
ofan má senda á netfangið  
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á  
auglýsingar@frettabladid.  
is eða hringja í síma  
550 5000.

## AFMÆLI




GUÐRÚN BJARNA-  
DÓTTIR fegurðar-  
drottning er 63 ára.



AUÐUR HARALDS  
rithöfundur er 58 ára.



HJÖRLEIFUR SVEIN-  
BJÖRNSSON, þýðandi  
á Stöð 2, er 56 ára.



ANDRÉS SIGMUNDS-  
SON bæjarfulltrúi er  
56 ára.



GUÐMUNDUR  
JÓNSSON arkitekt er  
52 ára.



ELÍN HANSDÓTTIR  
leikkona er 25 ára.

## PETTA GERÐIST > 11. DESEMBER 1975

### Lloydsman siglir á Þór

Á þessum degi árið 1975 sigldi breski dráttarbáturinn Lloydsman tvívegis á varðskipið Þór í mynni Seyðisfjarðar, innan við tvær sjómílar frá landi. Þetta voru alvarlegustu átökin í landhelgisgæsludeilunni.

Þór var á leið út Seyðisfjörð þegar hann rakst á þrjú dráttarbáta rétt við mynni fjarðarinn. Virtust sem skipin biðu komu Þórs. Tvö þeirra sigldu út úr firðinum og Þór í humátt á eftir. Annað skipið beygði skyndilega og sigldi á bakborðshlið Þórs. Lloydsman sem hafði haldið kyrru fyrir kom þá öslandi og sigldi á fullri ferð á sömu hlið Þórs. Skipherra varðskipsins lét skjóta púðurskotum að Lloydsman sem lét sér ekki segjast og sigldi aftur á Þór. Dráttarbátarnir höfðu þegar skotið var á þá föstu skoti en Þór leitaði vars í Loðmundarfirði vegna skemmda.

Íslendingar kærðu Breta fyrir Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir athæfið.



## MERKISATBURÐIR

- 1936 Játvarður VIII konungur Englands afsalar sér konungstigninni til að geta kvænt hinni bandarísku Wallis Warfield Simpson.
- 1941 Þjóðverjar og Ítalir lýsa yfir stríði á hendur Bandaríkjunum.
- 1946 UNICEF, Barnahjálp sameinuðu þjóðanna, er stofnuð.
- 1990 Ivana Trump skilur við eiginmann sinn, auðjofurinn Donald Trump.
- 1993 Hapdrættisvélar Hapdrættis Háskóla Íslands, Gullnámán, eru gangsettar á 26 stöðum á landinu.
- 1994 Jeltsín Rússlandsforseti fyrirskipar innrás í Tsjetsjeníu.

## FRÍÐA Á. SIGURDARDÓTTIR RITHÖFUNDUR: ER 65 ÁRA

# Áherslan á ánægjuna

„Þetta verður mjög óformlegt með börnum, barnabörnum, góðum vinum og ættingjum,“ segir Fríða Á. Sigurdardóttir rithöfundur sem ætlar að njóta 65 ára afmælisdagsins með sínum nánustu.

„Satt að segja geri ég ekki mikið úr afmælisdögum hjá mér. Ég er ekki sérlega heilsugóð manneskja og legg aðaláhersluna á ánægjuna, að hafa það gott og allir njóti sín,“ segir Fríða sem segist þó hafa gaman af að skemmta sér í góðum félagskap og hefði að öllum líkindum slegið upp balli ef hún væri við fulla heilsu.

Fríða segir það ekki hafa truflað sig sem barn að eiga afmæli svo nálægt jólum. „Ég hef alltaf fengið þvítík ar afburðargjafir í afmælisgjöf frá því ég man eftir mér. Ég held að ég sé heppin að því leyttinu til að fólk smitast af jólagjafaðinu,“ segir Fríða hlæjandi en hún hefur stundum velt fyrir sér að þetta ætti að vera öfugt þar sem fólk væri að spara fyrir jólin.

Fríða hefur sent frá sér skáldsögur og smásagnasöfn í gegnum tíðina. Þekktust er líklega skáldsagan Meðan nóttin lifur sem hlaut bæði Íslensku bókmenntaverðlaunin, Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og Bókmenntaverðlaun DV.

Fríða er að klára nýja skáldsögu sem hún hefur haft í smíðum í nokkurn tíma. Bókin átti að koma út á þessu ári en á því verður einhver bið. „Ég á handavinnuna eftir,“ segir Fríða sem finnst óþægilegt að tala um eigin verk, segir þó skáldsöguna sem hún er að



MARKAÐURINN ER ALLSRÁÐANDI Fríða finnst skemmtilegt að skrifa bækur en leiðinlegt að standa í útgáfu. Hún hefur nylókið við nýja skáldsögu sem vonandi kemur út í byrjun næsta árs.

ljúka við nokkuð flókna en orðlengir það ekki frekar. „Mér þykir gaman að skrifa verkin en svo vil ég helst ekki tala um þau,“ segir hún

kímin og bætir við að henni þyki hundleiðinlegt að standa í útgáfu. „Það er stressandi,

markaðurinn er allsráðandi og mér finnst skáldskapurinn hafa hörfað,“ segir hún alvörufegin.

Fríða segist lesa allt sem hún kemst yfir. Í augnablikinu er á náttborðinu hennar ljóðabókin Eitt vor enn eftir

Gylfa Gröndal. „Hún er alveg yndisleg,“ segir Fríða og bíður með eftirvæntingu að fá að gjöf bókina Líf af lífi eftir Guðmund Eggertsson og aldrei að vita nema einhver laumi henni í afmælis-eða jólapakkann hjá henni.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Guðjónsson**  
Hrafnistu, Reykjavík,

lést 8. desember á Hrafnistu. Jarðsungið verður frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 16. desember kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Helga Þorleifsdóttir  
Selma Jónsdóttir  
Hildur Jónsdóttir  
Sigmundur Karl Ríkarðsson  
Magnea B. Jónsdóttir  
Elisabet Óskarsdóttir  
Jón Leifur Óskarsson  
Lára Ingólfsdóttir, afa- og langafabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi,  
langafi og langalangafi,

**Páll Þórir Ólafsson**  
Hrafnistu í Hafnarfirði,

áður til heimilis að Jökulgrunni 17, Reykjavík, verður jarðsungið frá Áskirkju í Reykjavík þriðjudaginn 13. desember kl. 13.00.

Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkuð en þeim sem vilja minnst hans er bent á Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga.

Ólafur Pálsson  
Guðríður Pálsdóttir  
Elínborg S. Pálsdóttir  
Sigurður S. Pálsson  
Páll P. Pálsson  
Margrét Pálsdóttir  
og aðrir aðstandendur.

Viktor S. Guðbjörnsson  
Guðmundur Einarsson  
Kristín A. Jóhannesdóttir  
Anna S. Agnarsdóttir  
Jónas Bjarnason



Föstudaginn 16. desember verður  
**Ragnar á Brjánslæk 70 ára**

og langar hann í tilefni dagsins að fagna þessum tímamótum í hópi vina og vandamanna. „Opíð hús“, með öllu tilheyrandi, verður þann sama dag í félagsheimilinu Birkimel á Barðaströnd frá 20:00-24:00. Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta og er ferðalöngum af því tilefni bent á breytta tímaáætlun Breiðafjarðarferjunnar 16. og 17. desember. Hafid endilega samband heim á Brjánslæk ef frekari upplýsingar eða aðstoð vantar.



**Guðbjörn Hafsteinsson**  
er fimmtugur í dag, 11. des.

Af því tilefni tekur hann á móti gjöfum milli kl. 14:30 og hálf þrjú. Því stærrí sem pakkarnir eru, þeim mun glaðari (engin veisluhöld).



GAMLI BÆRINN Laufásbærinn er búinn húsmunum og áhöldum líkast því sem tíðkaðist í kringum aldamótin 1900.

## Jólin í Laufási

Jólaandi liðins tíma verður á sveimi við utanverðan Eyjafjörð, í Gamla bænum í Laufási, í dag þegar adventudagur verður haldinn þar í níunda sinn. Ef að líkum lætur mun fyrsti jólasveinninn Stekkjastaur koma í heimsókn en auk þess gefst gestum tækifæri á að fylgjast með jólaundirbúningi eins og hann var í gamla sveitasamfélaginu.

Hangikjötsilmur verður í loftinu, eldur logandi á hlóðum og í baðstofunni verður skorið út laufabrauð. Aðventustundin hefst kl. 13.30 og lýkur kl. 16.

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**





# Til hamingju ungfrú heimur!

Við hjá Íslandsbanka erum stolt af frábærum árangri Unnar Birnu í keppninni um titilinn Ungfrú heimur og óskum henni hjartanlega til hamingju.



ÍSLANDBANKI | 100%

## Classyc húsgagnalínan



Kynnum nýja húsgagnalínu á Íslandi

## Leiksvið fagurkerans



Opið: Virka daga kl. 10 - 18, laugardaga kl. 11 - 16, sunnudaga til jóla kl. 13 - 16.



HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | [www.ondvegi.is](http://www.ondvegi.is) | [ondvegi@ondvegi.is](mailto:ondvegi@ondvegi.is)

ISUZU  
**D-MAX**

ISUZU

ÞORLÁKSMESSA 2004. GARDI, REYKJANESB.Æ.  
EIN ERFIÐ BLINDHÆÐ OG SVO HEIM.

SNJÓTROÐARI



Fáir bílar hafa sannað sig eins vel við íslenskar aðstæður og Isuzu. Þessi sterki og þrautsegi bíll er nú kominn í nýjan og glæsilegan búning. Hann veur athygli hvert sem hann fer en virðist alltaf passa inn í umhverfi sitt, sama hversu gróft það er.

D-Max var valinn Pick-up ársins 2005 af "4x4" magazine og hlaut gullverðlaun tímaritsins "What Van" 2004.

Komdu til okkar og kynnstu nýjum Isuzu D-MAX.



**Staðalbúnaður í D-MAX:** Vökva- og veltistýri, tveir öryggisloftþúðar, rafdrifnar rúður, útlag og geislaspilar, snúningshraðamælir, samlestur hurðir með fjarstýringu, stokkur á milli framsæta, höfuðþúðar í aftursæti, fimm þriggja punkta bilbælti, loftkæling, ABS hemlakerfi, álfelgur, brettakantar, kastarar í framstuðara, leðurklætt stýrishjól, rafstýrðir útispeglar.


Isuzu D-Max, Crew Cab (4 dyra), Sjálfskiptur, 3.0 l. dísil.

# 2.590.000,-

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

## > SUNNUGAGUR MEÐ SIGURÐI ÞÓR



# Kemur af fjöllum

**Oddur Friðriksson er yfirtrúnaðarmaður verkafélagsfélaganna á Kárahnjúkum og ber þann stóra titil með sóma. Maðurinn ber það með sér að vera fastur fyrir og fylginn sér; þreklega vaxinn og snöfurmannalegur í framkomu. Hann er ljós yfirlitum og útitekinn, enda kemur maðurinn af fjöllum.**

Við hittumst yfir snarpheitu kaffi úr fanti á Kaffivagninum við Grandagarð, hvar annars staðar. Þar iðar allt af lífi og mikið skvaldrað og hlegið; staðurinn þéttsetinn karlmönnum svo til eingöngu; konurnar eru innan við afgreiðsluborðið og skenkja kaffi og meðlæti. Þannig er nú það á þessum bænum.

### Áratugir á fjöllum

Út um stóra gluggana blasir hin gamla lífæð borgarinnar, höfnin, við og trillurnar liggja letilega við kæjann og láta mjúka ölduna vaggja sér blítt og létt. Handtak Odds er hins vegar þétt og eilítið hrjúft enda hendur hans hertar í margs konar átökum við erfiðisverk og óblíða veðráttu á fjöllum um áratuga skeið. Svipmótið er hvasst en maðurinn þó fjarri því að vera hvass á manninn; þvert á móti, honum liggur lágt rómur.

### Kárahnjúkar öðruvísi

Kárahnjúkar eru sem sagt ekki fyrsti vinnustaður Odds á fjöllum. „Nei, ég vann bæði við Sultartangavirkjun og Vatnsfellsvirkjun á sínum tíma,“ segir hann og kveikir sér í sigarettu. Það er reyndar mikið reykt á Kaffivagninum og maður spyr sig ósjálfrátt hvað verði um stað sem þennan þegar og ef reykingabann á veitingastöðum verður samþykkt á Alþingi.

Oddur segir mikinn mun á Kárahnjúkum og hinum virkjunarstöðunum. „Þar vorum við að dúlla þetta tíu til fimmtán kallar við að koma upp aðstöðu til að byrja með en þegar ég kom upp að Kárahnjúkum voru þar kannski hundrað manns. Og svo fyllist allt bókstaflega á hálfum mánuði,“ rifjar hann upp og hristir höfuðið með bros á vör.

### Villta vestrið í fyrstu

Þá var lítið sem ekkert tilbúið á staðnum, ekkert mótuneyti svo dæmi sé tekið. „Manni var eiginlega hent út í djúpu laugina,“ segir Oddur og hlær stuttlega. „En þetta hefur mikið breyst síðan þá,“ bætir hann við hugsu. „Maður átti til dæmis ekki einn einasta frídag að heitið gæti fyrsta eina og hálfu árið. Þetta var eins og villta vestrið þarna til að byrja með.“ Hann brosir að minningunni um leið og hann drepur í sigarettunni. Það sem kom honum eiginlega mest á óvart og gerir enn er að þrátt fyrir allan þennan gríðarlega

mannfjölda sem þarna er samankominn frá öllum heimshornum, hafa engin alvarleg vandamál komið upp í samskiptum manna í milli. „Ég er eiginlega mest hissa á því,“ segir Oddur einlæglega, „en þarna hafa ekki komið upp nein vandamál vegna þjóðernis eða trúarbragða, kannski einhver smá átök manna milli eins og gengur og gerist en ekki vegna þjóðernis eða trúar.“

*„Þegar þú vaknar upp á fjöllum er allt umhverfið nánast fullkomið, ekkert áreiti. Til dæmis að vakna við Kárahnjúka og horfa á Snæfell í morgunroðanum, það er eins fullkomið og það getur verið,“*

### Svona gerið þið ekki

Við fáum okkur meira kaffi og Oddur horfir annars hugar út um gluggann á sjó og báta; landslag sem hann hefur ekki fyrir augunum langtíðum saman.

Hann rifjar upp átökin við Impregilo í upphafi vegna ófullnægjandi samninga og annars nefnir að um skeið var ástandið þannig að hann mátti varla tala við einstaka starfsmann að morgni án þess að búið væri að reka viðkomandi að kvöldi og senda úr landi. „Svo kom félagsmálaráðherra í heimsókn til okkar,“ segir hann og glottir út í annað, „og rétt á meðan hann staldraði við hjá mér er hringt frá Impregilo og mér sagt að það eigi að senda einhverja menn heim. Ég rétti bara ráðherranum tólið og hann sagði: „Svona gerið þið ekki meðan ég er hérna.““

Eftir þetta fóru Impregilomenn hægjar í sakirnar að sögn Odds. „Kannski óttuðust þeir að ég myndi hringja beint í ráðherrann,“ segir hann og hlær góðlátlega.

### Fótbrot lítið mál

Oddur segist hafa öðlast nokkuð góða innsýn í mismunandi þjóðar-karakter á dvölinni á Kárahnjúkum. Nefnir Kínverjana sem dæmi um duglegt og agað fólk. „Þeir

eru alltaf brosandir, sama hvernig viðrar, eru einstaklega harðir af sér og þú ferð ekki með þá upp á spítala nema stórslasaða. Þeir verða varla veikir hvað þá meira,“ segir hann með aðdáun í röddinni. „Þeir vilja ekki missa vinnuna hvað sem það kostar, brotni þeir á fæti er það minniháttar mál,“ bætir hann við og spennir greipar um kaffifantinn.

### Fjallaáráttan í blóðinu

Hann segir reynsluna segja sér að langdvalir á fjöllum eru ekki fyrir hvern sem er. Slíkt henti ákveðnum manngerðum betur en öðrum og hann sé sjálfur tvímælalaust í þeim hópi sem þolir þetta vel. „Mér líður hvergi betur en uppi á fjöllum,“ segir hann hlýlega. „Ætli ég sé ekki best geymdur þar,“ bætir hann við glottuleitur og útskýrir það ekki frekar. Honum finnst ágætt að koma í bæinn helgi og helgi en svo leitar hugurinn aftur til fjalla. „Ég er alinn upp á fjöllum, þannig að þetta er í blóðinu,“ útskýrir hann.

### Gaman að skoða í Kringlunni

Með því á hann við að faðir hans var leiðsögumaður ferðamanna á árum áður og Oddur fór ófáar fjallaferðirnar með honum auk þess sem móðir hans var lengi skálavörður í Kerlingarfjöllum og þar dvaldi hann langdvöllum. „Þaðan kemur þetta,“ segir Oddur íhugull á svip og nefnir sem dæmi um óbyggðafíknina, að hann fari iðulega í ferðir með Útivist þá sjaldan sem hann á frí og hafi aukinheldur tekið að sér skálavörslu í Þórsmörk í fríum. „Mér finnst þó gaman að koma í bæinn af og til og ég er einn af þeim sem finnst gaman að fara í Kringluna, bara til að skoða. Konan mín þolir það hins vegar ekki, finnst þetta bara hávaði og læti,“ segir hann hlæjandi.

### Fullkomið umhverfi

Þegar hann er beðinn um að útskýra hvað það sé sem geri fjallalífið svona heillandi nefnir hann kyrrðina og fegurðina. „Þegar þú vaknar upp á fjöllum er allt umhverfið nánast fullkomið, ekkert áreiti. Til dæmis að vakna við Kárahnjúka og horfa á Snæfell í morgunroðanum, það er eins fullkomið og það getur verið,“ segir hann með væntumþykju í rómnum.

### Framtíðin kemur

Verklök við Kárahnjúka eru áætluð í árslok 2007 en Oddur er ekkert farinn að hugsa til þess hvað þá tekur við. „Nei, nei og það er bara allt í lagi, það hlýtur eitthvað annað að taka við,“ segir hann með stóískri ró þess sem ekki gerir sér rellu út af smámunum eins og framtíðinni. Hún kemur bara.

ALLAR BÚÐIR OPNAR Í DAG NEMA FAXAFEN, TINDASEL OG IÐUFELL

# Af stað!



Mundu uppskriftabókina góðu

-nú er allt að gerast...

MÓÐULAUS RAKSPEGILL

- Einstakur á baðið
- \* Móða sest ekki
- \* Með lýsingu
- \* Með rakhnífsfestingu
- \* Digital klukka



Engin móða!



**2999** KR.

DVD D-421 spilarinn

-fyrir öll kerfin

- 2 Channel/DVD/CD/CDR
- CDRW/VCD/SVCD/JPEG
- MP3 spilari
- Spilar öll kerfi (multi region)
- Dolby Digital, AC3 Digital
- Theatre Sound (DTS)
- Valmyndakerfi NTSC
- Afspilun yfir í Pal RCA, Scart, Coax og Optical tengi
- Fjarstýring

EKKERT BRUÐ!

**3999** KR.

Sturtuútvarp



**1499** KR.

AM/FM útvarp með klukku á baðið

Fjölkerfa DVD spilari

DivX

- \*Dolby digital AC3
- \*Digital Theatre Sound (DTS)
- \*NTSC afspilun yfir í Pal
- \*Scart með RGB, RCA og Component (Y, Pb, Pr) tengi
- \*Coaxial tengi
- \*Fjarstýring
- \*Barnalæsing

FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI

**5999** KR.

Öflugt nuddtæki

- ÖFLUGT NUDDTÆKI
- \* Hitar og nuddar
- \* Eykur blóðstreymi
- \* Orvar súrefnisupptöku fruma
- \* Dregur úr vöðvverkjum
- \* Fjórar hraðastillingar

**4499** KR.



FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI  
 SPILAR: DivX3.11 or above, DivX4.X, DivX5, DivX Pro, Xvid files up to 10M bit-rate.  
 COMPATIBLE WITH DVD/DVCD/SVCD/VCD/CD/MP3/CD-R/CD-RW/DVD+RW/JPEG/Kodak picture CD  
 Digital Direct Progressive Scan

Opnum 10.00 í dag!



SEVERIN sýður vatnið!

Sykurpúðarnir **1799** KR.

IL DIVO - tenórarinn ÓVIÐJAFNANLEG TÓNLIST!

Sykurpúðarnir!

18 volta þráðlaus borvél \* 2ja hraða \* 2 RAFHLÖÐUR \* 3-5 tíma hleðsla



**3999** KR.

Þráðlaus borvél



**5999** KR.



TÁR og tær snilld og EKKERT annað!

Opnið til 7 í kvöld

EKKERT BRUÐ!



**3799** KR.

300 spilapeningar \* 2 stokkar \* 5 teningar \* Dealer button



LEIÐBEININGAR OG SPILIÐ SJÁLFT Á ÍSLENSKU

Æsispennandi spil!

**3998** KR.



BÓNUS

www.bonus.is

# Gullið er konungur góðmálmannanna

Áform um gullvinnslu í Þormóðsdal sýna svo ekki verður um villst að gull heldur gildi sínu hvað sem tautar og raular. Sveinn Guðmarsson lét glepjast af góðmálminum gyllta og komst að því að gullforði Seðlabanka Íslands er metinn á rúma tvo milljarða króna.

Miðað við hversu lítið raunverulegt notagildi gull hefur er merkilegt hversu mikil þýðing málsins hefur haft alla tíð. Allt frá tímum Egypta hefur hann verið notaður til skrauts og helgihalts en löngu síðar fékk gullið hlutverk gjaldmiðils sem það hefur haldið alveg fram til dagsins í dag. Gullgerðarmenn miðalda lögðu grunninn að nútímaefnafræði í leit sinni að ódýrri framleiðsluáferð málsins gyllta og landkönnuðir í vestri voru að miklu leyti knúnir áfram af gullþorsta.

Táknrænt gildi gulls er ekki síðra. Giftingarhringurinn táknar eilífð og óförgengileika og hvort sem um er að ræða Óskarsverðlaun eða Ólympíuleika fær sigurvegarinn stytta eða pening úr gulli að launum. Græðgin



**GYLFI MAGNÚSSON** „Megnið af gulli heims er í vörslum og hirslum seðlabanka og safnar þar ryki.“

MYND/GVA

eftir auði getur þó orðið of mikil eins og gullkálfsdans Gamla testamentisins ber vitni um.

## Geysistór gullkúla

Gull er reyndar býsna algengt í náttúrunni en yfirleitt er það að finna í svo litlum mæli að vinnsla þess borgar sig ekki. Stundum finnst gull í allstórum klumpum en það má þó vinna úr jörðu þar sem magn þess í berginu er ekki meira en 0,5 grömm í hverju tonni.

Þótt gullvinnsla hafi tíðkast frá ómunatíð er talið að 75 prósent alls þess gulls sem unnið hefur verið úr jörðu hafi verið grafið upp á síðastliðnum hundráð árum. Þessi gyllti málmur er afar endingargóður og nánast allt það gull sem fundist hefur frá

upphafi er enn í umferð. Talið er að ef öllu þessu gulli væri hnoðað í kúlu væri þvermál hennar samt ekki meira en 27 metrar. „Megnið af gulli heims er samt í einhverjum vörslum og hirslum seðlabanka og safnar þar ryki,“ segir Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Suður-Afríka hefur frá því í lok nítjándu aldar verið mesta gullframleiðsluland veraldar en árið 1970 fóru sjötíu prósent heimsframleiðslu á gulli fram þar, rúmlega þúsund tonn. Hún hefur þó dregist saman á síðustu áratugum. Kanada, Bandaríkin og Ástralía eru jafnframt auðug af gulli.

## Tannfyllingar og tæknibúnaður

Gull er einhver mýksti málmur í heimi og það má teygja svo mikið að úr einu grammi má búa til þynnu sem er heill fermetri. Því verður að blanda það öðrum málum, til dæmis silfri eða kopar.

Góðmálmurinn gyllti hefur vitanlega verið notaður í myntir frá fyrstu tíð, svo ekki sé minnst á skartgrip. Sökum mýktar sinnar og tregðu til að bindast öðrum efnum er það fyrirtaks tannfyllingarefni. Gull er auk þess góður rafleiðari og því er það notað í raftæki og víra af ýmsu tagi. Gull er svo og að finna í tölvum, fjar-skriptatækjum og öðrum hátæknibúnaði en það er einnig notað í flókinni lyfjagerð, t.d. krabbameinslyfjum. Þar sem gull er bragð- og skaðlaust eru gullþynnur notaðar til skreytinga í matargerð og efnið er jafnvel sett út í drykki.

Þótt notagildi gulls sé því vissulega fjölbreytt er samt ekki hægt að segja að það sé jafn ómissandi og verðminni jarðefni eins og olía og járn. Gylfi segir að hagnýtt gildi gulls og demanta sér harla lítið. „Aðallega eru efnin verðmæt vegna skrautgildisins og vegna þess að fólk trúir því að þau verði



**GULLIÐ GLÓIR** Talið er að ef öllu gulli sem framleitt hefur verið í heiminum frá upphafi væri hnoðað í kúlu væri hún aðeins 27 metrar í þvermál. 75 prósent alls þess gulls hefur verið grafið úr jörðu á síðustu hundráð árum.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

verðmæt áfram. Það er hins vegar ekki þannig að það sé einhver skortur á gulli sem heldur uppi verðinu. Í raun og veru er til mun meira gull í heiminum en þarf til að fullnægja þörf fyrir skrautmuni.“

## Hagkerfi á gylltum fæti

Sem gjaldmiðill á gullið sér langa sögu. „Fyrstu peningarnir voru gullmyntir og peningaseðlar eins og við þekkjum þá voru í upphafi ávísanir á gull eða aðra góðmálma,“ bendir Gylfi á. „Ef rétt var að málum staðið gáfu seðla-

bankar ekki út meira af peningaseðlum en þeir áttu gull fyrir.“

Að lokinni síðari heimsstyrjöld var tekið upp fastgengiskerfi í heiminum, kennt við Bretton-Woods, en þá var bandaríkjadalurinn gulltryggður og aðrir gjaldmiðlar voru með fast gengi með tilliti til hans. „Svo riðlaðist þetta kerfi allt saman á 7. áratugnum þegar Bandaríkjamenn fóru að fjármagna Víetnamstríðið með hressilegri seðlaprentun. Þingið heimilaði ekki fjárveitingar sem til þurfti til að standa

## Gullforði Íslands

Þrátt fyrir að gullfóturinn heyrir sögunni til eiga flestir seðlabankar heimsins talsvert af gulli í sínum fótum. Að því er árskýrsla Seðlabanka Íslands fyrir árið 2004 hermír átti bankinn í lok síðasta árs 63.855 únsur gulls, eða rétt tæp tvö tonn. Þrátt fyrir þyngdina tekur gullið lítið pláss, eða hér um bil jafn mikið og hefðbundni sjónvarpstæki. Verðmæti þess er hins vegar talsvert meira því miðað við heimsmarkaðsverð á gulli í dag, sem hefur ekki verið hærra í aldarfjórðung, meðal annars vegna hás orkuverðs og lágs gengis Bandaríkjadals, fengjum við rúman 2,1 milljarð fyrir það. Þessi upphæð er samt aðeins um þrjú prósent af gjaldeyrisforða þjóðarinnar.

Ólíkt því sem margir halda er gullið ekki geymt í hvelfingum Seðlabankans heldur sér Englandsbanki um vörslu þess fyrir okkur. Fyrir hönd Seðlabankans lánar Englandsbanki gullið, eða öllu heldur tryggingu út á það, til þeirra sem á því þurfa að halda og höfum við örliðlar vaxtatekjur af því sem vitaskuld eru greiddar í meira gulli. Þannig jókst gullforði okkar um 616 únsur á síðasta ári, þar af voru 199 únsur keyptar sérstaklega en 417 komu í formi vaxtatekna, jafnvirði þrettán milljóna króna.

## Notist í neyð

Þar sem gullforði seðlabankanna skiptir ekki sköpum fyrir alþjóðahagkerfið segir Gylfi sáralítið vera selt úr honum eða bætt við. „Flestir vildu mjög gjarnan losna við hann og fá einhverjar gagnlegar eignir fyrir en það er samkomulag um að seðlabankar heims hróflí sem minnst við gullforða sínum því færðu þeir að selja gull í stórum stíl myndi gullverð augljóslega hrynja. Þetta er því líkt magn að enginn gæti nýtt allt þetta gull.“

Engu að síður er almennt talið gott að eiga gull til að grípa til í neyð þar sem því er auðvelt að koma í verð og það hefur raunverulegt gildi, ólíkt peningaseðlum sem eru einungis pappír. Á tímum kreppunnar miklu á fjórða áratug síðustu aldar flýtti fólk sér að skipta sparifé sínu í gull og hafði það svo neikvæð áhrif á gengið að Roosevelt forseti bannaði gull-söfnun, nema í formi skartgripa. Þessi banni var ekki aflétt fyrr en 1975 en þá hafði gullfóturinn verið afnuminn. Á sama hátt snarhækkaði heimsmarkaðsverð á gulli í kjölfar hryðjuverkaárásanna 11. september 2001 en þá skapaðist um tíma mikið óvissuástand í alþjóðahagkerfinu.

Gull hefur þannig haldið gildi sínu í heiminum hvað sem öllum breytingum á alþjóðasamskiptum og viðskiptum líður. Eftirspurn eftir fallegum skartgripum helst svo auðvitað alltaf stöðug enda fóru riflega sjötíu prósent heimsframleiðslu síðasta árs í gullhringa, keðjur og úr af ýmsu tagi. ■



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Gullforði Seðlabankans er ekki geymdur í húsakynnum hans við Kalkofnsveg heldur í Lundúnum. Gullið tekur þar jafn mikið pláss og sjónvarpstæki af hefðbundinni stærð.

MYND/

undir stríðsrekstrinum en forsetinn réðist samt í útgjöldin með peningaprentun sem var mun umfangsmeiri en gullforðinn gat staðið undir. Að lokum tók Richard Nixon dalinn af gullfætinum,“ segir Gylfi og lauk þar með þessu skeiði í hagsögunni.



## GULLFORÐI NOKKURRA RÍKJA

Flest ríki heims geyma einhvern hluta gjaldeyrisforða síns í gulli sem grípa má til ef allt annað þrýtur. Alþjóðagullsbandið (World Gold Council) heldur skrá yfir gjaldeyrisforða þeirra ríkja sem á annað borð gefa slíkt upp

Bandaríkin	8.133 tonn
Þýskaland	3.427 tonn
Frakkland	2.892 tonn
Kína	600 tonn
Rússland	386 tonn
Svíþjóð	155,4 tonn
Danmörk	66,5 tonn
Finnland	49,1 tonn
Ísland	2 tonn
Malta	0,1 tonn



THE NORTH FACE

North Face í jólapakkann

ÚTILÍF

# Jólatilboðin í fullum gangi



## Opið í dag, sunnudag, frá kl. 13-17



*elegante*  
bed-linen fashion  
Sængurver



SPRING AIR  
Heilsudýnur



Recor  
Hægindastólar



Carrete  
Sængurver



TemprakON®  
Hitajöfnunarsængur



TEMPUR PEDIC  
Heilsukoddar



# Sumarsól

Sumarhúsaeygendur og aðrir farþegar til Spánar!

## Alicante

Beint leiguflug með Icelandair í allt sumar!

Netverð frá

# 16.900 kr.

Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

### Flugáætlun

7., 19. og 29. apríl,  
17. maí

og síðan alla miðvikudaga í sumar.

Takmarkað sætaframboð á þessu verði!


Verð miðast við að bókað sé á Netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.

# plús

**FERÐIR**

www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100



## ÁSTARFLEYIÐ

FIMMTUDAGA  
KL. 21:00

FYLGSTU MEÐ!



VALERIE AMOS BARÓNESSA Barónessan hefur ákveðnar skoðanir á málefnum þróunarlandanna.

Fréttablaðið/E.Ól

## Brautryðjandi í breskum stjórn málum

Valerie Amos, barónessa og ráðherra í ríkisstjórn Tonys Blair, var nýlega á Íslandi í boði forseta Íslands. Hún braut blað í sögu breskrar sögu þegar hún varð fyrst þeldökkra kvenna ráðherra, í ríkisstjórn Tony Blair, árið 2003. Steinar Kaldal ræddi við hana í breska sendiráðinu.



VALERIE AMOS RÆÐIR VIÐ ALP MEHMET SENDIHERRA BRETA Á ÍSLANDI Breski sendiherran útskýrði fyrir Valerie Amos hvernig þinghald á Íslandi gengur fyrir sig.

Fréttablaðið/E.Ól

Það var nokkuð kvíðinn blaðamaður sem bankaði á hurð breska sendiráðsins við Laufásveg enda ekki á hverjum degi sem ungur maður fær að tala við barónessu, sem auk þess er leiðtogi bresku ríkisstjórnarinnar í lávarðadeild breska þingsins. Hvernig ætti ég að ávarpa hana, hugsaði ég, þegar sendiherra Breta á Íslandi, Alp Mehmet, vísaði mér inn í testofu sendiráðsins þar sem frú Amos beið.

Áhyggjur mínar voru óþarfar því viðmót Amos var afslappað og alþýðlegt. „How do you do, Baroness Amos,“ segi ég og fæ fallega kveðju á móti: „Hallo, very nice to meet you.“ Ég spur hana fyrst um kynni hennar af Ólafi Ragnari Grímssyni, en eins og komið hefur fram bauð hann henni til landsins. „Ég kynntist Ólafi og Dorrit konunni hans árið 2001, þegar við vorum bæði gerð að heiðursdoktorum við háskólann í Manchester í Englandi,“ segir hún. Kurteisishjalinu lýkur og við færum okkur yfir í önnur mál.

**Milliríkjavíðskipti verða að vera sanngjarnari**

Amos var ráðherra þróunarmála árið 2003 og þekkir vel til málefna þróunarlandanna. Áhrif alþjóðavæðingar á þróunarlöndin eru tíðrædd og ég spur ráðherrann hvaða skoðanir hún hafi í þeim málum.

„Alþjóðavæðing er staðreynd sem þróunarlöndin sem og önnur lönd verða að glíma við. Alþjóðavæðingu fylgja mörg tækifæri en að sama skapi er það mikil áskorun að nýta þau á réttan

hátt. Það er mín skoðun að hin þróuðu lönd heimsins geti stutt þróunarlöndin með því að skapa mun sanngjarnara kerfi í milliríkjavíðskiptum. Vettvangurinn til þeirrar sköpunar er Alþjóðavíðskiptastofnunin og þar verður að taka mark á skoðunum þróunarlandanna.“

**Bretland brást skjótt við**

Þegar ég spur hana um mismunandi viðbrögð þjóða heims, annars vegar við jarðskjálftunum í Pakistan og hins vegar við fellibylnum Katrínu sem gekk yfir suðurströnd Bandaríkjanna, segir hún að sein viðbrögð margra ríkra þjóða við beiðni pakistanskra stjórnvalda um aðstoð eigi ekki við um Bretland.

„Viðbrögð þjóða við hörmungunum í Pakistan voru svo sannarlega mismunandi en ég er virkilega ánægð með viðbrögð bresku stjórnarinnar. Við vorum, held ég, fyrsta þjóðin sem sendi björgunarlið til Islamabad, höfuðborgar Pakistan, eftir að jarðskjálftarnir riðu yfir.“

Í Bretlandi erum við hins vegar mjög meðvituð um að það þarf að bæta það hvernig þjóðir heims, í gegnum Sameinuðu þjóðirnar, bregðast við hörmungum sem þessum. Það er hneyksli að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, Sameinuðu þjóðirnar og önnur samtök þurfi að leita til ríkra þjóða eftir fjármagni þegar hörmungar skella á.

Bresk stjórnvöld hafa hvatt til þess að mannúðararmur Sameinuðu þjóðanna búi yfir nægilegum fjármunum til að fást við hörmungar og þurfi ekki sífellt að kalla eftir fjármagni þegar

náttúruhamfarir eða önnur áföll verða í veröldinni.“

**Cameron er ekki ógn**

Fréttir af kosningu nýs leiðtoga breska íhaldsflokksins, Davids Cameron, hafa verið áberandi seinustu daga og margir vilja meina að honum fylgi ferskur andblær inn í íhaldsflokkinn sem hefur verið í lægð undanfarin ár. Valerie Amos er spurð hvort hún telji að kosning Camerons í leiðtogastólinn eigi eftir að ógna stöðu breska Verkamannaflokksins í Bretlandi og hvort henni finnst hann á einhvern hátt líkur Tony Blair, núverandi forsætisráðherra landsins, eins og haldið hefur verið fram.

„Ég sé ekkert sem bendir til þess að David Cameron sé líkur Tony Blair, ef staða Camerons í breskum stjórn málum í dag er borin saman við stöðu Tonys Blair þegar hann var að hasla sér völl. Blair var reyndur stjórn málamaður, var búinn að vera lengi á þingi áður en hann varð leiðtogi Verkamannaflokksins og tók við hlutverkinu í kjölfar langrar þróunar í stefnumálum flokksins. David Cameron hefur einungis setið fjögur ár á þinginu og hefur litla reynslu í stjórn málum. Íhaldsflokkurinn á einnig eftir að feta langan veg þróunar áður en hann getur sýnt fram á hvað hann hefur að bjóða bresku þjóðinni.“

Valerie Amos var á leiðinni í heimsókn í Alþingishús okkar Íslendinga og ekki gafst meiri tími fyrir spjall. Ég klára teið sem mér var fært og þakka bresku barónessunni fyrir samveruna.



**FK****FJARÐARKAUP**

# HELGARTILBOÐ



**FK HAMBORGARHRYGGUR**  
úr kjötborði - verð áður: 1398kr.kg.

**998kr.kg**

**FK BAYONNESKINKA**  
verð áður: 998kr.kg.

**898kr.kg****25%**afsláttur  
við kassann

**ALI HAMBORGAR-  
HRYGGUR**  
m/BEINI

**1124** kr.kg.  
verð áður: **1498** kr.kg.

**25%**afsláttur  
við kassann

**ALI**  
**HUNANGSSKINKA**

**1349** kr.kg.  
merkt verð: **1798** kr.kg.



**FJALLALAMBS**  
**FROSID LÆRI**

**798** kr.kg.  
verð áður: **998** kr.kg.



**KJÖRÍS**  
**KONFEKT ÍSTERTA**

**995** kr.stk.  
verð áður: **1398** kr. stk.

**15%**afsláttur  
við kassann

**SS BIRKIREYKTUR**  
**HANGIFRAMPARTUR**  
**ÚRBEINADUR**

**1478** kr.kg.  
merkt verð: **1738** kr.kg.

**15%**afsláttur  
við kassann

**SS BIRKIREYKT**  
**HANGILÆRI**  
**ÚRBEINAD**

**1995** kr.kg.  
merkt verð: **2368** kr.kg.



**MAXWELL KAFFI**  
500gr.

**198** kr. stk.



**COCA COLA**  
2l.

**98** kr. stk.

200gr. After Eight fylgir  
frítt með Quality Street

**KAUPAUKI**

**QUALITY STREET**  
1.64kg.

**1649** kr. stk.



**KRISTJÁNS**  
**LAUFABRAUD 15stk.**

**895** kr.  
verð áður: **995** kr.



**EGILS APPELSÍN**  
2l.

**99** kr. stk.



**COCOA PUFFS**  
553gr.

**195** kr. pakkinn



**LINDUKONFEKT**  
1kg.

**995** kr.

**opið alla helgina**

tilboðin gilda til sunnudagsins 11.des eða á meðan birgðir endast

**FK****FJARÐARKAUP**

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30,  
föstudaga 09:00 - 19:00, laugardaga 10:00 - 18:00 og sunnudaga 12:00 - 18:00

einstök

# ÁRITANIR Í SKÍFUNNI Í DAG!



Helgartilboð **1.699 kr.**  
**Kringlan kl. 14.00**

Guðrún Gunnars og Friðrik Ómars



Helgartilboð **1.699 kr.**  
**Smáralind kl. 14.00**

Heiða



Helgartilboð **1.699 kr.**  
**Kringlan kl. 15.00**

Páll Rósinkranz



Helgartilboð **1.699 kr.**  
**Smáralind kl. 15.00**

Bjarni Ara



Helgartilboð **1.699 kr.**  
**Kringlan kl. 16.00**

Skítamórali



Helgartilboð **1.699 kr.**  
**Smáralind kl. 16.00**

Óskar Pétursson



Laugavegur **kl. 16.00**  
Helgartilboð **1.699 kr.**

**Kringlan kl. 17.00**

Jónsi



Helgartilboð **1.699 kr.**  
**Smáralind kl. 17.00**

Helgi Björns

Tryggðu þér heitustu titlana á tilboðsverði í Skífunni um helgina!

BaseCamp



...skemmtir þér ; )

www.skifan.is

# 18 lög á 15 tungumálum

Platan Úr vísnaþók heimsins er komin út á vegum Rauða kross Íslands. Á henni syngja íslensk börn af ýmsum uppruna barnalög, þjóðlög og vísur frá 18 löndum á 15 tungumálum. Löndin 18 eru Albanía, Mexíkó, Kína, Japan, Sambía, Palestína, Pakistan, Rúmenía, Taíland, Víetnam, Bandaríkin, Írland, Ástralía, Perú, Frakkland, Serbía, Danmörk og Ísland.

Platan er unnin að frumkvæði Ellenar Kristjánsdóttur söngkonu sem stýrði framkvæmdinni og fann börnin í samvinnu við Rauða krossinn. Eyþór Gunnarsson, eiginmaður Ellenar, stýrði upptökum og lék á ýmis hljóðfæri en auk hans spila KK, Þorsteinn Einarsson, Pétur Grétarsson, Hjörleifur Valsson og Sigurður Flosason á plötunni. Allir sem tóku þátt í gerð plötunnar gáfu vinnu sína og hönnunar- og framleiðslukostnaður er í algjöru lágmarki.

Kveikjan að hugmyndinni var sú hugsun að börn eru alls staðar eins þegar þau fæðast en ytri aðstæður ráða því að þau búa við æði misjöfn kjör. „Ellen langaði til að gera þetta. Hún hefur alltaf verið svolítið þannig þenkjandi og langar að láta gott af sér leiða,“ segir Eyþór Gunnarsson. Hann segir að verkefnið hafi tekið rúm ár í vinnslu í hjáverkum. Mestur tími fór í að komast í samband við öll börnin og fóru



FORSETINN FÆR EINTAK Forseti Íslands fékk á dögunum afhent fyrsta eintakið af plötunni Úr vísnaþók heimsins.

þau samskipti fram í gegnum Alþjóðahúsið og Austurbæjar-skóla, sem kennir íslensku fyrir börn af erlendum uppruna.

„Við reyndum að halda í einhvers konar þjóðleg einkenni og vildum alls ekki poppa þetta upp.

Við vildum halda þessu eðlilegu og lágstemmdu,“ segir Eyþór um plötuna.

Söluverð er 1.499 kr. og rennur það óskipt til aðstoðar Rauða krossins við munaðarlaus börn í Afríkuríkinu Malaví.

## SUNNUDAGSKROSSGÁTAN NR. 35

	1	2	3	4		5	6	7	8	9	10	11	12	
13		14		15		6		3		16		15		16
9	5	7	15	5		17	9	10	18	10	15	1	19	5
20		13		9	21	9		9		9		1		22
9	16	9	5			2	9	10	11		8	9	2	23
10		16		6	11	11	15		5		17			
8	24	13	3	23			25		3	26	6	17	17	23
17		27		6	14	5	15	16	16	12		9		13
9	25	7	6	5	25		16		10	18	8	23	9	
			12		9		15	23	9	10		23		2
8	23	3	5		5	28	5	9			5	9	11	11
9		24		8		4		5	29	17		2		26
4	9	18	8	20	12	8	17	18		30	2	9	8	9
8		15		12		9		10		24		5		17
	8	4	30	16	19	5	17	9		9	23	3	4	

A  
B  
Ð  
D  
E  
É  
F  
G  
H  
I  
Í  
J  
K  
L  
M  
N  
O  
Ó  
P  
R  
S  
T  
U  
Ú  
V  
X  
Y  
Ý  
Þ  
Æ  
Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa í númeraða reiti. Í dag er A til dæmis í reit merktum 9 og fer þá A í alla aðra reiti með því númeri. G er í reit númer 16 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 16 o.s.fv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn\*

### Lausnarorð

24    22    23    15    5

\*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

### Lausn nr. 33

H	N	I	G	H	E	T	J	U	D	Á	Ð			
S	Æ	U	E	R	T	N	S							
V	A	T	N	S	R	E	I	F	A	B	A	R	N	
A	U	L	O	K	M	N	U	A						
M	A	R	A	V	Ö	M	B	Ó	Ð	U	R			
P	G	E	M	Í	R	Ö	G							
D	R	A	G	T	V	L	E	N	G	S	T			
Ý	L	A	T	G	E	R	V	I	E	Á				
R	E	I	K	N	I	R	G	R	I	L				
O	K	P	O	T	A	M	M							
B	A	S	L	K	L	I	P	A	F	L	A			
I	T	Í	J	N	Ö	S	E	N						
K	N	É	K	R	J	Ú	P	A	V	E	R	N		
A	T	A	G	S	I	Ð	I							
S	T	A	N	D	A	S	T	K	J	A	G			

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ



Sólarupprás Hádegi Sólarlag  
 Reykjavík 11.09 13.21 15.33  
 Akureyri 11.22 13.06 14.49

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag

Í dag er sunnudagurinn 11. desember,  
 345. dagur ársins 2005.

STÖRF Í BOÐI

Umferðaeftirlitsmaður

Deildarsérfræðingur

Prentsmiður

Kennarar

Proskapjálfi

Stuðningsfulltrúar

Deildarstjóri

Matráður

Sölumaður

Rafeindavirki

Umsjónarmenn

Vélfræðingur

Tæknifræðingur

Tækjamenn

Bókaverðir

Bífélavirkjar

Bókari

Bílstjórar

Viðskiptafræðingar

Hagfræðingar

Verkfræðingar

SMÁUGLÝSINGAR  
 SÍMI: 550 5000

PÚ GETUR PANTAÐ  
 SMÁUGLÝSINGAR  
 Á [visir.is](http://visir.is)

visir

atvinna .af

Jólahlaðborð valda vandræðum bls. 2  
 Fleiri vinna heima hjá sér bls. 2

# allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS



Marta Rós Berndsen segist hafa það gott á Blómaverkstæði Binna þar sem hún mun vinna í jólafríinu eftir prófin VILHELM

## Jólaandinn ríkir á Blómaverkstæðinu

Marta Rós Berndsen er 19 ára Reykjavíkurmær. Hún stundar nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð en prófatörnninni þar fer brátt að ljúka. Eftir prófin ætlar Marta að fara að vinna eins og margir aðrir íslenskir námsmenn.

Marta er á seinasta ári á náttúrufræði- og málbraut í skólanum en með honum hefur hún verið að vinna í aukavinna á elliheimilinu Grund. Þegar Marta lýkur við prófin byrjar hún að vinna í fullu starfi hjá Blómaverkstæði Binna á Bergstaðastræti. „Ég hef alltaf farið að vinna eftir jólafríinu og ég hef líka alltaf verið að vinna með skólanum,“ segir Marta.

Marta segist ekki missa af jólaandinn vegna vinnunnar enda er blómabúð einmitt sá staður þar sem hún blómstrar. „Það ríkir mikill jólaandi hér

í búðinni. Ég er ekki að missa af neinu. Í raun er bara meiri jólastemning hér því fólk sem kemur hingað inn er í svo miklu jólastuði,“ segir Marta glöð í bragði og bætir við að núna séu adventukransar og ýmsar jólaskreytingar vinsælastar en fyrir jólin eru það túlipanarnir sem séu heitastir.

Eftir sjálf jólin ætlar Marta hins vegar að hafa það rólegt það sem eftir er af jólafríinu. „Ég verð að vinna um átta tíma á dag, alla daga fram að jólum. Eftir það get ég slakað aðeins á og hlaðið batterín fyrir námið.“

Fyrir um hálfu ári síðan kom Marta heim frá langri dvöl í S-Ameríku. „Ég var alltaf að spara fyrir þá ferð og núna fara peningarnir bara í það að spara upp á nýtt. Ég er líka að fara í háskólann næsta haust þannig að það væri gott að eiga eitthvað sparifé þá,“ segir Marta að lokum.

steinthor@frettabladid.is

## Atvinnulausir fá eingreiðslu

ATVINNULAUSIR FÁ EINGREIÐSLU AÐ UPPHÆÐ 26.000 EIGI SÍÐUR EN 15. DESEMBER.

Eingreiðslan til komin vegna samkomulags Atvinnurekanda-samband Íslands og Samtaka launþega síðastliðinn nóvember. Þeir sem voru á atvinnuleysisskrá 9. til 23. nóvember eiga rétt á þessari eingreiðslu en til að hún greiðist að fullu verður viðkomandi að hafa verið á atvinnuleysisskrá í 45 vikur og á fullum bótum. 8. nóvember voru 2.663 einstaklingar á atvinnuleysisskrá, þar af 1.526 á höfuðborgar-



svæðinu. Heldur fleiri karlar en konur eru atvinnulausir, eða 1.510 karlar á móti 1.153 konum.

## LIGGUR Í LOFTINU

[ATVINNA]

Desemberuppþótin liggur í loftinu þessa dagana og eru launamenn hvattir til að gleyma henni ekki. Desemberuppþót til félagsmanna VR skal greiðast ekki síðar en 15. desember. Samkvæmt kjarasamningum VR og SA er uppþótin 45.000 krónur fyrir fullt starf, en 60.000 samkvæmt kjarasamningum VR og FÍS. Samkvæmt Eflingu er desemberuppþót fyrir almennan markað og ríkisstjórsmenn 39.700. Hægt er að reikna út uppþótina á heimasíðu VR og Eflingar.

gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á þeim stað sem starfsmaður hans starfar á. Eina undantekning sem er á því ákvæði heyrir brátt sögunni til en það lítur að tóbaksreykingum á veitinga- og skemmtistöðum. Starfsmenn eru því hvattir til að kynna sér þessi réttindi.



Starfshópur um vottun jafna launa hefur verið skipaður og hefur hópurinn það að markmiði undirbúa vottun jafna launa hér á landi. Hópnun er ætlað að móta verklag og kerfi til þess að gera úttekt á launakerfi fyrirtækja og stofnana. Markmiðið er að með kerfinu verði unnt að kanna hvort kynbundinn launamunur sé fyrir hendi. Vonast er til að hópurinn ljúki störfum snemma næsta vor og næsta sumar verði fyrstu vottanirnar að veruleika.

Reyklaust vinnuumhverfi þeirra sem vinna við heimaþjónustu er rætt á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Þar er sagt að starfsemi sem fram fer á einkaheimilum fellur undir vinnuverndarlög og ber atvinnurekanda að tryggja að

Umboðsmaður TM

## Umboðsmenn TM á Akranesi og í Borgarfirði

Tryggingamiðstöðin auglýsir eftir umboðsmönnum fyrir félagið á Akranesi og í Borgarfirði. Um er að ræða tvær stöður.

Starfssvið

Ráðgjöf og sala á tryggingum til fyrirtækja og einstaklinga sem eru í viðskiptum við TM, tjónauppgjör og öflun nýrra viðskiptasambanda.

Hæfniskröfur

Viðskipta- eða tæknimenntun æskileg (t.d. viðskiptafræði, rekstrarfræði, verkfræði eða vélfræði). Góð almenn tölvukunnátta. Góð íslensku- og enskukunnátta. Góð þekking og reynsla af atvinnulífi og staðhættum annars vegar á Akranesi og næsta nágrenni og hins vegar í Borgarfirði.

Umsækjendur þurfa að uppfylla hæfniskröfur 15. og 16. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga.

Viðkomandi aðilar þurfa að vera skipulagðir og jákvæðir, hafa góða þjónustulund, sýna frumkvæði og búa yfir hæfileikum og reynslu af mannlegum samskiptum.

// Umsóknarfrestur er til og með 20. desember 2005.

Umsóknir óskast sendar til Tryggingamiðstöðvarinnar, Aðalstræti 6, 101 Reykjavík, merktar „Umboð-Akranes“ og „Umboð-Borgarfirður“ eða á tölvupóstfangið starf@tmhf.is.

// Nánari upplýsingar veitir Lúðvík Þorgeirsson, deildarstjóri umboða og útibúa hjá TM (ludvik@tmhf.is).

Tryggingamiðstöðin er framsækið fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuástöðu. Hjá TM starfar rúmlega 100 manna samhentur hópur sem hefur það markmið að veita góða þjónustu á mannlegum nótum þar sem þörfum hvers og eins er mætt af sanngirni. Það er keppefli starfsmanna Tryggingamiðstöðvarinnar að standa undir kröfum og væntingum viðskiptavina og hluthafa og koma fram af heiðarleika og einlægni.



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / [tm@tryggingamidstodin.is](http://tm@tryggingamidstodin.is) / [www.tryggingamidstodin.is](http://www.tryggingamidstodin.is)

## Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu

Auglýst er laus til umsóknar staða skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu. Skipulagsfulltrúi fer með skipulagsmál sveitarfélaganna og starfar í nánum tengslum við Byggingarfulltrúa uppsveitanna. Aðsetur skipulagsfulltrúa er á Laugarvatni og starfssvæði hans er Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Skipulagsfulltrúi mun starfa að skipulagsmálum fyrir ofangreind sveitarfélög í samræmi við skipulagslög og á grundvelli erindisbréfs sem honum verður sett. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af skipulagsmálum og starfsemi sveitarfélaga.

Æskilegt er að viðkomandi hafi fasta búsetu á starfssvæðinu. Um menntun og starfsreynslu vísast til gr. 2.7 í Skipulagsreglugerð.

Frekari upplýsingar veita Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps og Gunnar Þorgeirsson oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps í síma 486-4400 milli kl. 9.00 og 14.00.

Skriflegum umsóknum skal skilað til skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps, Borg, 801 Selfoss í síðasta lagi 19. desember n.k. merkt „Skipulagsfulltrúi.“



Fjarvinna hefur aukist í bandarísku atvinnulífi og dæmi eru um að fjórir af hverjum tíu starfsmönnum í fyrirtæki hafi ekki skrifstofu eða starfsaðstöðu í fyrirtækinu.

## Starfsmönnum í fjarvinnu fjölga

Í nýjasta tölublaði *Business Week* er fjallað um fjarvinnu þar sem fram kemur að um 12 prósent bandarískra starfsmanna vinna stærstan hluta, jafnvel allan, vinnu sinnar í fjarvinnu.

Sífelld færast í aukana að fólk stigi aldrei fæti inn á vinnustaðinn. Sagt er í *Business Week* að hjá bandaríska tæknifyrirtækinu *Agilent Technologies* er starfsfólk sem hefur ekki séð yfirmenn sína svo árum skiptir og er það gott dæmi um þá þróun sem átt hefur sér stað í fjarvinnu á síðustu árum. Talið er að 12 prósent starfsmanna á bandarískum vinnuþessum vinna í fjarvinnu að einhverju eða öllu

leyti. Spáð er að árið 2012 verði hlutfall starfsmanna í fjarvinnu orðið 40 prósent. Fjarvinna er einkum möguleiki fyrir starfsfólk í þekkingariðnaði. Hjá *IBM* eru til dæmis fjórir af hverjum tíu starfsmönnum sem hafa enga skrifstofu. Hjá *Sun Microsystems* hefur helmingur starfsmanna val á milli þess að vinna á skrifstofu eða heima fyrir og segja stjórnendur *Sun Microsystems* að afköst starfsmanna sem vinna fjarvinnu séu 15 prósent meiri en þeirra sem vinna á hefðbundnum vinnustöðum.

Vissulega eru gleðifréttir að geta haft sveigjanlegri vinnutíma sem veitir meira frelsi. Tæknin sér svo til að hægt er að fylgjast með vinnuframlagi starfsmanna jafnaðveldlega og þeir væru á staðnum.



Þörf er á endurmenntun í ferðageiranum.

## Vantar menntun í ferðapjónustu

Nýlega var kynnt þarfagreining á fræðslu og menntun í ferðapjónustu þar sem kom fram að þörf er á aukinni menntun og eflingu sí- og endurmenntunar.

Í þarfagreiningu sem unnin var fyrir Samtök ferðapjónustunnar kemur fram að helmingur starfsfólks í ferðapjónustu hefur ekki lokið sérmenntun í ferðapjónustu. Algengast er að fólk á ferðaskrifstofum sé sérmenntað en sjaldgæfast að starfsfólk gisti- og veitingahúsa hafi gengið menntaveginum. Þessu þarf að breyta og

bæta mynd ferðapjónustu sem starfvettvangs til að laða að betur menntað starfsfólk.

Ennfremur segir að lyfta þurfi grettistaki í málefnum sí- og endurmenntunar. Illa sé staðið að þeim málum og þörf sé á auknu aðhaldi og fjölbreyttari námsleiðum á öllum stigum skólakerfisins. Þó að framtíðin sé björt í ferðamannaíðnaði getur skortur á hæfu vinnuafli farið að há íðnaðinum er fram líða stundir.

Að greiningunni stóðu Sigríður Þrúður Stefánsdóttir og Arney Einarisdóttir ásamt Félagsvísindastofnun HÍ og Jóni Torfa Jónassyni, prófessor við HÍ.



Í Ekstra Bladet mátti finna sérstök ráð á dögnum fyrir fólk sem vildi komast í nánari kynni við starfsfélaga sína. Mikið hefur verið rætt um framhjáald á þessum samkomum en makar koma yfirleitt ekki með.

## Margvíslegt tjón af völdum jólahlaðborða

**Dönsku jólahlaðborðin eru alræmd fyrir ýmislegt fleira en skemmtun. Vinnuveitendur eru orðnir varir um sig enda geta hlaðborðin kostað þá dágóðan skildinginn.**

Smithætta, framhjáald, slagsmál og tjón á mönnum og húsbúnaði eru dæmi um neikvæða fylgifiska dönsku jólahlaðborðanna. Gamalgróin hefð er fyrir því að vinnustaðir haldi þessar víðfrægu samkomur, sem nefnast julefrokost, á aðventunni og hafa þarlendir fjölmiðlar tíundað kosti þeirra og galla upp á síðkastið.

Í Jótlandspóstinum kemur fram að á ári hverju leggist mörg hundruð manns í rúmið með uppköst og niðurgang eftir matinn á jólahlaðborðunum. Eðlilegast væri að kenna skemmdum mat-

vælum um en yfirleitt eru það gestirnir sjálfir sem bera bakteríurnar í matinn. Matvælaeftirlit ríkisins hefur varað við sýkingum á þessum háannatíma jólahlaðborða.

Umræða hefur einnig verið um þær skemmdir sem eiga sér stað í veislunum en fólk hefur slasast, eyðilaggt eigin muni svo sem gleraugu og brotið húsbúnað. Þá kemur upp sú spurning hver borga skuli brúsann en í Jótlandspóstinum kemur fram að ef vinnuveitandi stendur fyrir hlaðborðinu er tjónið á hans ábyrgð. Þá skiptir ekki máli hvort yfirmaðurinn sé á staðnum, hvar veislan er haldin né hversu drukknir starfsmennirnir eru. Hins vegar er óhappið á ábyrgð einstaklingsins ef það gerist eftir að viðkomandi hefur yfirgefið jólahlaðborðið eða ef um einkaveislu er að ræða. Einstaklingurinn fær þó ekki greiddar

slysatryggingarnar ef hann er með yfir 1,2 prómill áfengis í blóðinu. Og þó viðkomandi sé ekki drukknur fær hann ekki greiddar bætur ef hann telst hafa verið að bjóða hættunni heim. Til dæmis þurftu nokkrir ódrukkendir vinnufélagar að borga úr eigin vasa eftir að hafa gert mannsþýrma í þeim tilgangi að ná upp í ljósakrónuna á staðnum – sem augljóslega brotnaði við athæfið.

Til að sporna við þessum aukakostnaði við jólahlaðborðin hafa vinnuveitendur gert ýmsar varúðarráðstafanir svo sem blandað léttli út í bjórinn.

Af þessu að dæma er ástæða fyrir bæði íslenska vinnuveitendur og starfsmenn að vera á varðbergi. Góð regla er að telja glösin, láta skynseminna ráða og þvo hendurnar áður en farið er að hlaðborðinu. mariathora@frettableið.is

## VR og SFR athuga líðan starfsfólks í vinnunni

**Um þrjátíu þúsund starfsmenn á atvinnuþessum svara spurningum um líðan þeirra á vinnustað í könnuninni „Fyrirtæki ársins“.**

Nú er að fara af stað könnun á fyrirtæki ársins 2006. VR hefur staðið fyrir könnuninni í áratug og nú verður hún stærri en nokkru sinni fyrr. Að þessu sinni leggur SFR – stéttarfélag í almannapjónustu VR lið í vali á fyrirtæki ársins og verður af því tilfelli einnig valin stofnun ársins.

Könnunin fer þannig fram að spurningalistar eru sendir út til félagsmanna VR og SFR. Spurningalistanum er ætlað að kanna viðhorf félaga til nokkurra lykilaðra er varða aðbúnað og ánægju á starfsstað. Þessi lykilaðri eru

trúverðugleiki stjórnenda, launakjör, vinnuskilyrði og sveigjanleiki í vinnu. Spurt er um möguleika starfsmanna á sjálfstæðum ákvörðunum í starfi, starfsandann á vinnustaðnum, stolt og mynd starfsmanna af fyrirtæki sínu eða stofnun sem og hversu sátt starfsfólk er með álag í vinnunni og þær kröfur sem gerðar eru til þess.

Niðurstöður ættu að liggja fyrir í maí og verður sigurvegurum í flokkum stærri og minni fyrirtækja og stofnana veitt verðlaun. 20 efstu fyrirtækin í hvorum flokki fyrir sig fá svo nafnbótina fyrirmyndarfyrirtæki eða fyrirmyndarstofnun.

Hvaða fyrirtæki sem er getur tekið þátt í könnuninni þrátt fyrir að starfsmenn þess séu hvorki í VR né SFR. Í könnunni 2005 voru ríflega 20% þeirra sem svöruðu spurningalistanum ekki í VR.



Afgreiðslufólk er beðið um að brosa en hefur það eitthvað að brosa yfir?

## Umferðar- eftirlitsmaður



**Staða umferðareftirlitsmanns hjá lögfræðideild, umferðar-  
eftirliti í Reykjavík eru laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR.**

### Starfssvið:

- Eftirlit með umferð á vegum
- Skráning gagna
- Úrvinnsla gagna og skýrslugerð

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Tölvu- og málakunátta
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðlaugur Arnarson (gudlaugur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 19. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

**IMG**  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
mannafli@img.is

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
www.mannafi.is

## Bókari



**Icelandic Services ehf. leitar að duglegum og ábyggilegum starfsmanni í bókhald fyrirtækisins. Um er að ræða bókhaldsstarf fyrir félög Icelandic Group hf. á Íslandi sem eru mis umfangsmikil. Starfsmaðurinn mun starfa hjá Icelandic Services ehf. sem er dótturfyrirtæki Icelandic Group hf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

### Starfssvið:

- Skráning reikninga, eftirlit með uppáskriftum, merkingar, bókun fylgiskjala og afstemmingar reikninga
- Gjaldkerastörf í afleysingum

### Hæfniskröfur:

- Haldgöð reynsla af bókhaldi skilyrði
- Nákvæm vinnubrögð og talnagleggni
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Góð tölvukunnátta og þekking á Navision kostur
- Enskukunnátta æskileg

Bókhaldsdeild Icelandic Group hf. á Íslandi er partur af Icelandic Services ehf. sem er dótturfyrirtæki Icelandic Group hf. og sér um daglega bókhalds- og fjármálaþjónustu fyrir fyrirtæki Icelandic samstæðunnar hér á landi. Starfsemi Icelandic Group hf. á Íslandi fer fram í nokkrum félögum og felst í kaupum og sölu á sjávarafurðum, gæðaeftirliti, flutningaþjónustu, rekstri veggáttar og sölu á umbúðum og rekstrarvörum til sjávarútvegsins svo nokkuð sé nefnt. Icelandic Group hf. er með rekstur víða um heim þar sem framleiðsla og sala sjávarafurða fer fram. Fyrirtækið er í mikilli sókn og veltan á þessu ári verður hátt í 100 milljarðar króna.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Hildur Sif Arnadóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 18. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

**IMG**  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
mannafli@img.is

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
www.mannafi.is

## Deildar- sérfræðingur



### Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

**Í Iðnaðaráðuneytinu er laust til umsóknar starf deildarsérfræðings á skrifstofu iðnaðarmála.**

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá viðurkenndum háskóla á fræðasviðum sem tengjast atvinnubrúun og nýsköpun atvinnulífsins. Til greina koma umsækjendur t.d. með próf í lögfræði, hagfræði, verkfræði og raunvísindum. Um er að ræða fullt starf sem ráðið verður í frá og með 1. febrúar 2006. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS.

### Starfssvið:

- Þátttaka í framkvæmd á stefnu ráðuneytisins er lýtur að nýsköpunar-, atvinnubrúunar- og byggðamálum auk annarra starfa sem tengjast málefnum ráðuneytisins
- Þátttaka í alþjóðlegu starfi

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Lögð er áhersla á frumkvæði og getu til að starfa sjálfstætt
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð eru nauðsynleg auk góðs valds á rituðu máli
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er æskileg
- Góð enskukunnátta og kunnátta í einu Norðurlandamáli skilyrði

**IMG**  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðlaugur Arnarson (gudlaugur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 27. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
mannafli@img.is

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
www.mannafi.is



## Deildarstjóri

Orkuveita Reykjavíkur óskar að ráða öflugan einstakling í stöðu deildarstjóra í Áætlanadeild Framleiðslusviðs.

**Orkuveita Reykjavíkur** er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmasta hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustuvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri vistvænni orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur tekur mið af skynsamlegri nýtingu orkulinda og fyrirtækið er til fyrirmyndar í umgengni á eigin umráðasvæðum og vinnur þar að uppgræðslu lands og friðun dýralífs.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Í deildinni starfa verk- og tæknifræðingar, sem hafa sérþekkingu á búnaði og tækjum hluta þeirra veitna sem tilheyra Framleiðslusviði. Þeir annast fjárhagsáætlanagerð, skipuleggja verkefni og stýra þeim. Þeir eru tæknilegir samstarfsmenn rekstrarmanna við úrlausn ýmissa verkefna, t.d. vélbúnaðar, rafmagns og stýrivéla.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

Starfsmenn deildarinnar hafa frumkvæði að framtíðarþróun kerfa Framleiðslusviðs með skipulagningu fjárfestinga, sem leiða til hagkvæmari og betri rekstrar og til að mæta þörfum viðskiptavina sem best.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

Deildarstjóri þarf að hafa háskólamenntun í véla- eða rafmagnsverkfræði eða sambærilega menntun. Hann þarf að hafa reynslu í stjórnun. Frumkvæði og sjálfstæði í starfi eru mikilvæg og þar sem deildarstjórinn þarf að hafa samskipti við marga, bæði innan Orkuveitunnar og utan, eru samskiptahæfileikar dýrmætir.

Upplýsingar og umsjón með úrvinnslu umsókna hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Sigrún Ýr Arnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli-Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 20. desember n.k.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að leggja inn umsókn á heimasíðu Mannafli-Liðsauka: [www.mannafi.is](http://www.mannafi.is) og sendið jafnframt ferilskrá og yfirlit yfir umsagnaraðila.

Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum svarað.

**IMG**  
MANNAFL  
LIÐSAUKI



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

# Tækjamenn

**Atlantsskip ehf. óskar eftir að ráða 2 drifandi og metnaðarfulla starfsmenn á rekstrarsvið fyrirtækisins.**



Atlantsskip ehf. er ört vaxandi þjónustufyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Atlantsskip býður upp á vikulegar siglingar til og frá Evrópu en siglingar á 28 daga fresti til og frá Ameríku. Einnig bjóða Atlantsskip upp á reglulegar flugsendingar til og frá öllum heimshornum. Hjá Atlantsskipum starfa nú tæplega 30 samhentir og kröftugir einstaklingar.

#### Starfssvið

- Móttaka og afgreiðsla vörusendinga
- Lestun og losun gáma
- Vinna við skipaafgreiðslu
- Skráningar og eftirfylgni
- Stjórnun gámalyftara og gaffallyftara
- Samskipti við viðskiptavini

#### Menntun- og hæfniskröfur

- Vinnuvélaréttindi ásamt réttindum á lyftara yfir 10 tonn
- Reynsla af stjórnun vinnuvéla og tækja
- Góð almenn tölvu- og enskukunnátta kostur
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Í boði eru spennandi og fjölbreytt störf hjá traustu og vaxandi fyrirtæki.

Umsækjendur verða að geta hafið störf fjótlega. Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 18. desember nk.

Númer starfs er 5027.

Upplýsingar veitir Guðný Sævinsdóttir. Netfang: [gudny@hagvangur.is](mailto:gudny@hagvangur.is)



Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu

Auglýst er laus til umsóknar staða skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu. Skipulagsfulltrúi fer með skipulagsmál sveitarfélaganna og starfar í nánum tengslum við Byggingarfulltrúa uppsveitanna. Aðsetur skipulagsfulltrúa er á Laugarvatni og starfssvæði hans er Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Skipulagsfulltrúi mun starfa að skipulagsmálum fyrir ofangreind sveitarfélög í samræmi við skipulagslög og á grundvelli erindisbréfs sem honum verður sett. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af skipulagsmálum og starfsemi sveitarfélaga.

Æskilegt er að viðkomandi hafi fasta búsetu á starfssvæðinu. Um menntun og starfsreynslu vísast til gr. 2.7 í Skipulagsreglugerð.

Frekari upplýsingar veita Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps og Gunnar Þorgeirsson oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps í síma 486-4400 milli kl. 9.00 og 14.00.

Skriflegum umsóknum skal skilað til skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps, Borg, 801 Selfoss í síðasta lagi 19. desember n.k. merkt "Skipulagsfulltrúi."



**Reykjavíkurborg**  
- Einn vinnustaður



## Áhugaverð störf í boði

### MENNTASVIÐ-GRUNNSKÓLAR

#### Grunnskólakennarar

##### Háteigsskóli, í síma 530-4300

- Tónmenntakennari óskast í 50% stöðu frá og með 1. mars 2006.

##### Hvassaleitisskóli, í síma 570-8800

- Heimilisfræðikennari óskast til að kenna 6 tíma á viku. Starfið er laust frá áramótum.

##### Hæfniskröfur:

Kennarapróf  
Hæfni í mannlegum samskiptum  
Faglegur metnaður  
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum

#### Stuðningsfulltrúar

##### Grandaskóli, í síma 561-1400.

- Stuðningsfulltrúi óskast frá áramótum og út skólaárið 2006.

##### Háteigsskóli, í síma 530-4300

- Stuðningsfulltrúar óskast í 50% stöður

##### Helstu verkefni stuðningsfulltrúa eru:

Að vera kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Auka færni og sjálfstæði nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum

##### Hæfniskröfur:

Nám stuðningsfulltrúa æskilegt  
Mikil hæfni í samskiptum  
Reynsla og áhugi á að vinna með börnum  
Frumkvæði í starfi  
Auðvelt að vinna í hópi

#### Skólaliðar

##### Grandaskóli, í síma 561-1400

- Stuðningsfulltrúi óskast frá áramótum og út skólaárið 2006.

##### Hagaskóli, í síma 535-6500

- Skólaliði óskast í 100% stöðu.

##### Helstu verkefni skólaliða eru:

Að sinna nemendum í leik og starfi og að sjá um daglegar ræstingar ásamt tilfallandi verkefnum.

##### Hæfniskröfur:

Hæfni í mannlegum samskiptum  
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum  
Nákvæmni í vinnubrögðum

#### Starfsmaður skóla

##### Hagaskóli, í síma 535-6500

- Starfsmaður skóla óskast í 100% stöðu.

##### Hvassaleitisskóli, í síma 570-8800

- Starfsmaður skóla óskast í 100% stöðu.

##### Helstu verkefni eru:

Að sinna nemendum í bekk og að hafa umsjón með nemendum á göngum og leiksvæði skólans. Ásamt því að sinna tilfallandi verkefnum.

##### Hæfniskröfur:

Hæfni í mannlegum samskiptum  
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum  
Nákvæmni í vinnubrögðum

#### Aðstoð í eldhús

##### Hvassaleitisskóli, í síma 570-8800.

- Aðstoðarmaður í eldhús í 100% stöðu

##### Hæfniskröfur:

Áhugi á matreiðslu  
Snyrtimennska  
Hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi grunnskólum. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 700. Umsóknir ber að senda til viðkomandi skóla.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Nánari upplýsingar um laus störf er að finna á [www.grunnskolar.is](http://www.grunnskolar.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólustarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólustarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.



## BIFVÉLAVIRKJAR

Bernhard ehf. umboðsaðili Honda og Peugeot bifreiða vantar bifvéla virkja vegna stækkunar á þjónustuverkstæði í Vatnagörðum 26. Um er að ræða allt að 5 störf og óskað er eftir vönum mönnum sem fyrst. Mjög góð vinnuaðstaða í vaxandi og spennandi fyrirtæki.

Upplýsingar gefur Guðbjörn Ingason eða Gylfi Gunnarsson í síma 520-1100 eða sendið fyrirspurnir og upplýsingar á [gylfi@bernhard.is](mailto:gylfi@bernhard.is)



Bernhard ehf. • Vatnagarðar 24 - 26 • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)



Veitingastaðurinn býður uppá einstaklega fjölbreyttan matseðil með alþjóðlegu yfirbragði og einungis fyrsta flokks hráefni. Á barnum er boðið uppá úrval spennandi smárétta ásamt drykkjum í afslöppuðu og þægilegu umhverfi.

#### Við leitum að:

- Þjónum á veitingastað

Við leitum að fólki í fullt og hlutastarfi  
Reynsla æskileg.

Sendu skal inn umsóknir og ferilskrár fyrir 15.12. 2005.

Sígurlaug Lydia Geirsdóttir, Veitingastjóri  
[Lydia.Geirsdottir@Radissonsas.com](mailto:Lydia.Geirsdottir@Radissonsas.com)

eða, [Aleksandra.Babik@Radissonsas.com](mailto:Aleksandra.Babik@Radissonsas.com)  
Radisson SAS 1919 Hotel

Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík

Sími: 599 1000

Fax: 599 1001

[1919.reykjavik.radissonsas.com](http://1919.reykjavik.radissonsas.com)

**Leikskólarnir Fossakot og Korpukot**

Óskum eftir leikskólakennurum og leiðbeinendum sem fyrst til starfa.

**Einnig óskum við eftir aðstoðarmanneskju í eldhús, um er að ræða 100% starf.**

Æskilegir eiginleikar:

- Færni í mannlegum samskiptum
- áreiðanleiki, sveigjanleiki og nákvæmni í starfi

Skemmtileg vinnuástaða í vel búnum leikskólum þar sem unnið er með mikilvægasta fólki í heimi.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu í síma 577-1900 eða sendi tölvupóst á [skrifstofa@alla.is](mailto:skrifstofa@alla.is).

Fossakot Korpukot  
Fossaleyni 4 Fossaleyni 12

**Verktaki óskast**

**Traustir aðilar óska eftir verktaka eða byggingastjóra í byggingu á þremur fjölbýlishúsum á suðurlandi.**

Um er að ræða fjagra hæða einingarhús. Framleiðsla á einingunum hefst í janúar. Áhugasamir hafi samband við Halldór í síma 824 5054.

**Prentsmiður óskast!**

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur prentsmið með þekkingu á helstu umbrótsforritum.

Leitað er eftir samvisku- og reglusömum starfskrafti, karli eða konu.

Umsókn sendist á netfangið [isprent@isprent.is](mailto:isprent@isprent.is)

Islandsprent • Steinhella 10 • 221 Hafnarfjarður • 569 7200 • [www.isprent.is](http://www.isprent.is)

Islandsprent

**Innkaupastjóri**

Og Vodafone er ungt fyrirtæki sem veitir einstaklingum, heimilum og fyrirtækjum alhliða fjarskiptáþjónustu. Hjá félaginu starfa í dag um 350 starfsmenn. Og Vodafone hefur náð góðum árangri á stuttum tíma með sterku og samhentum hópi fólks. Ef þú vilt takast á við spennandi og krefjandi verkefni hjá vaxandi fyrirtæki, þá bjóðum við þig velkomna/velkominn í hópinn. Í boði eru samkeppnishæf laun og gott starfsumhverfi fyrir fólk sem sýnir ábyrgð, metnað og frumkvæði í starfi.

**Og Vodafone leitar að starfsmanni í stöðu innkaupastjóra.**

**Starflýsing**

Uppbygging og umsjón með lagerkerfi. Innkaup á búnaði til endursölu. Dagleg samskipti við birgja.

**Hæfniskröfur**

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur mikla reynslu af innkaupum og lagerstýringu. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á Navision eða vera fljótur að tileinka sér nýtt tölvakerfi. Viðkomandi þarf að geta unnið í hópi sérfræðinga í krefjandi rekstrarumhverfi en gerð verður krafa um sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

**Óskað er eftir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 18. desember 2005.

Nánari upplýsingar veitir Baldur G. Jónsson hjá Hagvangi, [baldur@hagvangur.is](mailto:baldur@hagvangur.is), sími 520 4700.

Og Vodafone  
[www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is)

og

vodafone

Heyrumst!

**Frá leikskólum Kópavogs**

**Eftirfarandi stöður eru lausar við leikskóla Kópavogs, nú þegar eða um áramót. Um er að ræða heilar stöður og hluta stöður.**

- **Dalur:** Deildarstjóri og leikskólakennari
- **Núpur:** Matráður og leikskólakennari
- **Rjúpnahæð:** Deildarstjóri, leikskólakennari og þroskajálfi
- **Marbakkí:** Aðstoð í eldhús
- **Grænatún:** Sérkennslustjóri
- **Furugrund:** Leikskólakennari
- **Urðarhóll:** Sérkennslustjóri
- **Kópasteinn:** Leikskólakennari
- **Kópahvoll:** Leikskólakennari
- **Smárahvammur:** Leikskólakennari v/ sérkennslu
- **Efstihjalli:** Leikskólakennari og leikskólakennari v/ sérkennslu
- **Álfaheiði:** Leikskólakennari
- **Fífusalir:** Deildarstjóri og leikskólakennari
- **Arnarsmári:** Leikskólakennari
- **Fagrabrekka:** Matráður og sérkennslustjóri

Upplýsingar um leikskólana er að finna á heimasíðu Kópavogs [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) en þar er einnig hægt að nálgast umsóknareyðublað (**Job.is**).

Nánari upplýsingar um stöðurnar veita leikskólastjórar viðkomandi leikskóla.

Fáist ekki leikskólakennarar í störfin verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun eða leiðbeinendur.

Sjá enn fremur: [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) og [www.job.is](http://www.job.is)

**STARFSKRAFTUR ÓSKAST!**

Atlantsolía leitar að starfskrafti á skrifstofu fyrirtækisins að Vesturvör Kópavogi. Meginhluti starfsins felst í skráningu og umsjón Dælylykla, símsvörun auk ýmissa tilfallandi verkefna. Við leitum að kröftugum, stundvísu og nákvæmum aðila sem er reiðubúinn að taka þátt í uppbyggingu á nýju og ört vaxandi fyrirtæki. Atlantsolía rekur fimm bensinstöðvar auk þess að vera með olíudreifingu til sjávarútvegs, verktaka og bænda. Hjá fyrirtækinu starfa starfa 14 manns.

Atlantsolía er reyklus vinnustaður.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir sendist fyrir 24. desember á netfangið: [hugi@atlantsolia.is](mailto:hugi@atlantsolia.is)**

ATLANTSOLÍA

Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - [atlantsolia@atlantsolia.is](mailto:atlantsolia@atlantsolia.is)



Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

**Landsbankinn - vefdeild**

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til starfa í vefdeild bankans. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að takast á við fjölbreytt verkefni í lifandi umhverfi þar sem mikil áhersla er lögð á frumkvæði, sterka liðsheild og árangur.

Helstu verkefni felast í smíði veflausna fyrir Landsbankann og dótturfyrirtæki og þarf viðkomandi að búa yfir haldgöðri reynslu í ASP.NET, C#, HTML/CSS, MS SQL SERVER og JAVASCRIPT.

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**

- Háskólamenntun á sviði kerfisfræði, tölvunarfræði eða verkfræði
- Reynsla af smíði veflausna er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Metnaður og vilji til að ná árangri
- Góð samskiptafærni

Nánari upplýsingar veita Viggó Ásgeirsson, forstöðumaður markaðs- og vefdeildar, í síma 820 6494, og Bergþóra Sigurðardóttir, forstöðumaður á starfsmannasviði, í síma 410 7907.

Umsókn og ferilskrá sendist í tölvupósti á [bergsig@landsbanki.is](mailto:bergsig@landsbanki.is) fyrir 20. desember n.k.

Landsbankinn  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**



Reykjavíkurborg  
- Einn vinnustaður



## Áhugaverð störf í boði

### MENNTASVIÐ – LEIKSKÓLAR

Má bjóða þér starf þar sem yfir 90% starfsmanna eru ánægðir í starfi?

Á leikskólum Reykjavíkur færð þú tækifæri til að vera þátttakandi í skapandi og lifandi starfi við uppeldi og kennslu ungra barna.

### Deildarstjóri

Lyngheimar v/Mururima í síma 567-0277  
lyngheimar@leikskolar.is

#### Hæfniskröfur:

Leikskólakennaramenntun  
Færni í mannlegum samskiptum  
Frumkvæði í starfi  
Jákvæðni og áhugasemi  
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

### Leikskólakennarar/leiðbeinendur

Árborg, Hlaðbæ 17 í síma 587-4150  
arborg@leikskolar.is

Berg, við Kléberg, Kjalarnesi í síma 566-6039  
berg@leikskolar.is

Blásalir, Breknaási 4 í síma 557-5720  
blasalir@leikskolar.is

Engjaborg, Reyrengi 11 í síma 587-9130  
engjaborg@leikskolar.is

Funaborg, Funafold 42 í síma 587-9160  
funaborg@leikskolar.is

Geislabaugur, Kristnibraut 26 í síma 517-2560  
geislabaugur@leikskolar.is

Hulduheimar, Vættaborgum 11 í síma 586-1870  
hulduheimar@leikskolar.is

Klettaborg, Dyrhómrúm 5 í síma 567-5970  
klettaborg@leikskolar.is

Kvarnaborg, Árvör 4 í síma 567-3199  
kvarnaborg@leikskolar.is

Múlaborg, Ármúla 8a í síma 568-5154  
mulaborg@leikskolar.is

Seljakot, Rangárseli 15 í síma 557-2350  
seljakot@leikskolar.is

Sólbakki, Stakkahlíð 19 í síma 552-2725  
solbakki@leikskolar.is

Tjarnaborg, Tjarnargötu 33 í síma 551-5798  
tjarnaborg@leikskolar.is

Ægisborg, Ægisíðu 104 í síma 551-4810  
aegisborg@leikskolar.is

Öldukot, Öldugötu 19 í síma 551-4881  
oldukot@leikskolar.is

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verða ráðnir starfsmenn með t.d. myndlistar-leiklistar- tónlistarmenntun og/eða reynslu af starfi með börnum.

#### Hæfniskröfur:

Leikskólakennaramenntun  
Færni í mannlegum samskiptum  
Frumkvæði í starfi  
Jákvæðni og áhugasemi  
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

### Sérkennsla

Funaborg, Funafold 42 í síma 587-9160  
funaborg@leikskolar.is

Furuborg, við Áland í síma 553-1835  
furuborg@leikskolar.is

Múlaborg, Ármúla 8a í síma 568-5154  
mulaborg@leikskolar.is

Seljakot, Rangárseli 15 í síma 557-2350  
seljakot@leikskolar.is

#### Hæfniskröfur:

Leikskólasérkennari, þroskaþjálfari eða háskólamenntun á sviði uppeldis- eða sálfræði.  
Reynsla af vinnu með einstaklingum með þroskafrávik æskileg  
Færni í mannlegum samskiptum  
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð  
Nákvæmni í starfi

### Matráður

Seljakot, Rangárseli 15 í síma 557-2350  
seljakot@leikskolar.is

Sólbakki, Stakkahlíð 19 í síma 552-2725  
solbakki@leikskolar.is

#### Hæfniskröfur:

Menntun á sviði matreiðslu og/eða reynsla af matreiðslu  
Góð þekking á næringarfræði  
Þekking á rekstri  
Hæfni í mannlegum samskiptum  
Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólustarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.



REYKJANESBÆR

### PROSKAÐJÁLFI ÓSKAST Á LEIKSKÓLA

Reykjanesbær óskar eftir að ráða þroskaþjálfara við leikskólann Holt frá og með 1. janúar 2006 í 100% stöðu.

Um er að ræða starf með barni á leikskóladeild, sem starfrækt er innan grunnskólans. Viðkomandi mun fylgja barninu í grunnskóla haustið 2006.

Upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 421 6100.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands. Umsóknir skulu berast Starfsmannaþjónustu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær fyrir 21. desember nk.

Starfþróunarstjóri.



Fræðslusvið

••• [reykjanesbaer.is](http://reykjanesbaer.is)




### Rafvirki – Vélfræðingur

Við þurfum að bæta við í viðhaldsdeildina og leitum að manni vönum að umgangast vélar, rafmagns – vélfræðings menntun æskileg.

Nýjasta tækni  
Spennandi starf með góðum hóp.

IDNVELAR er leiðandi fyrirtæki í þjónustu og sölu á á iðnaðarvélum – fyrir járn, trésmíði og almennan framleiðslu iðnað.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu: 565 5055 eða sendið tölvupóst með upplýsingum [hulda@idnvelar.is](mailto:hulda@idnvelar.is)



Mikið er til af formúlum sem skýra eðlisfræðileg sannindi enda er rík áhersla lögð á stærðfræði í náminu. NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

## Hvernig verður maður eðlisfræðingur?

#### Hlutverk starfs

Eðlisfræði fjallar um eðli, gerð og hegðun efnisheimsins. Starfssvið eðlisfræðinga er mjög fjölbreytt en meirihlutinn vinnur við rannsóknir og þróun. Einnig má nefna vinnu við kennslu og viðskipti. Vinnustaðir eðlisfræðinga eru meðal annars bankastofnanir, hugbúnaðar- og tölvufyrirtæki, rannsóknastofnanir og sjúkrahús. Hæfni eðlisfræðinga til lausnar flókinna verkefna nýtist mjög víða og hefur þörf þeirra aukist mikið, meðal annars vegna vaxandi hátækni iðnaðar.



Ýmis eðlisfræðileg lögmál eru leidd út með tilraunum. NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

#### Námið

Hægt er að ljúka B.Sc. prófi í eðlisfræði við eðlisfræðiskor sem er hluti af raunvísindadeild Háskóla Íslands. Námið er alls 90 einingar og er yfirleitt tekið á þremur árum.

#### Inntökuskilyrði

Til að fá inngöngu í eðlisfræðinámið við Háskóla Íslands þarf viðkomandi að hafa tekið stúdentspróf með lágmarkseiningar í ákveðnum greinum. Má þar nefna 27 einingar í erlendum málum, raungreinar alls 30 einingar (þar af minnst 6 einingar í eðlisfræði, 6 einingar í efnafræði og 6 einingar í líffræði), stærðfræði 21 eining og tölvur og vélritun 3 einingar.

#### Helstu námsgreinar

Ekki er mikið svigrúm fyrir valáfanga í eðlisfræði. Yfir 50 einingar þarf að taka af

mismunandi eðlisfræðiföngum en afgangurinn er að mestu leyti stærðfræði. Nemendum gefst þó kostur á að taka einingar í rafmagnsverkfræði og tölvufræði. Meðal skyldunámskeiða eru mismunandi áfangar í aflfræði, varmafræði, öreindafræði, eðlisfræði, rafsegulfræði og skammtafræði. Yfirleitt er ekki um stór lokaverkefni að ræða.

#### Framhaldsnám

Möguleiki er á meistaraþrófi í eðlisfræði við Háskóla Íslands en sérstakar reglur gilda um það. Meistaránám tekur tvö ár en ekki er boðið upp á doktorsnám hérlandis. Meðal landa sem Íslendingar hafa farið til eru Kanada, Svíþjóð, Bretland, Skotland, Danmörk, Frakkland, Bandaríkin og er námstíminn yfirleitt fjögur til fimm ár.



Stór hluti eðlisfræðinga starfar við rannsóknir. NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES





## KÓPAVOGSBÆR

### LAUS STÖRF

#### Félagsþjónusta Kópavogs:

- Ræsting o.fl. á skrifst. félagsþj.
- Aðstoð við heimilisstörf
- Félagsleg heimaþjónusta
- Starf á sambýli aldraðra Skjólbraut

#### Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Helgarvinna baðv/afgr. kvenna
- Hlutastarf baðvarsla kvenna

#### GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

##### Digranesskóli:

- Umsjónarkennari í 5. bekk

##### Hjallaskóli:

- Tölvu og upplýsingatækni st.k.
- Forfallakennari
- Umsjónarkennari á miðstig

##### Kársnesskóli:

- Dægradvöl
- Stuðningsfulltrúi

##### Kársnesskóli íþróttahús:

- Baðvarsla stúlkna

##### Lindaskóli:

- Dægradvöl, frá og með áram.
- Starf við gangavörslu, ræstingu og að fylgja nemendum í sund

##### Salaskóli:

- Heimilisfræðikennari 100% v/forfalla
- Íþróttakennari til áramóta
- Forfallakennari

##### Smáraskóli:

- Stuðningsfulltrúi 50%

#### Nánari upplýsingar á:

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)  
og [www.job.is](http://www.job.is)

## Viltu vinna hjá flottu fyrirtæki?

Hjá Samskipum er kraftmikið starfsmannafélag með fjölbreytta starfsemi, s.s. golfklúbb, siglingaklúbb og aðgang að 8 tonna skemmtibáti, fimm sumarbústaði að Bifröst og margt fleira skemmtilegt. Hjá Samskipum á Íslandi vinna 650 skemmtilegir starfsmenn.

*Slástu í hópinn!*



## Bílstjórar óskast

Starfið felst í akstri fyrir Landflutninga-Samskip.

Um er að ræða gámaakstur innanbæjar í Reykjavík, sendibílaakstur í Reykjavík og akstur út á land frá Reykjavík.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

Leitað er að einstaklingum sem eru orðnir 25 ára, með reynslu af akstri, góða hæfni til mannglegra samskipta og er gerð krafa um reglusemi og góða ástundun.

Umsækjendur skulu hafa lokið meiraprófi og eru ADR-réttindi æskileg en ekki skilyrði.

## Lestunarstjóri óskast

Starfið felst í lestun og losun flutningatækja, eftirlit með nýtingu flutningatækja og öðru tilfallandi.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

Leitað er að dugmiklum og samvisskusömum starfsmanni sem er orðinn 25 ára, hefur reynslu af akstri og hefur lokið meiraprófi og lyftaraprófi. ADR-réttindi eru æskileg en ekki skilyrði.

Gerð er krafa um góða hæfni til mannglegra samskipta, reglusemi og góða ástundun.

#### Áhugasamir:

Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa, [www.samskip.is](http://www.samskip.is). Á vefnum er smellt á „Bílstjóri – auglýst staða 11.12.05“ eða „Lestunarstjóri – auglýst staða 11.12.05“ eftir því hvora stöðuna sótt er um.

Umsóknarfrestur er til 31. desember nk. Allir umsækjendur skulu hafa hreint sakavottorð og engan fíkniefnaferil. Gunnar Jónsson akstursstjóri veitir allar nánari upplýsingar í síma 458 8660.

## Kennari

Hvolsskóli á Hvolsvelli auglýsir eftir kennurum til starfa frá og með 1. febrúar 2006

Meðal kennslugreina er:

- enskukennsla
- raungreinakennsla
- sérkennsla
- tæknimennt/smiði

Í Hvolsskóla eru liðlega 250 nemendur í 1. til 10. bekk. Skólinn er að mestu í nýju húsi og er öll aðstaða í skólanum mjög góð. Einkunnarorð skólans eru "einstaklingurinn í brennidepli". Í starfi skólans er mikið lagt upp úr samvinnu kennara og sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda.

Húsnæði fyrir kennara er til staðar á viðráðanlegu verði.

Sjá nánar á heimasíðu Hvolsskóla

<http://hvolsskoli.ismennt.is/>

og heimasíðu Rangárbæjarskólans [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is)

Upplýsingar gefa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í sínum 488-4241 og í 898-8408

Umsóknarfrestur er til 31. desember nk. og skal senda umsóknir til skólastjóra Hvolsskóla í pósti fyrir þann tíma eða á netfangið [unnar@ismennt.is](mailto:unnar@ismennt.is)

### Prentsmiður óskast!

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur prentsmið með þekkingu á helstu umbrótsforritum.

Leitað er eftir samvissku- og reglusömum starfskrafti, karli eða konu.

Umsókn sendist á netfangið [isprint@isprint.is](mailto:isprint@isprint.is)

Íslandsprent

Íslandsprent • Steinhella 10 • 221 Hafnarfjarður • 569 7200 • [www.isprint.is](http://www.isprint.is)

# SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • [samskip.is](http://samskip.is)

## Rafeindavirki



Ísafoldarprentsmiðja er elsta prentsmiðja landsins, stofnuð 1877. Í dag starfa 75 starfsmenn hjá fyrirtækinu. Miklar fjárfestingar í vélum, tækjum og öðrum búnaði hafa átt sér stað síðustu misserin og mun prentsmiðjan flytja í nýtt 7000 m<sup>2</sup> húsnæði í byrjun næsta árs. Hjá Ísafoldarprentsmiðju er unnið að mjög fjölbreyttum verkefnum, bæði á sviði rúlluprentunar og arkaprentunar. Hjá okkur er m.a. Fréttablaðið og DV prentað, ásamt fjölda annarra verkefna.

Okkur vantar rafeindavirkja til starfa sem fyrst.

Um er að ræða vinnu við uppsetningar, viðhald og eftirlit með prentvélum, tækjum og búnaði. Í tæknideild Ísafoldarprentsmiðju vinna í dag tveir starfsmenn.

Við leitum að starfsmanni sem er skipulagður og á auðvelt með að vinna sjálfstætt. Starfsmaðurinn þarf að hafa góða þekkingu á iðntölvum, eiga auðvelt með að vinna undir álagi og hafa gaman af að leysa erfið verkefni.

Mikil vinna framundan.

Nánari upplýsingar veita:

Gunnar Hilmarsson tæknistjóri – s: 664 0304 - [gunnar@isafold.is](mailto:gunnar@isafold.is)

Kristþór Gunnarsson framkvstj. – s: 595 0301, 894 1399 - [kristthor@isafold.is](mailto:kristthor@isafold.is)

Suðurhraun 3 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | Fax: 59 50 310 | [isafold@isafold.is](mailto:isafold@isafold.is) | [www.isafold.is](http://www.isafold.is)



Fríður Eggertsdóttir á ljósmyndastofuna Svipmyndir á Hverfisgötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## Skemmtilegast að mynda lítil börn

Viljum ráða áreiðanlegan starfsmann við dyravörslu um helgar. Æskilegt að viðkomandi sé 25 ára eða eldri. Uppl. og umsóknir á staðnum eða á [www.kringlukrain.is](http://www.kringlukrain.is).

**Sólbaðstofa**

Óska eftir starfskrafti á kvöldin og um helgar á sólbaðsstofu sem staðsett er í miðbænum. Hentar vel skólafólki. Uppl. í s. 694 1134.

**Uppvask**

Vegna anna viljum við bæta við okkur starfsmanni í uppvask sem fyrst. Aðallega kvöld og helgarvinna. Uppl. á staðnum eða á [www.kringlukrain.is](http://www.kringlukrain.is)

**Do you need a job?**

We are looking for hard working people who are interested in working in a factory making concrete elements. If you are interested please contact us at s. 517-8900 or you can visit us at Bakka-braut 9, Kópavogur at the office which is on the second floor. Einingaverksmiðjan Borg ehf

Óskum eftir að ráða kjötiðnaðarmann eða mann vandan kjöti/afgreiðslu til starfa. Einnig óskum við eftir að ráða starfskraft til almennra verslunarstarfa, þ.e. áfyllingar og afgreiðslustörf. Um er að ræða framtíðarstörf. Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri. Melabúðin Þín verslun Hagamel 39, s. 551 0224.

Au Pair í London. Við óskum e. barngóðri manneskju til að passa 4 ára strák (er í skóla) og sinna heimilisstörfum. Uppl. gefur Sólvéig (solajons@hotmail.com).

Áræðanleg og barngóð manneskja óskast á fallett heimili í miðbænum til að gæta 5 mánaða drengs og sjá um heimilisstörf frá og með 1 mars 2006. Vinnutími 8.30 - 14.00. Vinsamlega hafið samband í síma 699 1090. We are looking for a kind, dependable person to take care of a five month old boy and look after the family home in central Reykjavik from 1 March 2006. Working hours 8:30-14:00. Please telephone 699 1090.

Vantar duglega konu til að taka að sér jólahreingingu, 3 daga verkefni, gott kaup. staðgr. Uppl. í síma. 517 7834 og 699 7834.

**Atvinna óskast**

Get bætt við mig verkefnum í allri almennri trésmíði. Uppl. í s. 869 9633.

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 897 5347.

Maður vanur pípuöngnum óskar eftir vinnu. Uppl. í s. 690 5308.

21 árs kvk óskar eftir vinnu frá 8-16. Uppl. í s. 698 2517.

**Viðskiptataækifæri**

Vantar þig pening? Litil fyrirhöfn og býður upp á mikil laun! Kíktu á aukavinnu.com

**TILKYNNINGAR****Einkamál****Viltu vera memm?**

300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamál.is. Eftir hverju er þú að bíða? Einkamál.is

Nýtt nýtt. Engin þarf að vera makalaus á Íslandi! [www.makalaus.is](http://www.makalaus.is) Party og matarklúbur á síðunni.

**Símadómur óskast!**

Vegna mikillar aukningar leitar Rauða Togið samastarfs við "spennandi" símadómur. Frekari uppl. á vef, [www.rauda-torgid.is](http://www.rauda-torgid.is) (Atvinna í boði > Símadómur) og í s. 552-3349.

Ertu að leita? Lausnir er: Splunkunýtt tækifæri. Skráðu þig á [www.tekju-lind.com](http://www.tekju-lind.com)

**SAMLESNAR AUGLÝSINGAR**

90,9 FRÉTTABLAÐIÐ *Létt 96.7*

**Glæsileg undirföt Lífstykkiabúðin****Ítalskir náttloppar Lífstykkiabúðin****Jólagjöfin hennar Lífstykkiabúðin****Fallegur náttfatnaður Lífstykkiabúðin****Förðun og snyrtivörur Maddina Laugavegi 30 a**

Fékkst þú Fréttablaðið heim í morgun? Ef ekki, láttu okkur vita í síma 550-5000. **Fréttablaðið.**

**Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skipholti 3.****Buffpíta. Pítan Skipholti.**

Nýjasti diskur Óskars Péturssonar á 1699. **Hagkaup.**

**Öðruvísi blómaskreytingar. Blómaversktæði-Binna**

Nýjasti diskur Ellenar og KK á 1699. **Hagkaup.**

Jólatré og kaupauki um helgina. **Blómaval.**

Láttu smyrja jeppann fyrir jólin. **Jeppamiðstöð Arctic Trucks, Kletthálsi 3.**

Hefur þú heppnina með þér fyrir jólin? **Jólahappaprennan er komin á sölustaði.**

40% afsláttur af öllu jóla-skrauti. **Hagkaup.**

**Kjúklingapíta. Pítan Skipholti.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin. **Spöngin, Grafarvogi.**

Bretti í jólapakkann. **Útílf.**

Opiló til 22 öll kvöld til jóla í **Smáralind, Skeifu og Kringlu.**

Nýjasti diskur Matta á 1699. **Hagkaup.**

Nýjasti diskur Bergsveins á 1699. **Hagkaup.**

Öll jólakort með 30 prósent afslætti. **Blómaval.**

Síðasti öruggi skiladagur á jólapökkum til Evrópu er þriðjudagurinn 13. desember. Komdu tímanlega með jólapakkann. **Pósturinn.**

Bingó í kvöld. **Vinabær.**

Jólavörur **Birkihlíð, Kópavogi.**

Jólin þín byrja í **IKEA.**

Auðvitað vilja börn bækur. **Bókabúð Máls og Menn-ingar.**

Sérhæfð smurþjónusta fyrir jeppaeigendur. **Jeppamiðstöð Arctic Trucks, Kletthálsi 3.**

Fjöldi nýrra geisladiska á 1699. **Hagkaup.**

Machintosh og jólatrés-dúkur fylgir öllum jólatrjám um helgina. **Blómaval.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði. **Spöngin-Grafarvogi.**

Gjafavörur. **Birkihlíð, Kópavogi.**

Opiló til 22 til jóla. **IKEA.**

Nýjasti diskur Ragnheiðar Gröndal á 1699. **Hagkaup.**

Bingó í kvöld. allir velkomnir. **Vinabær.**

Jólaskreytingar. **Birkihlíð, Kópavogi.**

Góðar gjafir þurfa ekki að kosta mikið. **IKEA.**

Kalkúnapíta. **Pítan, Skipholti.**

Auðvitað vilja börn bækur. **Penninn-Eymundsson.**

Grænmetisþíta. **Pítan Skipholti.**

**Eitt simtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunn, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á [vísir.is](http://vísir.is) Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

**KONUR HLUSTA**

83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96.7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

**póst húsið**

Pósthusið ehf  
Suðurhrauni 12a  
210 Garðabæ  
sími 585 8300  
fax 585 8309  
[posthusid@posthusid.is](mailto:posthusid@posthusid.is)

**Póst- og blaðberar óskast**

Um er að ræða hressandi útiveru við útbúð á blöðum og pósti milli kl. 6 og 7 á morgnana. Hafðu samband í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á [www.posthusid.is](http://www.posthusid.is)

**107-01** Hringbraut  
Fjöldi heimila 101

**107-02** Reynimelur  
Fjöldi heimila 78

**107-03** Hagamelur  
Fjöldi heimila 98

**107-04** Hofsvallagata Melhagi  
Fjöldi heimila 91

**107-06** Grenimelur  
Fjöldi heimila 80

**107-10** Fálkagata  
Fjöldi heimila 145

**107-11** Dunhagi Hjarðarhagi  
Fjöldi heimila 130

**107-13** Ægisíða  
Fjöldi heimila 66

**107-16** Frostaskjól  
Fjöldi heimila 78

**107-17** Kaplaskjólsvogur  
Fjöldi heimila 80

**107-18** Eiðistorg Öldugrandi  
Fjöldi heimila 149

**107-21** Aflagrandi  
Fjöldi heimila 112

**107-22** Bárugrandi Álagrandi Grandavegur  
Fjöldi heimila 98

**107-23** Reynimelur  
Fjöldi heimila 129

**107-24** Framnesvegur Lágholtsvegur  
Fjöldi heimila 60

**107-25** Meistaravellir  
Fjöldi heimila 158

**107-28** Sörlaskjól  
Fjöldi heimila 69

**107-30** Hjarðarhagi Smyrilsvegur Suðurgata Prastargata  
Fjöldi heimila 87

**107-31** Hringbraut  
Fjöldi heimila 111

**107-33** Grenimelur Hagamelur Reynimelur  
Fjöldi heimila 72

**107-34** Grenimelur Hagamelur  
Fjöldi heimila 116

**107-37** Tómasarhagi Arnargata  
Fjöldi heimila 82

**107-39** Nesvegur  
Fjöldi heimila 77

**107-42** Flyðrugrandi  
Fjöldi heimila 155

**109-06** Brúnastekkur Fornistekkur Fremristekkur Geitastekkur Gilsárstekkur  
Fjöldi heimila 71

**109-21** Holtasel Hryggjarsel Hæðarsel  
Fjöldi heimila 80

**109-28** Dalsel  
Fjöldi heimila 139

**109-31** Strýtusel Stuðlasel  
Fjöldi heimila 72

**109-36** Jakasel  
Fjöldi heimila 46

**109-44** Fjarðarsel  
Fjöldi heimila 55

## SJÓNARHORN



Perlan í morgunsól/FRÉTTABLAÐIÐ: HEIÐA

**Gjafakort**  
Jólágjöfin í ár  
GÉRNÉTIC húðnæringarvörur fyrir konur og karla

Snyrtistofan Eygló Langholtsvegi 17  
Snyrtistofan María Bólstaðahlíð 43  
Caríta-Snyrting Hafnarfirði

Snyrtistofan Líkami og Sál Mosfellsbæ  
Snyrtistofan Dröfn Vestmannaeyjum

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ



## SUNNUDAGAR

## Jeppaferðir bestar



REYNAR DAVÍÐ OTTÓSSON  
VILL HELST NOTA SUNNUDAG-  
ANA Í EINHVERJA ÚTIVIST.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**Best:** „Það sem mér þykir best á sunnudögum er að fara í eitthvað gott „mission“, á snjóbretti, brimbretti eða í jeppaferð.“

**Verst:** „Það sem mér þykir verst er að klúðra sunnudeginum með því að sofa bara, mér þykir það ótrúlega leiðinlegt,“ segir Reynar Davíð Ottósson, eigandi Brims.

TOPP 5:  
Thomas Mann

## 1. Buddenbrooks (1901).

Mann var aðeins 26 ára þegar bókinn kom út en byrjaði að skrifa hana þegar hann var 21. Er langþekktasta verk hans og ein aðalástæða þess að hann hlaut Nóbelsverðlaunin árið 1929. Besta skáldsaga aldarinnar að mati Williams Faulkner.



## 2. Dauðinn í Feneyjum (1912).

Talið er að ein aðalsögupersónan byggist í raun og veru á tónskáldinu Gustav Mahler. Hefur verið kvikmynduð mjög oft. Talin hafa fjölmargar samkynhneigðar tilvísanir. Um söguna sagði Mann sjálfur: „Hér kemur allt heim og saman, allt gengur upp, kristallinn er tær.“

3. Doktor Fástus (1947). Aðalpersónan, Leverkühn, segja margir að tákni stjórn nasista í Þýskalandi enda hóf Mann að skrifa söguna 1940 og hafði þá þurft að flýja land sökum ógnarstjórnar þeirra. Mann byggði söguna mikið í kringum ævi og tónsmíðar klassískra tónskálda.

4. Felix Krull (1954). Fyrstu kaflarnir komu fyrst út sem smásaga árið 1922. Var gefin út eftir dauða Manns árið 1954 og var og er enn ókláruð.

5. Töfraljallið (1924). Tók heil 12 ár fyrir Mann að klára hana. Mann byggir söguna meðal annars á eigin reynslu er konan hans var rúm-föst á heilsuhæli í nokkra mánuði. Sagan átti fyrst að vera gamansöm en Mann breytti henni eftir að hafa upplifað fyrri heimsstyrjöldina.

# Jólágjöf fjölskyldunnar

Nýr MAZDA MPV  
Fjölnota fjölskyldubíll



## Eigum til afgreiðslu strax

Vel útbúna og rúmgóða 7 manna fjölnota fjölskyldubíla



**MAZDA**  
MPV LX V6

Fjarst. samlæsingar	Framhjóladrifinn
ABS bremsukerfi	5 þrepa sjálfsk.
16" álfelgur	V6-24 ventla 200 hestöfl
Rafm. í rúðum og speglum	Rennihurðir beggja megin
LATCH festingar fyrir barnabíl.	með rafdrifnum rúðum
Niðurfellanleg aftursæti	Hraðastillir
Eyðsla innanb. 13.1 L	Loftkæling
Eyðsla utanb. 9.4 L	12V.tengi í farangursrými



Verð kr. 3.250.000.-

Tilboðsverð til jóla kr. **2.890.000.-**  
Meðan birgðir endast



## KAUPAUKI

VETRARDEKK FYLGJA ÖLLUM NÝJUM MPV

**X4**<sub>ehf.</sub>

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík  
Sími: 565 2500

[www.x4.is](http://www.x4.is)

Opið virka daga 8-18:30

Umboðsaðilar:

BSA Akureyri - Sími 462 6300  
SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444  
Bílasala Vesturlands - Sími 437 2100

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.



NÝR MAZDA TRIBUTE V6  
kr. 300.000.- afsl. til jóla!  
Meðan birgðir endast



upprunalega myndin um King Kong frá 1933



Auglýsingaplatat vegna myndarinnar frá 1976.



Naomi Watts í örugnum höndum King Kong í mynd Peters Jackson.

# KING KONG

Stórvirki Peters Jackson um risagórrilluna King Kong verður frumsýnt í Bandaríkjunum og á Íslandi 15. desember næstkomandi. Af þeirri ástæðu fengum við kvikmyndamógúlinn Ómar Örn Hauksson til að segja okkur að eins frá þeim myndum sem gerðar hafa verið um þennan gríðarstóra apa í gegnum tíðina. Að sögn Ómars er mynd Jacksons önnur endurgerðin á upprunalegu myndinni með Fay Wray í aðalhlutverki. „Fyrsta myndin hét King Kong og er frá árinu 1933. Síðar kom endurgerð á þeirri mynd árið 1976 með Jessicu Lange og Jeff Bridges í aðalhlutverkum. Svo er Peter Jackson að gera aðra endurgerðina sem verið er að frumsýna núna. Það var reyndar gert framhald á upprunalegu myndinni. Sú mynd bar heitið Son of Kong. Svo var einnig gert framhald á fyrstu endurgerðinni frá árinu 1976 sem bar heitið King Kong Lives og kom út 1986.“

Að sögn Ómars er ekki hægt að bera þessar myndir mikið saman þegar talað er um gæði. „Það er auðvitað alltaf ákveðin nostalgíuheit í sambandi við upprunalegu myndina. Það er reyndar ótrúlegt hvað sú mynd er vel gerð miðað við hvenær hún var búin til. Það er hins vegar aðra sögu að segja frá myndinni frá 1976 sem verður að teljast slökust af þessum þremur á allan hátt. Þar var einfaldlega maður í górrillubúningi sem lék King Kong. Það kom ekki vel út. Svo er handritið í þeirri mynd líka illa skrifað.“ Ómar segist hlakka til myndar Peters Jacksons um górrilluna gríðarlegu. „Hún verður nú vafalaust best gerða myndin en ég mæli með að fólk leigi sér upprunalegu myndina svona til gamans.“

# Sungið til styrktar krabbameinssjúkum

„Tónleikarnir í fyrra tókust svo afskaplega vel að það kom ekki annað til greina en að endurtaka leikinn,“ segir Elísabet Reynisdóttir um styrktartónleika sem Kvinnakórinn Heklnar stendur fyrir í Langholtskirkju í dag, annað árið í röð.

Í fyrra söfnuðu Heklnar tveimur milljónum króna fyrir Eirík Vernharðsson sem þjáist af MS. „Við stefndum að því að safna 200 þúsund krónum en það vatt aldeilis upp á sig; kirkjan troðfylltist og þetta var yndisleg stund.“

Í ár ætla Heklnar að safna fé til styrktar ungum manni sem hefur þjást af krabbameini í

andliti undanfarin tvö ár. „Hann hefur ekki getað unnið neitt þann tíma og konan hans hefur líka verið mikið frá vinnu og við viljum rétta þeim hjálparhönd,“ segir Elísabet sem hefur veg og vanda af skipulagningunni ásamt Sigríði Þóru Árdal.

Það verður margt góðra gesta í Langholtskirkju, því ásamt Heklnum treður Sálin hans Jóns míns upp, Kristjana Stefánsdóttir djasssöngkona auk fleiri klassískra söngvara. Tónleikarnir hefjast klukkan 16 og er aðgangseyrir 1.500 krónur, en áhugasamir eru hvattir til að mæta fyrr en seinna því í fyrra komust færri að en vildu.



FRÁ TÓNLEIKUNUM Í FYRRA Heklnar söfnuðu um tveimur milljónum króna fyrir Eirík Vernharðsson sem þjáist af MS.

# Myndaðu jólin!

**Kaupuki!**  
512MB Sony Memorystick fylgir!  
Verðmæti 8.950,-

**DSC-S90**  
Sony CyberShot myndavél  
· 4.1 Mp effective Super HAD CCD myndflaga  
· Carl Zeiss Vario-Tessar linsa  
· 3x optical aðdráttur (6x Precision digital)  
· 2.5" litaskjár (115K upplausn)  
**2.912 krónur á mánuði\***  
eða 34.950 krónur staðgreitt.

**Kaupuki!**  
512MB Sony Memorystick að verðmæti 8.950,- og Sony leðurtaska að verðmæti 7.950,- fylgja!

**DSCT7**  
SONY CYBERSHOT DSCT7  
· 5.1 Mp effective Super HAD CCD myndflaga  
· Carl Zeiss Vario-Tessar linsa  
· 3x optical aðdráttur (6x Precision digital)  
· 2.5" litaskjár Hybrid LCD (230K upplausn)  
**4.163 krónur á mánuði\***  
eða 49.950 krónur staðgreitt.

**Kaupuki!**  
512MB Sony Memorystick fylgir!  
Verðmæti 8.950,-

**DSCT55**  
Sony CyberShot myndavél  
· 5.1 Mp effective Super HAD CCD myndflaga  
· Carl Zeiss Vario-Tessar linsa  
· 3x optical aðdráttur (6x Precision digital)  
· 2.5" litaskjár Hybrid LCD  
**3.329 krónur á mánuði\***  
eða 39.950 krónur staðgreitt.

**Kaupuki!**  
512MB Sony Memorystick að verðmæti 8.950,- og Sony leðurtaska að verðmæti 8.950,- fylgja!

**DSC-P200/S**  
Sony CyberShot myndavél  
· 7.2 Mp effective Super HAD CCD myndflaga  
· Carl Zeiss Vario-Tessar linsa  
· 3x optical aðdráttur (6x digital aðdráttur)  
· 38-114 miðað við (35mm)  
· 2.0" litaskjár (134K upplausn)  
**3.746 krónur á mánuði\***  
eða 44.950 krónur staðgreitt.

**◀ Kaupauki**

like.no.other™

**Sony Center Kringlunni**  
588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is

\*Miðað við 12 vaxtalauser jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Ljósmyndanámskeið  
**Gjafabréf 5.000,-**  
Ef þú kaupir einhverja af þessum myndavélum þá færðu að auki ljósmyndanámskeið hjá Sony Center að verðmæti 5.000 krónur.

# Smástirnið Apophis getur ógnað jarðlífi

Vísindamenn telja enn á ný að jörðinni kunni að stafa ógn af smástirni. Það sem nú um ræðir hefur fengið nafnið Apophis eftir hinum egypska guð eyðileggingarinnar. Gert er ráð fyrir að leiðir þess og jarðarinnar geti legið saman nokkrum sinnum kringum árið 2030 en hættan á árekstri verði mest árið 2036.

Þaglega verður jörðin fyrir endalausum regni loftsteina, sem langflestar brenna upp og eyðast í lofthjúp jarðar. Stöku steinn er þó það stór að leifar hans ná til jarðar og árlega berast fréttir af slíkum steinum sem detta af himnum ofan, án þess þó að valda umtalsverðu tjóni. Saga jarðar ber þess hins vegar ótvíræð merki að mjög stórir loftsteinar hafa af og til skolið til jarðar með ógnvænlegum afleiðingum. Þannig hefur því verið haldið fram að gríðarstór loftsteinn sem skall til jarðar á Yucatanskaga í Mexíkó fyrir einum 65 milljónum árum, hafi orðið risaeðlunum að aldurtíla.

## Dularfull sprenging í Síberíu

Síðan mannskepnan komst til vits og ára eru engar öruggar heimildir fyrir stórárekstrum loftsteina og jarðar, en þó álíta margir vísindamenn að dularfull sprenging sem varð í Tunguska í Síberíu árið 1908 og varð fjöldi manna að bana, hafi orsakast af því að loftsteinn sprakk í tætlur skammt frá jörðu. Hefur orka sprengingarinnar verið reiknuð allt að þúsund sinnum meiri en kjarnorkusprengjurnar sem Bandaríkjamenn vörpuðu á Hiroshima undir lok síðari heimsstyrjaldar.

## Hættustig fjögur

Nú telja bandarískir vísindamenn hins vegar að stórt smástirni sem fyrst varð við um mitt ár í fyrra, geti hugsanlega rekist á jörðina á næstu áratugum. Um er að ræða stein sem er um 320 metrar í þvermál.

Tölva hjá NASA, bandarísku geimvísindastofnuninni, reiknaði fyrst út að braut smástirnisins gæti legið hættulega nærri jörðu föstudaginn 13. apríl árið 2029. Og hættustig þessa var metið tveir á Torinoskalanum svokallaða sem nær upp í tíu. Nokkrum dögum síðar var búið að endurmeta stöðuna og hættustigið komið upp í fjóra sem er það hæsta sem nokkurt smástirni hefur fengið hjá NASA. Skalinn er reiknaður þannig að einn þýðir mjög lítið tjón á afmörkuðu svæði en tíu stórfelldar náttúruhamfarir sem yrðu stórum hluta mannkyns að fjörtjóni.

## Fer hjá í fyrstu atrennu

Vísindamenn hafa nú reiknað út braut Apophis með enn meiri

nákvæmni en fyrr og segja að hættan á árekstri árið 2029 sé tilföllum lítil þar sem allt bendi til að steinninn fari framhjá jörðinni í um þrjátíu þúsund kílómetra fjarlægð. Það er þó nógu nálægt til að ferlíkið verður greinilega sjáanlegt með berum augum.

Til dæmis um að þessi fjarlægð er ekki svo ýkja mikil þegar geimurinn er annars vegar, má geta þess að þeir fjarskiptahnettir sem sveima hvað lengst frá jörðu eru í um 35 þúsund kílómetra fjarlægð frá yfirborði jarðar, þannig að steinninn fer töluvert nær en þeir.


## 13. apríl 2036

En þó svo að við sleppum við Apophis 2029 erum við ekki laus við hann þar með því vísindamennirnir telja líklegt að smástirnið muni verða fyrir áhrifum af aðdráttaraflum jarðar í þessari fyrstu ferð framhjá okkur. Og það mun hafa þær afleiðingar að braut steinsins breytist á þann veg að hann getur orðið æ nærgöngull við jörðina.

Og ef allt fer á versta veg þá



ÁREKSTRUR LOFTSTEINS OG JARÐAR Svona hafa kvikmyndagerðarmenn Deep Impact ímyndað sér að áhrifin verði lenti stór loftsteinn á jörðu.



BRAUT APOPHIS FRAM HJÁ JÖRÐINI 13. APRÍL 2029 Skýringarmyndin sýnir glöggst hversu nærri jörðu Apophis fer þann örlagaríka dag 13. apríl 2029. Hvíta þverstrikið sýnir frávik brautarinnar en það hleypur einungis á örfáum þúsundum kílómetra sem er hverfandi stærð í þessu sambandi.

getur þessi samdráttur Apophis og móður jarðar náð hámarki þann 13. apríl 2036 með því að steinninn rekist á jörðina.

## Stuggað við grjótinu

Auðvitað byggist þessi hugsanlega atburðarás á útreikningum sem ef til vill eru ekki svo nákvæmir þegar reiknað er þrjátíu ár fram í tímann. Vísindamenn vilja þó ekki útiloka að þetta geti gerst og hvetja til þess að menn fylgist gaumgæfilega með Apophis og ferðum hans á næstu árum. Og NASA-menn hafa sett fram drög að aðgerðaáætlun til að verjast hugsanlegum árekstri Apophis og jarðar.

Þar er bent á þann möguleika að senda geimfar til móts við smástirnið sem ætlað væri að stugga við því með einhverjum hætti; nægilega mikið til að breyta braut þess þannig að það lenti ekki inn á áhrifasvæði aðdráttarafls jarðar.

## Hollywood á undan

Slík aðgerð minnir óneitanlega mikið á Hollywood-stórmyndina Armageddon frá 1998 þar sem Bruce Willis og aðrar ofurhetjur fara einmitt á geimfari til móts við smástirni sem ógnar tilveru jarðar. Tilgangurinn er að lenda

á geimgrýtinu, koma þar fyrir kjarnasprengjum og sprengja steinninn í smærri hluta sem brunnið geta upp í gufuhvolfinu. Allt gengur þetta eftir en vitalega ekki fyrr en á síðustu stundu og eftir miklar hremmingar einsog vera ber í alvöru Hollywood-mynd.

## Nægur tími til stefnu

Og það er kannski dæmi um að ímyndunarafl handritshöfundanna Hollywood-mynda er ekki alltaf svo fjarri raunveruleikanum að NASA-menn telja það fyllilega raunhæfan möguleika að senda geimfar til móts við smástirni á borð við Apophis í því augnamiði að breyta braut þess. NASA tekur þó fram að verkefni sem þetta taki að minnsta kosti tíu til tólf ár í undirbúningi og framkvæmd. Þeir segja því enga ástæðu til að hafa áhyggjur af þessu nú; það nægi að hefja þennan undirbúning kringum árið 2020 og þá verði aukinheldur hægt að reikna braut Apophis mun nákvæmar en nú. Með þessu er NASA ekki að leggja gegn því að geimfar verði sent fyrr til móts við loftsteininn og segist stofnunin í sjálfu sér fagna því að fá tækifæri til að rannsaka fyrirbæri sem þetta hvenær sem er ef fjármunir fást til slíks.

# Styrkir til nemenda

## á framhaldsstigi háskólanáms

Landsvirkjun auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna meistara- eða doktorsverkefna



Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins. Fyrirtækið býður viðskiptavinum bestu lausnir í orkumálum og tryggir með því grundvöll nútíma lífsgæða.

Landsvirkjun fæst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála. Það er helsti raforkuframléiðandi landsins og er í forystu fyrir byggingu orkuvera sem hafa í gegnum tíðina verið meðal stærstu framkvæmda í landinu. Landsvirkjun rekur umfangsmikla fjármálastarfsemi á alþjóðamarkaði vegna fjármögnunar á verkefnum fyrirtækisins.

Hjá Landsvirkjun starfa rúmlega 200 manns með fjölbreytta menntun. Dótturfélag eru þrjú talsins og er Landsnet þeirra stærst. Þá á Landsvirkjun hlutdeild í mörgum félögum, innlendum og erlendum, á sviði orkumála, fjarskipta, ráðgjafar og framkvæmda.

Landsvirkjun stefnir að því á hverjum tíma að vera í fararbroddi í framsækinni nútíma stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Á hverju ári veitir Landsvirkjun styrki til nemenda á framhaldsstigi háskólanáms sem eru að vinna að lokaverkefnum í meistara- og doktorsnámi. Á árinu 2006 verður varið samtals **3 milljónum** króna í námsstyrki og verður styrkjum úthlutað í apríl næstkomandi. Hver styrkur verður að lágmarki **400 þúsund** krónur.

Markmiðið með námsstyrkjum er að efla menntun og hvetja til rannsókna á hinum margvíslegu sviðum sem tengjast starfsemi Landsvirkjunar. Umsækjendur eru sérstaklega hvattir til að kynna sér hina fjölbreyttu starfsemi Landsvirkjunar á vefsíðu fyrirtækisins. Styrkjum er ætlað að standa undir hluta af kostnaði við lokaverkefni sem hafin eru eða munu hefjast á árinu 2006.

Umsækjendur þurfa að leggja fram lýsingu á verkefninu, meðmæli leiðbeinanda og rökstuðning fyrir því að verkefnið tengist starfsemi Landsvirkjunar.

Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, merktum:

„Námsstyrkir Landsvirkjunar 2006“

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um styrkveitinguna og starfsemi Landsvirkjunar er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, [www.lv.is](http://www.lv.is).

Fyrirspurnir má senda á netfangið [styrkir@lv.is](mailto:styrkir@lv.is).

Umsóknarfrestur er til **10. janúar 2005**.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.



**Landsvirkjun**

Góðir straumar í 40 ár

# Yrði skærari en Pólstjarnan

Þorsteinn Sæmundsson stjórnufræðingur sem fylgist manna best með því sem gerist í heimi geimrannsóknna segir ekki ástæðu til að hlaupa upp til handa og fóta vegna Apophis og hugsanlegrar hættu á að hann rekist á jörðina. „Ég held að það séu mestar líkur á því að nánari mælingar á braut smástirnisins sýni að það fer fram hjá án þess að okkur stafi hættu af,“ segir hann.

Næsta tækifæri til að mæla braut steinsins af meiri nákvæmni að sögn Þorsteins gefst árið 2013 og svo enn aftur árið 2021. „Ef þær mælingar sýna sömu niðurstöðu þá yrði að reyna að grípa til aðgerða,“ segir hann. Þorsteinn telur raunhæft að hægt verði að senda geimfar

til móts við steininn til að breyta braut hans. „Tæknin er að komast á það stig að við eigum að geta breytt braut smástirnis eins og þessa,“ segir Þorsteinn.


Hins vegar segir hann að það sé óumflýjanlegt að smástirni rekist á jörðina fyrr eða síðar. Það hafi gerst og eigi eftir að gerast aftur. „Líkurnar á því að þetta gerist á einni mannsævi eru einn á móti tíu þúsund, sem eru bara þó nokkuð miklar líkur.“

Þorsteinn dregur ekkert úr því að slíkur árekstur myndi valda gríðarlegu tjóni. „Ef stór loftsteinn færi í hafið, sem mestar líkur eru á, þá myndi það framkalla flóðbylgjur sem gætu verið nokkur hundruð metrar á

hæð.“

Samkvæmt núverandi útreikningum á braut Apophis fer hann fram hjá jörðinni í um þrjátíu þúsund kílómetra fjarlægð þann 13. apríl 2029. Það er mjög nálægt að sögn Þorsteins og nefnir til dæmis að gangi það eftir myndi steinninn geta sópað burt nokkrum fjarskiptatunglum ef illa tekst til. „Hann mun að minnsta kosti sjást greinilega á himni og að öllum líkindum verða skærari en Pólstjarnan,“ segir Þorsteinn Sæmundsson.

ÞORSTEINN SÆMUNDSSON Telur mestar líkur á að Apophis muni fara fram hjá jörðu í öruggri fjarlægð.



## Frá smástirni til loftsteins

Loftsteinn verður ekki loftsteinn fyrr en hann skellur á jörðina. Fram að því heitir hann smástirni. Þetta geimgrýti getur verið afar mismunandi að stærð, allt frá risastórum flykkjum á borð við Apophis, niður í agnarlítill sandkorn. Þetta eru smæstu agnir geimsins sem eru á braut um sólu. Steinarnir eru yfirleitt úr bergi, bergi og járn eða járn. Flestir þeirra eru frá því sólkerfið myndaðist fyrir um 4600 milljónum ára.

Vegna smæðar sinnar verða loftsteinar fyrst sýnilegir þegar þeir komast í snertingu við lofthjúp jarðar. Þá sést það sem við köllum yfirleitt stjörnuhrap. Steinarnir glóa vegna núnings við sameindir lofthjúpsins sem skella á þeim á miklum hraða. Flestir loftsteinar brenna algjörlega upp í lofthjúpnunum í um 100 km hæð. Þeir sjást sjaldan í meira en fáeinum sekúndum og ferðast á hraðanum 5-30 kílómetrar á sekúndu. Stundum eru steinarnir þó þó stórir að þeir ná ekki að brenna upp til agna í lofthjúpnunum og falla til jarðar.

Til eru mörg dæmi um að loftsteinar hafi skolið til jarðar. Í október 1992 sást eldhnöttur á himni yfir Peekskill í New York sem splundraðist í nokkra hluta og féll til jarðar. Eitt brotið lenti á bifreið konu nokkurrar. Hún slapp ómeidd en varð afar undrandi þegar hún fór út úr bílnum og sá hvar stór steinn lá við hliðina á honum. Steinninn reyndist vera loftsteinn og var tólf kíló á þyngd. Verra var fyrir konuna að tryggingar bæta ekki tjón af völdum loftsteina svo hún sat uppi með kostnaðinn af skemmdunum á bílnum. Hún sló hins vegar eign sinni á steininn og svo hljóp heldur betur á snærið hjá henni því henni voru boðnir nokkur þúsund dollarar fyrir loftsteininn og bílinn sem nú er sýningargripur.

Heimild: Stjórnufræðivefurinn.

# ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420  
201 KÓPAVOGUR

Opíð um helgina: lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00

ego dekor

ROCCO leðursófasett  
3+1+1  
Verð áður: 232.000.-  
Verð nú: **185.600.-**

ego dekor

FOCUS sófasett  
með útdragsásetu og massíva fætur  
3+1+1  
Verð: **145.000.-**

ego dekor

FOCUS leðursófasett  
3+1+1      3+2  
199.800.-    188.000.-

ego dekor

LUNA leðursófasett  
3+1+1      3+2  
188.000.-    178.000.-

ego dekor

ARJAN  
Verð: **13.500.-**

ego dekor

LISA  
Verð: **12.500.-**

ego dekor

Stóll með stálgrindafótum  
Verð: **16.800.-**

ego dekor

THEO  
Verð: **12.500.-**

## Glæsilegar vörur fyrir jólin

ný sending af fallegrri gjafavöru

ego dekor

CAPRI leðurlungusófi  
Færirgur með 1 helving dýrðunum bein  
Verð áður: 212.000.-  
Verð nú: **169.600.-**



## Draumar Dórotheu á Syðra-Felli

Í fögrum fjallasal Eyjafjarðarsveitar fann Breiðhyltingurinn Dórothea Jónsdóttir paradís og frjóan farveg drauma. Þar tifar tíminn á hraða snigils meðan borgarasinn fer sér hraðar en hlébarði, eða kannski lífstakturinn sé í eðlilegu jafnvægi og hollastur til sveita lands? Dóra bauð Þórdísi Lilju Gunnarsdóttur heimalagað te og hunang meðan hún sagði henni frá stórum lífsákvörðunum, mannkærleika sveitafólksins, rómantískri sperðlagerð og listalindinni nyrðra.

Ég veit ekki hvaðan þessi þrá eftir sveitinni kemur en hvorugt okkar hjónanna var í sveit sem barn. Sem ástfangin borgarborn leituðum við mikið út fyrir bæinn og fórum í göngutúra við Helgafell," segir frú Dórothea Jónsdóttir húsfreyja á Syðra-Felli í Eyjafjarðarsveit sem uppalin er í Breiðholtinu.

### Paradísarheimt

Bærinn Syðra-Fell stendur tignarlegur á tuttugu hektara jörð beint á móti hæsta fjalli Norðurlands, Kerlingu. Út um glugga Dóru húsfreyju gleður augað eitt fegursta guðshús landsins, Grundarkirkja.

„Í sveitinni finn ég gleggstan mun á því að vera laus við hraðann og stress borgarlífsins. Við fengum bæði nóg af því einn daginn," segir Dóra sem í febrúar flutti ásamt eiginmanni og tveimur ungum sonum norður í Eyjafjarðarsveit, en þá höfðu hjónin keypt gamla svínabúð að Syðra-Felli. „Við áttum og eigum enn sumar-bústað í Borgarfirði en það dugði ekki djúpri þrá okkar eftir frið sveitarinnar svo við ákváðum að leita okkur að bóndabæ. Reyndar var sú framkvæmd ekki fyrr en á tíu ára planinu en við vorum flutt innan tíu mánaða," segir Dóra sem er tölvunarfræðingur og starfaði áður hjá Reiknistofu bankanna.

„Ég var þessi dæmigerði vinnualki og stressfíkill meðan í eiginmanninum blundaði bóndi enda var æskudraumur hans að verða dýralæknir. Ég var því meiri dragbítur en þegar upp er staðið fíla ég þetta í botn eins og hann," segir Dóra um eiginmanninn Þröst Gylfason flugmann hjá Avion Group.

„Við erum bæði með þannig menntun að búseta skiptir ekki

máli. Þröstur flýgur um veröld víða með farþega Avion Group og kemur svo heim í sveitina okkar þess á milli. Ég er því oft ein með strákunum mínum en ég lít á það sem stóran kost því það reynir á félagslega þáttinn að koma nýr inn í nýtt umhverfi og er öllum holl lífsreynsla. Mér fannst mun óþægilegra að vera ein í einbýlishúsinu okkar í Reykjavík en hér," segir Dóra einlæg og hamingjusöm.

### Samviskubit og sperðlar

Dóra, Þröstur og snáðarnir þeirra fundu paradís að Syðra-Felli og Dóra segir þau hjónin hafa kynnst hvort öðru upp á nýtt eftir ellefu ára hjónaband í höfuðstaðnum.

„Þetta hefur haft ótrúlega góð áhrif á alla fjölskylduna og Þröstur rekur upp stór augu þegar hann spyr hvað ég hafi verið að dunda meðan hann flaug úti, sem þá hefur kannski verið slátrun og sperðlagerð. Held ég hefði ekki fengið hann í sperðlagerð í Reykjavík," segir Dóra og hlær dátt.

„Ég sé núna, þegar ég stend utan við asann, að það er ekki annað hægt en að taka þátt í neysluþjóðfélaginu. Við ætluðum aldrei að gera það né spenna bogann þannig að við þyrftum að vinna aukavinnu en þetta virðist smitandi og áður en varir er maður kominn á kaf. Svo vaknar maður einn daginn og sér að maður er á stað sem maður ætlaði sér aldrei en þá höfum við sem betur fer vald til að breyta. Nú erum við búin að trappa okkur niður, laus við óholla streitu og endalaus þreytu, auk viðvarandi og nagandi samviskubits yfir því að geta ekki sinnt börnunum nóg. Stærstu ákvarðanir lífs okkar

hafa því verið þær bestu," segir Dóra af yfirvegum og sátt, meðan Eyjafjarðarsveitin skartar sínum fegursta vetrarbúningi.

### Mannkærleikur í náttúrunni

Enn stunda ungu hjónin að Syðra-Felli engan stórbúskap.

„Við eigum þó örfá hross, hund og kött og svo ætla ég að fá mér fáeinar landnámsshænur. Kísa er í fullri vinnu við músaveiðar því á morgnana er mjöllin úti skreytt munstri músaspora," segir Dóra um litlu loðdýrin sem stundum freista þess að flýja kulda vetrarins í hlýju húsanna.

„Sveitin tók einstaklega vel á móti okkur og samfélagið allt öðruvísi en í borginni. Þegar maður flytur þar í nýja götu kynnist maður kannski einum til tveimur nágrönnum en hér ríkir mikil samstaða og mannkærleikur," segir Dóra, sem teygir í sig sveitalífið eins og þyrstur maður í eyðimörk.

„Við Þröstur erum ákaflega fróðleiksþyrst með það sem gerist í sveitinni og viljum læra síði sveitafólksins. Hér er mikil endurnýjun og ungt fólk að taka við býlum foreldra sinna. Maður finnur hve lítið þarf til svo maður uni glaður við sitt og verður meira sjálfum sér nægur. Drengirnir eru alsælir; sá yngri átti við magavandamál að stríða sem talið var mjólkuróþol en núna mætir hann með glasið sitt í fjósið á næsta bæ og biður um spenvogla mjólk, sem alveg hefur læknað hann af magaveikinni," segir Dóra brosmild. „Ég finn hvað við græðum á nærveru við náttúruna," segir Dóra, sem er jafn lengi að aka til Akureyrar og það tók hana að keyra til vinnu í Reykjavík.

„Þetta er um tuttugu kílómetra

**DÓRÓTHEA JÓNSDÓTTIR, HÚSFREYJA Á SYÐRA-FELLI Í EYJAFJARÐARSVEIT** Uglur sækja heim að Syðra-Felli og dansa ofan við túnin. Á myndinni er Dórothea með strúthettu sem var séreinkenni miðaldakvenna. Aftan á hettunni er tagl sem lafir niður á miðja kálfa en í því geymdu miðaldakonur peninga sína og notuðu sem pyngju. Dórothea vill vegsemd miðaldatískunnar sem mestan enda reglulega stoppuð af nútímakonum sem vilja vita hverju hún klæðist.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERLA STEFÁNSDÓTTIR



**ROKKSTJARNAN** Gítar í fullri stærð eftir handverksmanninn Jón Adolf, unninn úr linditré, hnotu, mahóni og tekki.



**HREINDÝRASALAT** Salatsett með hreindýrshorni eftir Guðrúnu Steingríms í Eyjafirði. Guðrún var fyrst til að stíga inn í listalind Dórotheu.

## listalind.is

Listalind.is er ný vefsíða Dórotheu á Syðra-Felli þar sem finna má upplýsingar um íslenska handverksmenn sem vinna einstaka muni víðs vegar á landinu. Íslenskt handverksfólk vinnur verk sín af miklum neista þótt aðferðirnar séu bæði flóknar og langvinnar.

Sem dæmi þarf að sjóða öll horn og bein fjórum sinnum, en í sveitum er rafmagn dýrt og ljóst að handverksmenn hafa aldrei nema upp í brotabrot af kostnaði vinnu sinnar, en einkennandi er hógværd í verðlagningu og markaðssetningu.

Með listalindinni vill Dórothea vekja almenning og fyrirtæki til umhugsunar um fegurð og fjölbreytni íslensks handverks og opna að því gáttina.

leið en eins og jógatími að keyra. Svo falleg og friðsæl leið."

### Seldi forsetanum hnif á krónu

Húsfreyjan á Syðra-Felli er hrifnæm vera. Árum saman hefur hún alið með sér draum um listalind sem geymir handverk þeirra sem búa til sjávar og sveita og í nóvember lét hún drauminn rætast þegar vefsíðan listalind.is opnaði; gáttin að íslensku handverki.

„Ég hafði lengi gengið með hugmyndina í maganum en var svo upptekin í lífsgæðakapphlaupinu að draumurinn varð að biða þar til ég fann neistann hér. Ég hef alltaf haft þörf fyrir að segja frá því sem ég sé. Tengdafaðir minn rekur fönðurvöruslun í Hafnarfirði og þar hef ég séð fólk koma með muni á öllum stigum og uppgötvað að fáir gera sér grein fyrir þeirri miklu vinnu sem liggur að baki hverjum hlut," segir Dóra, sem í búið tengdapabba varð bergnumin af listfengi alþjóðunnar.

„Í kjölfarið langaði mig að lyfta íslensku handverki á hærra plan og miðla áfram með frekari fróðleik, auk þess að búa sögulegu gæðahandverki veglegan sess. Íslenskir handverksmenn eru að mestu ósýnilegir og kannski vitað um einn tíunda þeirra. Ég vil þannig kynna fyrirtækjum íslenskt handverk og með því sporna við vingingjöfum og ostakörfum, nema íslenskur ostahnifur fylgi með," segir Dóra, sem með framtaki sínu hlúir endurgjaldslaut að handverksfólki í listalindinni.

„Á netinu finnst hvergi lýsingar á vinnuáðferðum og efnisnotkun fortíðar. Ég vil hvetja handverksfólk landsins til að hafa samband og setja inn á síðuna þess háttar fróðleik, auk kynningar

á eigin listmunum. Ég þekki af eigin raun hvað þessir listamenn eru hógværar sálir og verða oftast hessa þegar maður stendur á öndinni af hrifningu en nú þarf að koma þessu almennilega á framfæri," segir Dóra, sem um síðustu helgi fékk fjárstyrk frá KEA til vefsíðunnar, sem forseti Íslands afhenti við hátíðlega athöfn.

„Þá hafði hnífasmíðurinn Páll Kristjánsson lagt til hníf sem gjöf til forsetans. Þar sem þaðar ógæfu að gefa hnifa afhenti ég hann forsetanum með þeim fyrirvara að ég vildi selja honum upp á krónu. Herra Ólafur Ragnar sagðist þá vera alveg auralaus svo salurinn fór í vasa sína og borgaði fyrir hnífinn," segir Dóra og brosir blítt að minningunni, en þess má geta að þau hjónin reka auk listalindarinnar vefverslunina modex.is fyrir fjarstýrðar flugvélar og bíla.

### Sveitin er sálnameðal

Jólin koma senn í Eyjafjarðarsveit eins og annars staðar og Dóra bíður þeirra með tilhlökkun í hjarta.

„Ég hlakka mikið til að búa til okkar eigin síði undir myrkrinu, stjörnunum og hvítum fjallgarðinum. Hér færa sveitakonur einstæðingum smákökur og passa upp á þá sem eru einir, sem er fágætt í borginni þar sem allir hafa nóg með sitt. Í Reykjavík þurfti að hringja með hálfsmánaðar fyrirvara til að bjóða heim í mat og allir þurftu að finna út hvort dagurinn hentaði. Hér droppa gestir inn án fyrirvara og fara ekki fram á uppdekkad skreytt borð né formlegheit, heldur hittast á eigin forsendum sem er afslappandi og þægilegt. Þannig er sveitin. Svo heilnæm og holl sálinni.

# Íslensk tónlistarjól

OPIÐ til kl. 22  
öll kvöld til jóla  
í Skeifu, Smáralind,  
Kringlu.

ÁRITAR Í SMÁRALIND  
KL. 15:00

ÁRITAR Í KRINGLUNNI  
KL. 16:00



GARÐAR THOR CORTES - Cortes

ÁRITAR Í KRINGLUNNI  
KL. 17:00

ÁRITAR Í SMÁRALIND  
KL. 18:00



BERGSVEINN - September

ÁRITAR Í KRINGLUNNI  
KL. 18:00

ÁRITAR Í SMÁRALIND  
KL. 19:00



MATTI - Ólýsanleg

ÁRITAR Í SKEIFUNNI  
KL. 15:00

ÁRITAR OG SPILAR Í  
SMÁRALIND KL. 14:00



ÓSKAR PÉTURSSON - Þú átt mig ein

ÁRITA Í KRINGLUNNI  
KL. 19:00

ÁRITA OG SPILA Í  
SMÁRALIND KL. 16:00



NYLON - Góðir hlutir

ÁRITA Í SMÁRALIND  
KL. 13:00

ÁRITA Í KRINGLUNNI  
KL. 14:00



GERÐUR G. & RAGNHEIÐUR -  
Jólakveðja

ÁRITA Í SKEIFUNNI  
KL. 14:00



KK & ELLEN - Jólin eru að koma

UPPÁKOMA Í KRINGLUNNI  
KL. 15:00 OG Í SKEIFUNNI  
KL. 17:00



KÁTIR KRAKKAR & TRÖLLAPÉTUR

ÁRITAR Í KRINGLUNNI  
KL. 13:00



HEIÐA - Hluti af mér

ÁRITAR OG SPILAR Í  
SMÁRALIND KL. 17:00



PÁLL RÓSINKRANZ - Christmas songs

ÁRITA OG SPILA Í  
SMÁRALIND KL. 20:00



HEITAR LUMMUR

ÁRITAR Í SPÖNGINNI  
KL. 14:00



LEONE TINGANELLI - Volo libero

ÁRITAR Í SKEIFUNNI  
KL. 13:00

ÁRITA Í SPÖNGINNI  
KL. 15:00



HANSA - Mannsöngvar

ÁRITAR Í SKEIFUNNI  
KL. 16:00



MAGNÚS ÞÓR - Hljóð er nótt

kung fú



KUNG FÚ - Í sannleika sagt

ALLUR ÁGÓÐI RENNUR TIL  
RAUÐA KROSS ÍSLANDS



ÚR VÍSNAÐABÓK HEIMSINS



SÁLÍN HANS JÓNS MÍNS - Undir þínum  
áhrifum



ÝMSIR - Pottþétt í 10 ár



GUÐRÚN & FRÍÐRIK - Ég skemmti mér



HELGI BJÖRNS - Yfir Esjuna

Gildir til 12. desember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



KAUPMANNAHÖFN Nýhöfnin.



JÖRUNÐUR HUNDADAGAKONUNGUR 28 ára að aldri og ári áður en hann varð „konungur Íslands“.



NELSON FLOTAFORINGI Sigurvegarinn úr orrustunni um Kaupmannahöfn.

# Jörundur hundadagakonungur og orrustan um Kaupmannahöfn

Nelson flotaforingi trónir yfir Trafalgartorgi á súlu sinni. Súluna vakta fjögur risavaxin ljón sem svipbrigðalaust fylgjast með túristunum flæða eins og öldur yfir torgið. Fyrir aftan, á stalli súlunnar, eru útskornar myndir sem bera vitni um glæstustu sigra flotaforingjans: orrustuna við Níl, sem stöðvaði framsókn Napóleons inn í Asíu, orrustuna við St. Vincents höfða, þar sem hann sigraði helmingi stærri spænskan flota, og orrustuna við Trafalgar, sem gerði endanlega útaf við flota Frakka og stöðvaði öll áform um innrás þeirra í Bretland.

Fjórða lágmyndin lýsir þó orrustu sem hefur yfir sér minni hetjubrag, árásinni á Kaupmannahöfn 1801. Hún var forsmekkurinn að enn stærri atlögu árið 1807. Sú árás átti eftir að hafa mikil áhrif á þróun mála í Skandinavíu. Hún hafði einnig áhrif hérna uppi á Íslandi, með afar óvæntum hætti.

## Danska hættan

Árás Nelsons á Kaupmannahöfn árið 1801 var til þess gerð að þvinga Danmörku út úr hlutleysisbandalagi sem Danir höfðu stofnað til með Svíum og Rússum. Bretar fóru með sigur af hölmum en árásin leiddi ekki til frekari átaka milli landana að sinni. Nelson lést við Trafalgar árið 1805 og tók því ekki þátt í seinni árásinni. Aðdraganda hennar má þó rekja til Nelsons, þó með óbeinum hætti sé.

Eftir að Nelson hafði sókk sameinuðum flota Frakka og

Spánverja var aðeins einn umtalsverður floti eftir á meginlandi Evrópu, sá danski. Bretar vildu fyrir alla muni koma í veg fyrir að hann lenti í klóm Napóleons. Bretar kröfðust þess nú að Danir afhentu þeim flota sinn en þessu höfnuðu Danir. Réðust Bretar því



ORRUSTAN UM KAUPMANNAHÖFN Málverk eftir Nicholas Pocock.

til atlögu.

## Danir drepnir í hrönnum

Í þrjár nætur rigndi flugskeytum yfir Kaupmannahöfn. Meginher Dana var á Jótlandi til varnar hugsanlegri innrás Frakka og því voru fáir eftir til að berjast gegn Bretum. Karlmann borgarinnar flyktust að borgarmúrnum til varnar en skotið var yfir þá og á borgina sjálfa. Þrátt fyrir að Danir byggju yfir einhverju fullkomnasta slökkviliði samtímans fór eldurinn úr böndunum þriðju nóttina. Um tvö þúsund manns dóu, flestir af þeim konur og börn. Nærri tvö þúsund hús voru skemmd eða eyðilögð og danski

flotinn var dreginn á brott.

## Englendingar eru ótíndir þjófar

Hernaðarlega virtist árásin í fyrstu vel heppnuð frá sjónarhóli Breta en vandamálið var ekki einungis hernaðarlegt.

„Það voru augljós siðferðileg vandkvæði á því að hefja tilefnislausu árás og ræna úrræðum lands til að verja sig, sér í lagi þegar það gerði sig ekki líklegt til að ganga í lið með óvininum,“ segir í bók Söruh Blake-well, Jörundur hundadagakonungur (bls. 63). Hart var deilt um árásina á breska þinginu og sagði einn þingmaður: „Englendingar hafa komið fram sem ótíndir þjófar.“

## Danir berjast einbeittir

Þegar allt kom til alls hafði herförin á endanum þó takmarkað gildi. Eftir árásina voru Danir fljótir að ganga í lið með höfuðóvinum Bretlands, Frökkum. Þeim hafði tekist að fela talsvert magn af timbri og fallbyssum og voru ótrúlega fljótir að byggja upp nýjan flota sem nú herjaði á Breta. Þeir börðust einbeittir áfram allt þar til Napoleon sjálfur gafst upp árið 1814.

## Eldhugi í átökum

Eldhuginn, söguleg skáldsaga Ragnars Arnalds, hefst í þann mund þegar hinn nýi floti

Danmerkur leggur til atlögu. Þar segir frá átökum á Norður-Atlantshafi milli danska skipsins Admiral Juul, briggskipi sem breytt hafði verið í herskip, og hið langtum öflugra breska skips Sappho. Leikar enda þannig að danska skipið er hertekið og áhöfn þess færð í fangageymslur í London. Skipstjóri Juul, Jörgen Jörgensen, fær að ganga laus gegn því loforði að hann yfirgefi ekki borgina.

## Þrjú íslensk lýðveldi

Það fer þó á annan veg því skömmu síðar siglir hann með enskum kaupmönnum til Íslands þar sem hann útnefnir sjálfan sig hæstráðanda til sjós og lands og stofnar annað íslenska lýðveldið í sögunni. Lýðveldi hans var skammlift og hafði lítil áhrif á sögu Íslands, þótt forvitnilegt sé. Þriðja íslenska lýðveldið var ekki stofnað fyrir en rúmri öld seinna. En stríðið átti eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir Danmörku.

## Endalok stórveldis Danmerkur

Þó að Bretar hafi ekki grætt mikið á árásunum á Kaupmannahöfn töpuðu Danir miklu í kjölfar þeirra. Þeir misstu flota sinn og stórir hlutar Kaupmannahafnar voru lagðir í rúst, enn verri voru þau áhrif sem sjö ára stríðsrekstur hafði á efnahaginn. Allar eignir Dana á Bretlandseyjum voru gerðar upptækar og dönsk skip voru skotin í kaf hvar sem sást til þeirra. „Efnahagur Danmerkur hrundi og af þeim sökum varð hún aldrei umtalsverður þátttakandi í heimsviðskiptum 19. aldar,“ segir Bakewell (bls. 73).

## Ný ásynd Norðurlanda

Við stríðslok hafði landakort Norðurlanda breyst umtalsvert, svo og allrar Evrópu.

Sænski sagnfræðingurinn Harald Gustafsson segir: „Eftir óvenjulega friðsama öld voru Norðurlöndin dregin inn í hringiðu stórveldispolitík og á árunum 1809-1815 var gamla ríkja-kerfið barið í sundur.“ (Nordens Historia, bls. 152).

Svíar nutu þess að hafa barist gegn Frökkum á lokasprettinum en Danir, sem ráðist hafði verið á að ósekju, voru vitlausum megin við sigurinn. Rússar voru einnig í vinningsliðinu og fengu að halda Finnlandi sem þeir höfðu tekið af Svíum, en Svíar fengu Noreg í staðinn. Sem sárabætur fengu Danir hið þínulitla þýska hertogadæmi Lauenburg. Þó að þeir hafi haldið nýlendum sínum í Norður-Atlantshafi misstu þeir aðgang að hinum mikla skipastól Noregs og töldust ekki lengur til Atlantshafsstórvelda.

## Bandalag Breta og Japana

Árásin hafði einnig áhrif utan Norðurlanda og átti eftir að verða fordæmisgefandi næstu aldirnar. Á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöld voru margir í breska flotamálaráðuneytinu sem vildu „Kaupmannahafna“ þýska flotan eins og tekið var til orða, það er að segja sökkva honum án stríðsýfirlýsingar, en Bretum stóð þá mikill stuggur af uppgangi Þýskalands sem flotaveldis. Það varð ekki úr en Bretar hrósuðu Japönum þegar þeir sökku rússneska Kyrrahafsflotanum í Port Arthur árið 1904 án stríðsýfirlýsingar. Japanar voru þá bandamenn Breta sem kepptu við Rússa um yfirráð í Mið-Asíu.

## Árás Breta á Frakka 1940

Bretar fóru svo að eigin fordæmi í seinni heimsstyrjöldinni þegar þeir sökku franska Miðjarðarhafsflootanum í Mer-el-Kebir árið 1940. Frakkar höfðu þá gefist upp fyrir Þjóðverjum og Bretar svifust einskis til að koma í veg fyrir



TRAFALGARTORG Súlan var reist til heiðurs sjósigurum Nelsons yfir Frökkum, Spánverjum og Dönun.



## ÁRBÆJARSAFN - ÍSLENSKIR JÓLASÍÐIR Á AÐVENTU

OPIÐ Í DAG SUNNUDAGINN 11. DESEMBER  
FRÁ KL. 13 TIL 17.

Nánari upplýsingar á vefslóðinni [www.minjasafnreykjavikur.is](http://www.minjasafnreykjavikur.is)



Minjasafn Reykjavíkur  
ÁRBÆJARSAFN













# ERTU AÐ LEITA?


Yfir 20.000 titlar af tónlist, DVD og tölvuleikjum

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN...

 <p><b>1.699 kr.</b></p>	 <p><b>1.699 kr.</b></p>	 <p><b>2.199 kr.</b> <b>3CD</b></p>	 <p><b>1.599 kr.</b> <b>1.999 kr.</b> <b>CD+DVD</b></p>	 <p><b>1.699 kr.</b></p>
<p>Garðar Thor Cortes - Cortes</p>	<p>Tónmilda Ísland</p>	<p>Björgvin Halldórsson - Ár og öld</p>	<p>Írafar - Írafar</p>	<p>Hansa - Mannsöngvar</p>
 <p><b>1.699 kr.</b></p>	 <p><b>1.699 kr.</b></p>	 <p><b>1.699 kr.</b></p>	 <p><b>1.699 kr.</b></p>	 <p><b>1.699 kr.</b></p>
<p>Magnús Þór Sigmundsson - Hjóð er nóttin</p>	<p>Hvert örstutt spor - Diddú</p>	<p>Páll Rósinkranz - Christmas songs</p>	<p>Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar - Ég skemmti mér</p>	<p>Sálin hans Jóns míns - Undir þínum áhrifum</p>

## MESTA ÚRVALIÐ AF DVD TÓNLIST...

 <p><b>1.999 kr.</b> <b>2DVD</b></p>	 <p><b>3.499 kr.</b> <b>2DVD</b></p>	 <p><b>1.999 kr.</b></p>	 <p><b>2.999 kr.</b> <b>2DVD</b></p>	 <p><b>1.999 kr.</b></p>
<p>Keane - Strangers</p>	<p>Eagles - Farewell Tour</p>	<p>U2 - Vertigo: Live From Chicago</p>	<p>Cream - Royal Albert Hall</p>	<p>Pixies - Sell Out 2004 - Reunion Tour</p>




MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI



skemmtir þér ;)

**TAPAÐU ÞÉR Í SUDOKU Á PSP!**



Í næstu verslun

Skóverslun opin mán-mið-fös kl. 13-17 | friskarifaetur.is

**ERTU Á LEIÐinni í fríið?**

GREEN COMFORT  
FJÖLDI TEGUNDA AF SANDÖLUM, SKÓM OG ORKUNNLEGGJUM Í MÖRGUM LITUM.



Vandaður og þægilegur fótabúnaður er nauðsyn hverjum ferðalang! GREEN COMFORT skór og innlegg eru hönnuð af fagfólki á sviði fótameina. Stuðningur og mykt - minni þreyta!

Fagleg ráðgjafi  
SÍM 553 3503

Fótoaðgerðastofa  
Guðrúnar Alfredsdóttur  
Lísthúsinu Engjateigi, 108 Rvík

**Skóli fyrir þig?**

Ertu strákur eða stelpa á aldrinum 16-25?

Langar þig að stunda skemmtilegt nám:

- í heimavistar skóla?
- í góðum félagsskap?
- í fögru umhverfi?

**Innritun á vorönn stendur yfir!**

Skólinn hefst 9. janúar



Uppl. [www.hushall.is](http://www.hushall.is) eða í síma 471 1761

**Sudoku dagsins**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

4	2	7	6	1	9	8	3	5
1	8	9	2	3	5	4	6	7
3	5	6	7	8	4	2	1	9
2	3	5	1	6	8	9	7	4
8	7	1	9	4	3	5	2	6
6	9	4	5	2	7	1	8	3
7	6	2	4	9	1	3	5	8
9	1	8	3	5	6	7	4	2
5	4	3	8	7	2	6	9	1

		6		9		8		1
	3					5		6
		5	8	2		9		
			6					
1	7						6	4
					8			
		3		8	5	2		
5		7						1
9		1		7		6		

**ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ**

**STUÐ MILLI STRÍÐA** Þegar markaðurinn stal jólnum

KRISTJÁN HJÁLMARSSON POLIR EKKI JÓLALÖG



Áður fyrr fannst mér jólin það frábær að ég gat fyrirgefið alla þá galla sem þeim fylgdu. Jólin er jú sú hátíð sem er hvað mest gölluð af öllum þeim hátíðum sem við höldum upp á, með tilheyrandi stressi, jólagjafa-kaupum, fjárútlátum og svo mætti lengi telja. En það voru einmitt þessir gallar sem ég var tilbúinn að fyrirgefa áður en hinn frjálsa markaður stal jólnum mínum eins og Tröllli stal jólnum hjá litla græna fólkinu í bók dr. Seusar.

Einn helsti galli jólanna eru hin algjörlega óþolandi jólalög

sem hljóma ótt og títt í útvarpinu. Áður fyrr ríkti einhvers konar þegjandi samkomulag, óskrifuð regla, um að útvarpsstöðvarnar byrjuðu ekki að spila jólalög fyrr en fyrsta dag jólamánaðar. Fyrir nokkrum árum breyttist þetta þegar útvarpsstöðvarnar seldu hluta af því litla sem þær áttu eftir af sál sinni og tóku höndum saman við verslunareigendur um að lengja jólavertíðina með því að byrja að spila jólalögin fyrr, allt í þágu verslunar og aukinnar tekna í formi auglýsinga.

Því miður eigum við Íslendingar ekki nógu mörg jólalög til að standa undir lengri jólum og fyrir vikið heyrast sömu leiðinlegu lögin aftur og aftur. Vegna

jólaglaga í útvarpinu og jóla-skreytinga sem eru komnar upp í október er ég orðinn hundleiður á þessari heilögu hátíð þegar hún loksins gengur í garð. Og ég vil ekki kenna neinum um nema verslunar- og útvarpsstöðvaeigendum sem berjast um á hinum frjálsa markaði.

Tröllli greið hafði þá afsökun að hann var með hjarta sem var tveimur númerum of lítið en sem stækkaði um leið og jólin gengu í garð. Sömu sögu er hins vegar ekki hægt að segja af hinum frjálsa markaði. Sá fjandi hefur nefnilega ekkert hjarta og honum er slétt sama um það hvort hann steli jólnum eður ei, bara svo lengi sem veltan eykst frá ári til árs.

**myndasögur**

**Pondus**

Eftir Frode Overli



**Bull.** Ég er búinn að smyrja þessu framan í mig í 2 mánuði og er enn eins og ruslahaugur í framan!

**BÓLUEYÐANDI KREM!** Smyrjið þunnu lagi varlega á andlitnið tvisvar á dag. Frábær árangur á 14 dögum.

**SWITCH!** "Smyrjið þunnu lagi."

**BAM! BAM! BAM!** "...varlega á andlitnið"


"Frábær árangur á 14 dögum..."

Daginn sem bólur og gleraugu komast í tísku skal ég lofa þér að þú verður aðal maðurinn!

Já!

**Pú og pa**

Eftir SÖB



Miklar umræður áttu sér stað í Himnaríki um það hver gasti tekið að sér að fara niður til jarðar og leika jólasveininn sem var dauður og kominn til Himnaríkis. Það má kannski segja að einfaldast hefði verið að senda jólasveininn niður um jólinn en það er svo með þá sem eru nýdauðir að þeir geta ekki farið niður fyrr en eftir nokkur ár. Það var spurning um hvort Pétur léki Sveinka en hann þvertók fyrir að gera það og fara niður til jarðar, nóg væri að gera uppi Himnaríki svona rétt fyrir Jól! Og þá var einsog oft áður að allra augu einblindu á tvo smáengla!

Medison er að búa til gærfiskegg.

Þetta lítur bara vel út he, he, he!

Hér er húfan og jollagallinn.

Það er alls ekki eðlilegt hvað það er endalokast hægt að niðast á okkur!

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

DESEMBER

8 9 10 11 12 13 14

**Sunnudagur**

**TÓNLEIKAR**

- 16.00 **Skagfirski söngsveitin** í Reykjavík heldur jólatónleika í Háteigskirkju undir stjórn Björgvins Þ. Valdmarssonar. Gestir á tónleikunum eru **Karلاكór Selfoss** undir stjórn Loftis Erlingssonar og **Samkór Mýramanna** undir stjórn Braga Þórs Valssonar.
- 16.00 Jólastyrktónleikar verða haldnir í Langholtskirkju til styrktar ungum manni og fjölskyldu hans sem eiga um sárt að binda um þessi jól.
- 16.00 Árlegir jólatónleikar **KaSa** hópsins verða í Salnum í Kópavogi, þar sem **Ashildur Haraldsdóttir** flautuleikari, **Sif M. Tulinius** fiðluleikari, **Sigurður Bjarki Gunnarsson** sellóleikari og píanóleikararnir **Peter Máté** og **Miklós Dalmay** koma fram ásamt Önnu Guðnjú Guðmundsdóttur píanóleikara, Strengjasveit Tónlistarskóla Reykjavíkur, Drengjakór Reykjavíkur og félagum úr Karلاكór Reykjavíkur. Jólasveinninn lítur í heimsókn.
- 17.00 Aðventutónleikar **Reykjalundarkórsins** verða í Árbæjarkirkju.
- 17.00 **Kirkjukór Grensáskirkju** heldur aðventutónleika í Grensáskirkju ásamt strengjasveit. Einsöngvarar eru **Ingibjörg Ólafsdóttir, Viljalmur Þór Sigurjónsson, Geir Jón Þórisson** og **Ingimar Sigurðsson**. Stjórnandi er **Árni Arinbjarnarson**.
- 20.00 **Kór Bústaðakirkju** heldur sína árlegu og vinsælu Jólasveiflu með **Diddú** og **Guitar Islancio**. Píanóleikari er **Bjarni Þór Jónatansson**. Að vanda verður flutt fjölbreytt efni, jólalög, þjóðlög, negrasálmur, gospel og klassik. Stjórnandi er **Guðmundur Sigurðsson**, organisti og kórstjóri Bústaðakirkju.



SNORRI OG WARHOL „Andy Warhol er fyrirmyndin mín,” segir Snorri Ásmundsson.

**Snorri hættir opinberu brölti**

Heimspekingarnir Jón Proppé og Valur Antonsson, sem báðir hafa látið sig myndlist mjög varða, ætla að gera úttekt á Snorra Ásmundssyni myndlistarmanni í Nýlistasafninu í dag, spjalla við hann og efna til umræðna með þátttöku áhorfenda um stöðu nýlista á Íslandi.

„Ég er búinn að vera svo berskjaldaður,” segir Snorri Ásmundsson listamaður, sem um þessar mundir gerir upp feril síðustu ára á yfirlitssýningu sinni í Nýlistasafninu. Hann hefur staðið í margvíslegu „brölti“ á opinberum vettvangi, eins og hann orðar það sjálfur, boðið sig fram til borgarstjóra og forseta, selt aflátsbréf og látið krossfesta sig, svo fátt eitt

sé nefnt. „Maður hefur verið að gera sjálfan sig að opinberu listaverki, hálfgerðu friki og kallað yfir sig alls konar áreiti í kjölfarið. Einhvern veginn fannst mér að ég þyrfti að kveðja þetta með þessari sýningu. Þetta er dýrmæt reynsla sem ég er með en nú ætla ég að taka svoltið annan pól í hæðina,” segir Snorri, sem hefur tekið upp nýtt listamannsnafn og nefnir sig héðan í frá Znosso.

„Þegar maður notar sjálfan sig svo mikið þá fer maður að rugla saman persónunni Snorra Ásmundssyni og listamanninum Snorra Ásmundssyni. Oft eru listamenn að koma sér upp alter ego en ef ég hefði gert það þá hefði enginn getað tekið mark á mér.“

- 20.00 **Söngsveitin Fílharmónía** heldur aðventutónleika sína í Langholtskirkju ásamt strengjasveit sem **Rut Ingólfssdóttir** fiðluleikari leiðir. Einsöngvari er **Sólrún Bragadóttir** sópran. Stjórnandi er **Bernharður Wilkinson**.

**OPNANIR**

- 15.00 **Benedikt S. Lafleur** opnar með pomp og prakt Listasetur fyrir almenning að Hólmaslóð 15. Boðið verður upp á hljóðfæraleik, snittur og myndlistarsýningu.

**HIMNARÍKI**  
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen  
24. sýn. 28. des.  
Miðapantanir í síma 555 2222 og á mid.is

**Afdrep í jólaösinni**

Í dag opnar Benedikt S. Lafleur listasetur fyrir almenning að Hólmaslóð 15 í Reykjavík. Benedikt, sem er bókaútgefandi, rithöfundur, myndlistarmaður og sjóundkappi með meiru, ætlar að bjóða þarna upp á afdrep fyrir unnendur jafnt myndlistar sem bókmennta auk þess sem þarna verður rými þar sem menn geta dregið sig í hlé til andlegrar fhugunar.

„Ég ætla að hafa opið á hverjum degi frá klukkan 12 til 18 fram að áramótum svo kemur í ljós hvað verður eftir það,” segir Benedikt.

Á opnuninni í dag, sem hefst klukkan 15, verður boðið upp á veitingar, þar á meðal engiferseyði sem Benedikt segir nánast allra meina bót.

„Þetta er róandi fyrir lífrina og veitir víst ekki af svona rétt fyrir jólin þegar menn eru fullir af stressi og borða allt of mikið af súkkulaði og hangikjöti. Á



BENEDIKT S. LAFLEUR Opnar listasetur úti á Granda í dag. FRÉTTABLAÐIÐ

opnuninni verður líka leikin suðuramerísk tónlist á gítar og mikið fjör;“ bætir Benedikt við og vill sérstaklega hvetja krakka til að koma.

„Það verður þarna mikið af krökkum sem ég hef verið að kenna glermálun.“

**HILMIR SNÆR GUÐNASON**  
**ÉG ER MÍN EIGIN KONA**



lau. 10.12 **uppselt**  
sun. 11.12 laus sæti  
fim. 15.12 laus sæti  
fös. 16.12 örfá sæti laus  
lau. 17.12 laus sæti  
þri. 27.12 laus sæti  
mið. 28.12 laus sæti  
fim. 29.12 laus sæti

**GJAFAKORT - TILVALIN JÓLAGJÖF**  
MIDASALA: www.mid.is og í lðnó s. 562 9700  
Landsbankinn  
Landsbankinn er stoltur bakhjál sýningarinnar.

**Nína og Geiri** söngbók  
Björgvins Halldórssonar  
Leikstjórn: Gunnar Helgason  
9. des. Uppseilt  
10. des. Uppseilt  
16. des. Uppseilt  
17. des. Uppseilt  
28. jan. Nokkur sæti laus  
4. feb.  
18. feb.  
25. feb.  
4. mars  
11. mars  
18. mars  
Gjafakort jólagjöfn í ár  
5331100 Netfang: midasala@broadway.is  
Ögrettdir miðar seldir hálfmánuði fyrir viðburð.

**Le Sing**  
Syngjandi þjónar  
Ein vinsælasta leiksýning landsins.  
Alla laugardaga  
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg  
BROADWAY  
Sími: 533-1100

**ÖSKUBUSKA**  
ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI  
Frumnýning sun. 5. feb. kl. 20  
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 - 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20  
GJAFAKORT Í ÓPERUNA - jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.  
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200  
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.  
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.  
ÍSLENSKA ÓPERAN

**Jólatónleikar**  
TÓNSPROTINN Í HÁSKÓLABÍÓ  
LAUGARDAGINN 17. DESEMBER KL. 14.00 – ÖRFÁ SÆTI LAUS  
LAUGARDAGINN 17. DESEMBER KL. 17.00\* – ÖRFÁ SÆTI LAUS  
Hljómsveitarstjóri :: Bernharður Wilkinson  
Kynnir :: Halldór Gylfason  
Einleikari á klarinett :: Arngunnur Árnadóttir  
Einleikari á trommur :: Ingólfur Gylfason  
Kór :: Barnakórar frá Flúðum og Selfossi  
Kórstjórar :: Edit Molnar og Glúmur Gylfason  
Dansarar :: Nemendur úr Listdansskóla Íslands  
Danshöfundur :: Anna Sigríður Guðadóttir  
Klassískt jólakonfekt úr ýmsum áttum  
\*Tónleikar utan áskrifta  
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS  
SÍMI 545 2500 :: WWW.SINFONIA.IS

**BORGARLEIKHÚSIÐ**  
Stóra svið Nýja svið/Litla svið  
Salka Valka Lifsisins tré  
Woyzeck Þrjár systur e. Tsjechov  
Kalli á þakinu  
Leikhópurinn Perlan  
GJAFAKORT  
Miðasala á netinu

**Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**  
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00  
EDITH PIAF  
Aukasýning í kvöld sun. 11/12 **uppselt. Allra síðasta sýning.**  
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR  
Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00.  
EDITH PIAF 1915-2005 - söngdagskrá á afmælisdegi Piaf  
Mán. 19/12 kl. 21:00 nokkur sæti laus.  
TÚSKILDINGSÓPERAN  
Frumnýning mán. 26/12 **uppselt**, 2. sýn. þri. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus.  
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00  
ELDHÚS EFTIR MÁLI  
Frumnýn. fim. 29/12 **uppselt**, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, sun. 8/1.  
LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN  
LEITIN AÐ JÓLUNUM  
Í dag sun. 11/12 kl. 14:00 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, þri. 13/12 kl. 10:00 **uppselt** og kl. 11:15 **uppselt**, mið. 14/12 kl. 10:00 örfá sæti laus, fim. 15/12 **uppselt**, lau. 17/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 14:15 **uppselt** og kl. 15:30 **uppselt**, sun. 18/12 kl. 14:00 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, fim. 22/12 kl. 13:00 **uppselt**, mið. 28/12 kl. 13:00 **uppselt** og kl. 17:00 **uppselt**.  
LEIKHÚSKJALLARINN  
Leikhúskjallarinn er opin fyrir og eftir sýningar.  
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.  
MIDASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MIDASÓLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

„Og allt í einu skaut upp hugsun eins og leiftri: Steldu bókinni! Kannski tekst það og þá geturðu falið hana hjá þér í klefanum og lesið og lesið; loksins geturðu þá aftur lesið!“

SKÁKSNIILINGURINN DR. B. SEGIR FRÁ FANGAVIST SINNI HJÁ GESTAPÓ Í BÓKINI MANNTAFL EFTIR STEFAN ZWEIG.

## bækur

baekur@frettabladid.is



GUÐJÓN FRÍÐRIKSSON Hann les upp úr bók sinni Ég elska þig stormur – ævisaga Hannesar Hafstein.

## Bókaveisla

Árleg bókaveisla Sagnfræðingafélags Íslands og Sögufélags verður haldin á þriðjudagskvöld í húsi Sögufélags í Fischersundi. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Bókaveislan hefst klukkan átta og meðal þeirra sem lesa úr verkum sínum eru Guðjón Friðriksson, Guðmundur Magnússon, Jón Ólafur Ísberg, Magnús Lyngdal Magnússon, Sigrún Pálsdóttir og Þóra Kristjánsdóttir. Fundarstjóri er Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur.

# Góðar stelpur fá í skóinn

Bergljót Arnalds elskar jólin því henni finnst best að gefa og þiggja í andrúmi kertaljósa og allsnægta með þeim sem hún unnir mest. Bergljót er sem sagt jólabarn fram í fingurgóma og hefur lengst af verið hrifnust af Stúfi, en það hefur breyst. Hún sagði Þórdísi Lilju Gunnarsdóttur hverju sætti.

„Mig hefur lengi langað að skrifa bók um íslensku jólasveinana og ætlaði upphaflega að skrifa eingöngu um Stúf en svo vildi sagan verða svona og ég skrifaði um alla jólasveinana, með Grýlu í veigamiklu hlutverki,“ segir Bergljót um Jólasveinasögu, sem hún skrifaði í sumar sem leið.

„Íslensku jólasveinarnir hafa skemmtileg persónueinkenni og auðvelt að skapa áhugaverðar sögur í kringum þá grallara. Ég kynni hvern og einn þeirra í opnum þannig að engin ein persóna skyggir á hina og þannig kynntist ég karakterum þeirra enn betur og fór að halda upp á jólasveina sem ég hafði áður tekið minna eftir,“ segir Bergljót um karlana í þessari frumsömdu barnasögu sem þó er byggð á íslenskri þjóðtrú.

„Mér finnst skorta þjóðlegt efni sem byggir á þjóðtrú okkar fyrir börn. Því fannst mér tilvalið að sagan byggði á hefðinni en þó með nýjum tóni. Þetta eru enn gömlu, góðu jólasveinarnir og Grýla gamla, en undir áhrifum frá því sem börn upplifa í kringum jólasveina nútímans,“ segir

Bergljót sem ýkir upp ýmis sérkenni jólasveinanna í sögunni.

„Eins og flestir vita er Gáttaþefur afar lyktnæmur en í sögunni þegar hann finnur góðan ilm stækkar nef hans svo mikið að það fyllir út í helli jólasveinafjölskyldunnar þannig að hann lokar hin inni og enginn kemst til byggða þá nótt að færa börnunum í skóinn,“ segir Bergljót og skellir upp úr, en hún trúir einlægt á jólasveininn.

„Stundum set ég skóinn út í glugga til að sannfærast og fæ þá eitthvað fallegt með óútskýranlegum hætti. Ég trú á alla þrettán jólasveinana því það er miklu praktískara að fá þrettán gjafir, auk þess sem ég trú á jólasveinar séu vel með á nótnum hvað varðar tísku og vinsælt dót því þeir koma jú árlega til byggða,“ segir Bergljót sem í dag ætlar í Borgarleikhúsið á jólasýningu leikhópsins Perlunnar sem frumsýnir leikverk sitt byggt á bók hennar, Jólasveinasögu.

„Það hefur verið dásamlegt fylgjast með uppfærslunni og sjá söguna lifna við á sviðinu, en hvort frekari útfærsla verði á Jólasveinasögu er erfitt að spá fyrir um núna,“ segir Bergljót sem fengið hefur fádæma viðtökur við bókinni, en enska útgáfan er uppseld.

„Til að auðvelda teiknaranum Frédéric Boulet verkið þýddi ég bókina á ensku, en þá kom í ljós mikil undrun og hrifning útlendinga á þeirri þjóðtrú Íslendinga að eiga þrettán jólasveina. Því ákvað ég að gefa hana út með enskum texta líka; bæði fyrir börn í útlöndum að upplifa séríslenska jólasögu og öll íslensku börnin sem búa erlendis og lesa orðið bara ensku.“



RITHÖFUNDURINN OG JÓLABARNIÐ BERGLJÓT ARNALDS Skrifaði Jólasveinasögu á tveimur tungumálum í sumar en hafði gengið með hugmyndina í maganum í þrjú ár.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800



Opið laugardaga kl.: 11 – 17 // sunnudaga kl.: 13 – 16



ÍSLANDSATLAS Bókin er uppseld hjá útgefanda eftir aðeins þrjár vikur á markaðnum.

## 15 tonn eru uppseld

Edda útgáfa gaf út Íslandsatlas þann 16. nóvember en í honum er Ísland sýnt í nýju ljósi. Bókin var einstaklega vel tekið og er nú svo komið að síðasta eintakið hefur verið selt út af lager Eddu. Þykir það nokkuð gott þar sem atlasinn hefur aðeins verið í þrjár vikur á markaðnum. Hvert eintak bókarinnar vegur um fjögur og hálf kíló og því er ekki fjarri lagi að öll þau 3.300 eintök sem seld hafa verið hafi vegið um 15 tonn.

Endurprentun hefur verið pöntuð á verkinu en hennar er ekki að vænta fyrr en í lok janúar. Þá sem langaði í bókina í jólagjöf þurfa þó ekki að örvænta þar sem Edda hefur látið útbúa sérstök gjafabréf sem bjóðast þeim sem vilja Atlasinn í jólagjöf.

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ



**HRAFNINN** Einn hópurinn notar íslenska hrafninn sem uppsprettu hugmynda sinna. Á myndinni eru Björn Lárus Arnórsson og Bryndís Sveinbjörnsdóttir.

# Hrist upp í ferðabransanum

Nemendur á öðru ári í Listaháskóla Íslands og nemendur í viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík hafa unnið saman verkefni undir yfirskriftinni Ný sýn í ferðamálum. Um helgina sýna nemendur afraksturinn og er þar að finna ýmsar sniðugar hugmyndir um það hvernig hrista má upp í ferðabransanum á Íslandi.

Ein hugmyndin kallast Skuggar og snýst um að ferðamenn geti slegist í hóp með þeim steinum og klettum sem samkvæmt þjóðsögum eru ekkert nema tröll sem urðu svo óheppin að rekast á bæn-vænt sólskinið.

„Hugmyndin var að snúa túrismanum við,“ segir Þórunn

Árnadóttir nemi í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands. „Túristarnir koma til landsins og kaupa minjagrip en við viljum fá þá til að koma og skilja eftir sig minjagrip í landinu. Þetta er gert með því að bjóða túristum að fá gerða stytta af sér á Skógasandi og í lokin verður þetta eins og skógur af styttnum. Túristarnir geta þá komið og skoðað aðra túrista.“

Að sögn Þórunnar myndi slíkur minjagripur kosta sjötíu þúsund krónur en styttnar yrði tilbúin sólarupprás eftir þöntun. „Þetta er vísun í tröllin sem steinrenna við sólarupprás.“

Sýningin er í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og stendur yfir frá laugardegi til sunnudags.



**GERT KLÁRT** Nemendur voru önnur kafnir á föstudaginn við að gera klárt fyrir sýninguna.

## NÝJAR BÆKUR

Hjöld íslenska bókmennta-félag hefur gefið út **Íslensk-færeyska orðabók**. Höfundur er Jón Hilmar Magnússon, kennari og prentsmiðju-stjóri á Akureyri sem hefur hér lyft grettistaki. Íslensk-færeyska orðabók er sú fyrsta og eina sinnar tegundar og nær til u.þ.b. alls þess sem talað er og skrifað á færeyska tungu; í bókmenntum og listum, í tækni- og fræðigreinum sem og í nútíma talmáli.



Hjá Almenna bókafélaginu er komin út **Thorsarnir. Auður – völd – örlög** eftir Guðmund Magnússon. Á blómatíma ættarinnar höfðu Thorsarnir mörg

járn í eldi og þræðirnir lágu hvarvetna um samfélagið; útgerð, landbúnað, útflutningsverslun, utanríkisþjónusta og raunar æðstu stjórn. Thorsarnir bárust á í einkalífinu en undir niðri sveimuðu ýmis fjölskylduleyndarmál – þar eins og annars staðar skiptust á skin og skúr. Saga Thorsaranna er saga um ótrúleg auðævi og takmarkalítil áhrif en einnig um misjöfn örlög.

Hjá Vöku-Helgafelli er komin út **Limrur** eftir Kristján Karlsson. Formála skrifar Halldór Blöndal. Hér birtist safn snjallra og mishátiðlegra limra eftir einn af meisturum þessa forms á íslensku.



Vaka-Helgafell hefur gefið út **Eldgos 1913-2004** eftir Ara Trausta Guðmundsson og Ragnar Th. Sigurðsson. Verkinu er skipt í sjö aðalkafla sem hver er helgaður einni gosstöð; Kröflu, Öskju, Grímsvötnum, Heklu, Kötlu, Surtsey og Heimaey.

Mál og menn-ing hefur gefið út bókina **Guðni Bergs – fótoltasaga** eftir Þorstein J. Íþróttiferill Guðna Bergssonar er sannarlega glæsilegur þó að skiptst hafi á skin og skúr. Hann er sagnamaður af guðs náð og í farsælu samstarfi við fjölmiðlamanninn og rithöfundinn Þorstein J. hefur hann skapað athyglisverða bók, sem kætir alla þá sem unna góðum sögum og fótoltasögum.



# GLEÐIGJAFAR

GÆÐA RAFTÆKI FYRIR HEIMILIÐ

## KENWOOD



**MELISSA**

Melissa 646033  
500w MATVINNSLUVÉL með 1,4l skál, 1,2l blandara, 2 hraðstillingum með púls, hnifur úr ryðfri stáli og mörgum aukahlutum.

**VERÐ 5.995**

RÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS**

Philips HR7735  
700w MATVINNSLUVÉL með blandara og mörgum aukahlutum.

**TILBOÐ 8.995**

FULLT VERÐ 11.995



**TILBOÐ 15.995**

FULLT VERÐ 19.995

**Toppurinn frá Kenwood Framúrskarandi matvinnsluvél.**

Kenwood FP920 MATVINNSLUVÉL með kröftugum 1000w mótör, blandara með glerskál og fjölda aukahluta.



**elna**

Elna 2110 SAUMAVÉL með 15 spörgerðir, 5 gerðum saumfóta, Overlock og ábreiðu. Íslenskur leiðarvísir.

**TILBOÐ 19.995**

FULLT VERÐ 24.995



**elna**

Elna 2130 SAUMAVÉL með 23 spörgerðir, 5 gerðum saumfóta, einföldu Overlock og ábreiðu. Íslenskur leiðarvísir.

**TILBOÐ 22.995**

FULLT VERÐ 29.995



**elna**

Elna 3210 SAUMAVÉL með 18 spörgerðir, 5 gerðum saumfóta, sjálfvirkri nálápræðingu, einföldu Overlock og ábreiðu. Íslenskur leiðarvísir.

**TILBOÐ 29.995**

FULLT VERÐ 34.995



**ide line**

**VERÐ 6.995**

RÁBÆRT VERÐ

Ideline 753076  
Traustur og góður 17 lítra og 700w ÖRBYLJUOFN. Hvítur.



**ide line**

**TILBOÐ 9.995**

FULLT VERÐ 10.995

Ideline 753089  
17 lítra og 800w Digital ÖRBYLJUOFN með 1000w grilli, stáláferð, Combi Crisp möguleika og elektróniskum stillingum.



**Whirlpool**

**TILBOÐ 12.995**

FULLT VERÐ 16.995

Whirlpool AMW2030  
18 lítra og 800w ÖRBYLJUOFN með Auto Defrost og Jet Start, elektróniskum stillingum. Hvítur.



**Whirlpool**

**TILBOÐ 14.995**

FULLT VERÐ 19.995

Whirlpool AMW201ALU  
18 lítra og 800w ÖRBYLJUOFN með Auto Defrost og Jet Start, elektróniskum stillingum. Stálítaður.



**Whirlpool**

**TILBOÐ 14.995**

FULLT VERÐ 18.995

Whirlpool MAX14  
Rafstýrður ÖRBYLJUOFN með 3D kerfi sem tryggir jafna hitun, Jet Defrost og Jet Effekt.

PASSAR BEINT Í HORN Í INNRETTINGUM



## Heimilistæki

www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBODSMENN EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA!

# Gleðileg kántrí-jól með Baggalúti

**H**inir heimsfrægu Baggalútsmenn efndu til jólaútgáfutónleika á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll. Það verður ekki af þeim tekið að þeir kunnu að halda uppi fjörinu því gríðarlega góð stemning myndast eftir því sem leið á tónleikana. Lög af kántrídisknum Pabbi þarf að vinna voru flutt í bland við

eldri slagara. Þeirra á meðal var adventulag Baggalúts sem nýtur sífellt meiri vinsælda á öldum ljósvakans og Áfram Ísland en það var samið sem sérstakt stuðningslag fyrir íslenska landsliðið í knattspyrnu. Þakið ætlaði að rifna af staðnum þegar Rúnar Júlíusson, Herra Geimsteinn, mætti og söng með sveitinni.



**VINSÆLIR** Baggalútsmenn njóta sífellt meiri vinsælda og var húsfyllir á tónleikumum.



**Í GÓÐU STUÐI** Þeir Guðmundur, Karl og Kristbjörn voru flottir á sviðinu og fóru hreinlega hamföllum í flutningi sínum á helstu lögum hópsins.



**HERRA GEIMSTEINN** Rúnar Júlíusson mætti í svörtu með einhvern glæsilegasta kúrekahatt Íslands og flutti lagið Pabbi þarf að vinna við miklar undirtektir.



**STYÐUR VIÐ BAKIÐ Á SÍNUM** Björn Hlynur gaf sér smá tíma frá leikhúslífinu og hlýddi á undurfagra kántrítóna. Þess má til gamans geta að hann leikur einmitt með Kristbiri í Woyzeck sem Borgarleikhúsið er með á fjöllum.



**LÉTT Í LUNDU** Gísli Marteinn Baldursson, Magnús Þór Gylfason og Heiðrún Linda Marteinsdóttir skemmtu sér konunglega á tónleikumum.



## „Ég hélt nú á Silju yfir þröskuldinn!“



Það kostar aðeins 500 krónur að senda jólapakkana innanlands með Flytjanda. Eina skilyrðið er að þú getir borið sendinguna inn í afgreiðsluna hjá okkur. Þú færð allar upplýsingar um næsta afgreiðslustað Flytjanda á eimskip.is eða í síma 525 7000.

**Flytjandi**



**LIMP BIZKIT** Rokksveitin vinsæla situr í toppsæti X-listans með lagið Bittersweet Home.

### X-LISTINN

TOPP 10 LISTI X-INS 977

- LIMP BIZKIT**  
BITTERSWEET HOME
- WHITE STRIPES**  
THE DENIAL TWIST
- QUEENS OF THE STONE AGE**  
BURN THE WITCH
- STROKES**  
JUICE BOX
- DIKTA**  
SOMEONE SOMEWHERE
- HARD-FI**  
LIVING FOR THE WEEKEND
- KORN**  
TWISTED TRANSISTOR
- AMPOP**  
MY DELUSIONS
- WEEZER**  
PERFECT SITUATION
- KASABIAN**  
REASON IS TREASON



**U2** Rokksveitin U2 hefur greinilega miklar mætur á John Lennon.

## U2 fílar Lennon

Írsku rokksveitin U2 vottaði Bítílunum fyrrverandi John Lennon virðingu sína á tónleikum í Connecticut í Bandaríkjunum.

Bono og félagar tóku Bítílagið Norwegian Wood, auk þess sem þeir spiluðu eftir upplapp lagið Instant Karma, sem Lennon gaf út á sólóferli sínum. Bono söng einnig brot úr Bítílaginu Help í lokin á laginu One.

Á fimmtudag voru 25 ár liðin síðan Lennon var skotinn til bana fyrir utan heimili sitt í New York og vottuðu fjölmargir honum virðingu sína við það tækifæri.

## 5 Plötur

**ÁGÚST BOGASON,** meðlimur hljómsveitarinnar Jan Mayen og útlagsmaður á Popp-landi er að hlusta á þetta:



## 1. The Arcade Fire / Funeral

Kom reyndar út í fyrra en hún er bara svo góð að hún hefur ekkert farið úr spilaranum. Ég verð þess vegna að hafa þessa plötu með á listanum. Frábær í alla staði og ég öfunda fólk sem á eftir að heyra hana og verða fyrir uppljómun.



## 2. Tortoise og Bonnie Prince Billy / The Brave And The Bold

Var að fá þessa í hendurnar og mér skilst hún komi út í byrjun næsta árs. Samstarfsverkefni tveggja snilldaraðila sem heppnast fánlega vel. Allt „cover“-lög en alveg frábær plata.



## 3. Daniel Ágúst / Swallowed A Star

Hafði satt best að segja enga trú á þessu þegar ég fékk hana en hún sannar bara að fordómar eru fyrir fávita. Þetta er frábær plata hjá Danna, virkilega falleg, drungaleg og kraftmikil. Kannski ekki partíplatan í ár en virkar vel í lok eftirpartísins.



## 4. TEST ICICLES / FOR SCREENING PURPOSES ONLY

Langt síðan ég hef heyrt svona góða og kraftmikla rokkplötu. Kom úr óvæntri átt og minnir á hljómsveitir eins og At The Drive-in og Jarcrew. Kraftur og keyrsla frá þessu hressa unga bandi.



## 5. STUÐMENN / SUMAR Á SÝRLANDI (30 ÁRA AFMÆLISÚTGÁFA)

Þarf ekki að fjölyrða neitt um þessa plötu. Hafði reyndar ekki hlustað á hana síðan ég var barn og var bara fyrst að fatta alla textana núna. Svona er maður vitlaus. Svona eftir á að hyggja hefði platan kannski átt að heita „Óður til eiturlyfja“ en Sumar á Sýrlandi segir kannski alveg jafn mikið.

## FRÉTT VIKUNNAR BRAGI SKÚLASON BAGGALÚTUR

## Bandaríkjamenn hankaðir á komponum

„Það var verið að hanka Bandaríkjamenn á litlu komponum þeirra. Það þarf að taka þá aðeins upp á eyrunum og finna leikstöðirnar þeirra,“ segir Bragi. „Það þarf að fara að finna grenin þar sem þeir fara með vondu kallana og kitla þá til sagna.“

Bragi segist sjá bjarta hlið á mögulegri notkun Bandaríkjamanna á Keflavíkurlugvelli til að millilenda með fangana. „Það er ákaflega gleðilegt að Bandaríkjamenn hafi einhver not fyrir flugvöllinn, það er ekki hægt að neita því. Hann má ekki bara rykfalla en það er kannski óþarfi að nota hann í þessum blessaða tilgangi,“

Frétt vikunnar að mati Braga Skúlason, kántríkappa og Baggalúts, er gagnrýnin sem Bandaríkjamenn hafa fengið vegna hugsanlegra pyntinga þeirra á meintum hryðjuverkamönnum í erlendum ríkjum.


segir hann. Aðspurður segist Bragi vera ókátur með pyntingar á hryðjuverkamönnum þó svo að hann hafi reyndar ekki verið vitni að þessum pyntingum. „Þetta eru víst nýstárlegar aðferðir sem þeir

nota. Kannski eru þeir bara að spila fyrir þá Helgu Möller eða eitthvað.“

„Svo eru blessaðir þingmennirnir okkar orðnir örmagna af aðgerðaleysi og eru loksins að sleppa í jólafrí. Það er samt ekki sauðburður sem er afsökunin núna heldur jólaundirbúningur og að skreyta heimilið,“ segir Bragi.

## BRAGI SKÚLASON

Baggalúturinn er að vonum óánægður með pyntingar Bandaríkjamanna á meintum hryðjuverkamönnum.



**HUGSADU STÓRT**  
**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

Jólamynd í anda Bad Santa  
Frá leikstjóra Groundhog Day og Analyze This

**X** blaðið

Það gerðist á aðfangadagskvöld  
Hættulegir þjófar á hálum ís!  
Kolsvartur húmor!

Missið ekki af þessari!  
**THE ICE HARVEST**

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.i. 16 ára  
Sýnd í Lúxus kl. 4, 6, 8 og 10

FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!  
★★★  
-SK DV  
★★★  
-topps.is  
★★★  
-SV MBL

BYGGI Á SONNUM ATRUBDUM  
**EXORCISM**  
OF TWELVE YEARS

Sýnd kl. 8 og 10.30 B.i. 16 ára

FRÁ TRÁNDIÐANDA AMERICAN PIE  
**Waiting...**

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.i. 16 ára

FRÁ TRÁNDIÐANDA AMERICAN PIE  
**In Her SHOES**

Sýnd kl. 5.20

★★★  
-L.I.B. Topps.is  
★★★  
-L.I.B. MBL  
★★★  
-MMJ Kvikmyndir.com

★★★  
-SK DV  
★★★  
-SV MBL  
★★★  
-topps.is

★★★  
-MMJ Kvikmyndir.com  
★★★  
-L.I.B. Topps.is

★★★  
-L.I.B. MBL

Dolby Digital SDDS Surround Sound System THX BÍÓ.is – allt á einum stað

**REGNBOGINN** Sími 551 9000

Jólamynd í anda Bad Santa  
Frá leikstjóra Groundhog Day og Analyze This

**X** blaðið

Það gerðist á aðfangadagskvöld  
Hættulegir þjófar á hálum ís!  
Kolsvartur húmor!

Missið ekki af þessari!  
**THE ICE HARVEST**

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 16 ára Sýnd kl. 5.50, 8 og 10.10 B.i. 16 ára

**400 kr. í bíó!** Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!  
PAÐ SEM KOM FYRIR EMILY ROSE ER ÓHUGNANLEGRA EN NOKKUR SEM ÞÚ GETUR ÍMYNÐAÐ ÞÉR

★★★  
-SK DV  
★★★  
-SV MBL  
★★★  
-topps.is

FRÁ TRÁNDIÐANDA AMERICAN PIE  
**SOUND THUNDER**

Sýnd kl. 8 og 10.20 B.i. 12 ára

FRÁ TRÁNDIÐANDA AMERICAN PIE  
**In Her SHOES**

Sýnd kl. 5.30

★★★  
-MMJ Kvikmyndir.com  
★★★  
-L.I.B. Topps.is

★★★  
-L.I.B. MBL

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára Sýnd kl. 5.30

bara lúxus **LAUGARÁS BÍÓ** Sími 553 2075

TILBOD Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - ADEINS 400KR!  
ATH: SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

FRÁ TRÁNDIÐANDA AMERICAN PIE  
**SALLU**  
ALLS EKKI FYRIR VIÐKOMMI!

FRÁ TRÁNDIÐANDA AMERICAN PIE  
**just friends**  
Amy Smart

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.i. 16 ára Forsýnd kl. 8. MIDASALA OPNAR KL. 3:30

FRÁ TRÁNDIÐANDA AMERICAN PIE  
**THE DEVIL'S REJECTS**

Sýnd kl. 10 B.i. 16 ára

FRÁ TRÁNDIÐANDA AMERICAN PIE  
**Waiting...**

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.i. 16 ára

FRÁ TRÁNDIÐANDA AMERICAN PIE  
**FOUR BROTHERS**

Sýnd kl. 5:45 B.i. 16 ára Sýnd kl. 3:30

FRÁ TRÁNDIÐANDA AMERICAN PIE  
**FRUMSÝND 13. desember kl. 12 á miðnætti**  
NAOMI WATTS JACK BLACK ANDREW DODD  
**KING KONG**

Forsala hafin í Sambúðum Álfabakka og Kringlunni og Laugarásbíó

## Var með lystarstol

Poppstjarnan Ashlee Simpson, sem einnig er þekkt sem systir Jessica Simpson, hefur komið fram í dagsljósið og játað að hafa þjást af lystarstoli. Samkvæmt Simpson átti hún við vandamálið að stríða snemma á söngferlinum. „Þegar ég var í ballett-skóla sem unglingur var ég innan um margar stelpur sem þjástust af þessum hræðilega sjúkdómi. Ég var raunar sjálf með hálfgerð lystarstol. Það var á sex mánaða tímabili sem ég borðaði nánast ekki neitt. Ég var ekki nema um 38 kíló sem er auðvitað fíranlega lítið.“ Hin efnilega söngkona þakkar fjölskyldunni fyrir að hjálpa sér að komast á rétta braut. „Foreldrar mínir gripu inn í þegar þarna var komið við sögu. Þau neyddu mig hreinlega til þess að borða.“ Í dag segist Ashlee kunna mun betur við konur sem hafi þessar



ASHLEE SIMPSON

línur heldur en þær sem séu þvengmjóar og renglulegar. „Mér finnst það vera kynþokkafullt að vera ekki algjör mjóna, og það er mjög sorglegt þegar fólk hugsar ekki um neitt annað en þvingdina og sér ekki hve fallett það er í raun og veru.“

## Aukatónleikar Tinganellis á Nasa

Það þurftu margir frá að hverfa þegar ítalsk-íslenski söngfluglinn og áttfaldur Ítalíumeistari í kappróðri hélt útgáfutónleika sína í Salnum í nóvember, í tilefni sólóplötu sinnar Volo Libero.

„Platan rennur út og ég er svo hræður yfir móttökunum,“ segir Leone sem átti sér draum um sólóplötu frá því að hann var lítill drengur í Napolí. Á Volo Libero eru frumsamdar laga-

smíðar og textar Leones þar sem hann syngur rómantísk lög af stökum sjarma. Platan hefur slegið í gegn og er nú þriðja sending á leið til landsins, en á henni flytur hann einnig dúetta með Björgvini Halldórssyni, Jóhanni Friðgeiri og Regínu Ósk.

„Platan er tileinkuð konunni minni og sannri, eilífri ást,“ segir Leone sem vegna gífurlegrar eftirspurnar treður upp á aukatónleikum á Nasa annað kvöld, þann 13. desember klukkan 20.30, en þar munu stíga á stökk með honum þau Regína Ósk, Jóhann Friðgeir og Friðrik Ómar. Þar mun Leone ásamt frábærri hljómsveit flytja ítalskar perlor, jólalög og öll fallegu, nýju lögín sem stimplað hafa sig svo rækilega inn í hjörtu landsmanna.

Midasala fer fram á www.2112.is, í verslunum Pennans Eymundssonar (Austurstræti og Smáralind) og í Eymundsson í Kringlunni.

LEONE TINGANELLI Tónlistarmaður er með aukatónleika annað kvöld á Nasa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sími 553 2075 **LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus

FORSÝND Í KVÖLD KL. 20:00

Hann elskar hana. Hún elskar hann ekki.

FRÁ TRÁNDIÐANDA AMERICAN PIE  
**FEITASTI GRÍNSMELLUR ÁRSINS!**  
ryan reynolds amy smart  
**just friends**  
anna faris chris klein

-MIDASALA OPNAR KL. 15:30-  
-TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA-

TILBODS BÍÓ **LAUGARÁS BÍÓ** ÓDYRT Í BÍÓ KR. 400

Aetlunin er margþróttari, útfærslan er flókari og leikurinn skelfilegri en nokkru sinni fyrr.

**SALLU**  
HYERSU LANGT MYNDIR ÞU GANGA TIL AÐ HALDA LIFI?

ATH: SÝND KL. 4

FRÁ TRÁNDIÐANDA AMERICAN PIE  
**Waiting...** 400 kr.

ATH: SÝND KL. 4


FRÁ TRÁNDIÐANDA AMERICAN PIE  
**THE DEVIL'S REJECTS** 400 kr.

ATH: SÝND KL. 3:30

TILBOD Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - ADEINS 400 KR -

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Jennifer Lopez hefur sent Ben Affleck og barnsmóður hans, Jennifer Garner, gjöf í tilefni af fæðingu dóttur þeirra sem



hefur fengið nafnið Violet. Lopez og Affleck voru trúlofuð í fyrra en samkvæmt heimildarmanni þykir Jennifer enn afar vænt um Ben. „Hún mun alltaf hafa pláss í hjartanu fyrir Ben,“ sagði heimildarmaðurinn, en Lopez sendi nýbökðu foreldrunum gjafakörfu með ýmsum kræsingum.

Naomi Watts segist hafa samþykkt að leika í myndinni King Kong án þess að lesa handritið en leikkonan hafði víst það mikla trú á leikstjóranum Peter Jackson. „Ég var rosalega spennt þegar ég fékk hringingu um að ég ætti að fara á fund Peter jacksons. Þegar við hittumst var handritið ekki tilbúið en ég ber svo mikla virðingu fyrir því sem hann hefur gert að ég samþykkti að leika í myndinni áður en ég fékk handritið!“ sagði Naomi.



Britney Spears er víst mikill aðdáandi sjónvarpsþáttarins What Not to Wear og útilokar hún ekki að taka þátt í honum. „Þáttastjórnendurnir taka útlitsbreytingarnar svo alvarlega að maður situr límdur við sjónvarpið. Myndi ég fara í þáttinn? Aldrei að segja aldrei,“ sagði Britney sem ósjaldan hefur verið gagnrýnd fyrir fatasmekk sinn.



Leikkonunni Siennu Miller þótti lífsstykkið sem hún þurfti að vera í við upptökur á myndinni Casanova svo óþægilegt að hún reyndi að kveikja í því. „Ég hætti að vera spennt fyrir fallega lífsstykkinu eftir hálf tíma vegna þess að það var virkilega óþægilegt. Ég átti í vandræðum með að borða og auk þess er ómögulegt að leggjast niður því pilsíð var svo stíft og stórt. Ég reyndi að kveikja í lífsstykkinu eina nóttina, ég hataði það svo mikið,“ sagði Sienna.





**HÁDEGISBÍÓ** HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 12 UM HELGUNA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI **3 BÍÓ** 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 3 UM HELGUNA Í HÁSKÓLABÍÓ

**ÁLFABAKKI**  
 HARRY POTTER OG ELDB. KL. 1-1.50-4.10-5-7.20-8.10-10.30 B.I. 10  
 HARRY POTTER OG ELDBÍKARINN VIP KL. 1.50-5-8.10  
 JUST LIKE HEAVEN KL. 1.50-3.50-6-8.10-10.20  
 GREEN STREET HOOLIGANS KL. 8-10.30 B.I. 16  
 LORD OF WAR KL. 8-10.30 B.I. 16  
 ELIZABETH TOWN KL. 5.50  
 LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 2-4-6  
 WALLACE & GROMIT KL. 2  
 TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 4

**KEFLAVÍK**  
 HARRY POTTER OG ELDBÍKARINN KL. 2-5 B.I. 10  
 THE EXORCISM OF EMILY ROSE KL. 8-10.15 B.I. 16  
 LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 2-4-6  
 TWO FOR THE MONEY KL. 8-10.15 B.I. 12

**AKUREYRI**  
 JUST LIKE HEAVEN KL. 6-8-10  
 HARRY POTTER OG ELDBÍKARINN KL. 2-5-8 B.I. 10  
 LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 2-4

**KRINGLAN**  
 JUST LIKE HEAVEN KL. 12-2-6-8-10.10  
 HARRY POTTER OG ELDBÍKARINN KL. 12-3-6-9 B.I. 10  
 NOEL KL. 3.50-5.50-8  
 SERENITY KL. 10.10 B.I. 16  
 LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 12-2-4

**FRÁSAR SKEMTUN**  
**SAMBÍÓIN**

**LA MARCHÉ DE L'EMPEREUR**  
 ★★★★★  
 "Sjón er sögu ríkari!" - H.J. MBL  
 "Meistarastykki" - F.G.G. Fréttablaðið

**HARRY POTTER OG ELDBÍKARINN** KL. 2-4-6-8-10 B.I. 10  
**GREEN STREET HOOLIGANS** KL. 5.45-8-10.15 B.I. 16  
**LA MARCHÉ DE L'EMPEREUR** KL. 3-6-8  
**TIM BURTON'S CORPSE BRIDE** KL. 3-10  
**LORD OF WAR** KL. 5.30-8-10.20 B.I. 16  
**LITLI KJÚLLINN ísl. tal** KL. 3.30

ALFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 0000 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170 Háskólabíó



KK OG ELLEN Systkinin KK og Ellen eru á leiðinni í stutta tónleikaferð um landið.

## Systkini í jólaskapi á ferð um landið

Systkinin KK og Ellen eru á leiðinni í stutta tónleikaferð um landið í tilefni af útgáfu plötunnar Jólin eru að koma, sem er sú fyrsta sem þau gera saman. Þar er lögd áhersla á einfaldar kassagítar-útgáfur af vinsælum jólalögum. Áður hafa þau systkini gert saman lög á borð við When I Think of Angels, sem naut mikilla vinsælda á sínum tíma. Fyrstu tónleikar þeirra verða í kvöld á Eiðum en þeir síðustu verða í Ólafsfirði þann átjándu

desember. Þau systkini héldu nýverið útgáfutónleika í Frikirkjunni. Heppnuðust þeir mjög vel og var troðfullt út úr dyrum.

### TÓNLEIKAFERÐ KK OG ELLENAR

- 11. desember – Eiðar
- 12. desember – Græni Hatturinn Akureyri
- 13. desember – Borgarnes Kirkja
- 14. desember – Patreksfjarðarkirkja
- 18. desember – Ólafsfjörður

# Jólaflagatal Bylgjunnar

**Bylgjan 98.9**  
Allir eru að hlusta!

**Leikreglur**  
Það eina sem þú þarft að gera er að vera í jólaskapi, hlusta á Bylgjuna 98.9 og vera með lag dagsins á hreinu – þú finnur það hér í Birtu. Þegar þú heyrir lag dagsins í fullri lengd hringirðu í síma 567 1111. Niundi hlustandinn sem nær í gegn fær stórglæsilegan jólapakka, glæsilegt jólatré frá Garðheimum og 10.000 kr. frá Bylgjunni – útvarpsstöðinni þinni.\*

**12. desember**  
Gæði og mykt  
Moskus andardúnsæng með mjúku Batist bómulluráklæði.  
Verðmæti: 29.800 kr.  
Stórglæsilegt jólatré frá Garðheimum - ævintýraheimi jólanna!  
Jólagjöfin í ár frá Bylgjunni – útvarpsstöðinni þinni  
Verðmæti: 10.000 kr.

**13. desember**  
Fjarstýrt 80 cm Roboraptor – risaeðla  
Vinsælasta leikfangið í heiminum fyrir þessi jól. Heyrir, sér, finnur snertingu og bregst við áreiði. Dátabuðin Kringlunni, Smáralind, Glæsibæ og Spönginni.  
Verðmæti: 13.000 kr.  
Stórglæsilegt jólatré frá Garðheimum - ævintýraheimi jólanna!  
Jólagjöfin í ár frá Bylgjunni – útvarpsstöðinni þinni  
Verðmæti: 10.000 kr.

**14. desember**  
B-Young gjafabréf  
Fallegar og vandaðar vörur á góðu verði. Nýjar vörur teknar upp vikulega. Verð ávallt velkomin að Laugavegi 83, sími 562 3244. Verðmæti: 10.000 kr.  
Stórglæsilegt jólatré frá Garðheimum - ævintýraheimi jólanna!  
Jólagjöfin í ár frá Bylgjunni – útvarpsstöðinni þinni  
Verðmæti: 10.000 kr.

**15. desember**  
AEG þvottavél - Jólagjöf heimilisins  
Hljófláttur vinnubjarkur sem skilar öllu skínandi hreinu á met tíma. Sneritakkar, Sensologic þvottatækni, vatnslekavörn og mörg þvottakerfi. Byggt og búið  
Verðmæti: 79.900 kr.  
Stórglæsilegt jólatré frá Garðheimum - ævintýraheimi jólanna!  
Jólagjöfin í ár frá Bylgjunni – útvarpsstöðinni þinni  
Verðmæti: 10.000 kr.

**16. desember**  
Panasonic 212 sími  
Fimm tíu númera símannúmerabirti, 240 klst. rafljóðuendingu í bið, 3ja línu skjár o.s.frv. Vertu vekomin/n nýja og glæsilega verslun að Síðumúla 37.  
Verðmæti: 11.900 kr.  
Stórglæsilegt jólatré frá Garðheimum - ævintýraheimi jólanna!  
Jólagjöfin í ár frá Bylgjunni – útvarpsstöðinni þinni  
Verðmæti: 10.000 kr.

Fylgstu með lagi dagsins hér í Birtu dagana 28. nóvember til 23. desember

Gæði & Mykt | Búðir | GARDHEIMAR b.þounq\* byggt búlö svar) |

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



### Við furðum okkur á...

... vinnubrögðum Magnúsar Gylfasonar, þjálfara Víkings, sem ákvað að senda eingöngu völdum fjölmiðlum boð á blaðamannafund hjá Víkingi í gær. Vonandi sér stjórn Víkings sér fært að láta slík mál í annarra manna hendur í framtíðinni,

# sport

sport@frettabladid.is



## 60 MEÐ GRÉTARI SIG-FINNI SIGURÐSSYNI

SEKÚNDUR

**Framherji eða varnarmaður?** Varnarmaður.

**Fótbolti er...** lífið.

**Númer hvað notarðu af skóm?** 45.

**Hvar verslarðu á þig fót?** Í Kringlunni.

**Valur, Víkingur eða KR?** KR.

**Fellur Víkingur?** Nei, við verðum í fyrsta sæti.

**Draumaliðið?** Liverpool.

**Metallica eða Madness?** Metallica.

**Maggi Gylfa er...** kóngurinn.

**Hvers saknarðu helst frá Val?** Félaganna og stuðningsmannanna.

**Besti liðsfélaginn?** Atli Sveinn Þórarinnsson.

### > Atli baðst afsökunar

Kristinn Einarsson, formaður Þróttar, greindi frá því á heimasíðu félagsins í gær að Atli Eðvaldsson, þjálfari félagsins, hefði beðið afsökunar á seinni yfirlýsingu sinni um Pál Einarsson sem bar heitið „leikmaðurinn Páll Einarsson“ og birtist í Fréttablaðinu í vikunni. Stjórn félagsins tók afsökunarbeiðni Atla gilda enda taldi hún Atla hafa farið vel yfir strikið með yfirlýsingunni.



Chelsea að bæta við sig?:

## Fylgist með ungum Svía

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarfélagið Chelsea er þessa dagana með í skoðun hinn 18 ára gamla Svía, Daniel Larsson, sem leikur með Hacken.

Hann hefur tvisvar farið til Chelsea og gengið ágætlega. Ekki er talið líklegt að Chelsea vilji kaupa hann strax og því vill Hacken gera við hann nýjan samning.

„Chelsea hefur lofað að vera í sambandi. Leikurinn sem ég spilaði með þeim gekk ekki nógu vel enda töpuðum við 2-0 og ég klúðraði einu góðu færi.“

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

8 9 10 11 12 13 14

#### Sunnudagur

#### LEIKIR

14.00 Þór Ak. og ÍBV mætast í DHL-deild karla.

20.00 Haukar og FH mætast í DHL-deild karla.

#### LEIKIR

12.30 Heimsmeistarakeppni félagsliða á Sýn. Leikur AL Ittihad og Al Alhy.

15.50 Spænski boltinn á Sýn. Leikur Osasuna og Mallorca.

15.55 EM í sundi á Rúv.

19.15 Ítalski boltinn á Sýn. Leikur Inter og AC Milan.

21.40 Helgarsportíð á Rúv.

## Haukastúlkur með gott tak á Keflavík

Haukar urðu í gær Powerade-bikarmeistarar í körfuknattleik kvenna með því að leggja Keflavík 77-63 í skemmtilegum úrslitaleik sem háður var í Kópavogi.

**KÖRFUBOLTI** „Við virðumst loksins hafa náð ágætis tókum á Keflavíkurlíðinu. Við getum alveg spilað betur en við gerðum í þessum leik en þetta dugði. Það er allt í blóma hjá okkur og öll umgjörð eiginlega eins góð og hún getur orðið. Við höfum öðlast mikla reynslu á skömmum tíma og þátttaka okkar í Evrópukeppninni hefur haft sitt að segja,“ sagði Helena Sverrisdóttir, leikmaður Hauka, eftir að liðið hafði tryggt sér sigur í fyrirtækjabikar KKÍ 2005 með því að leggja Keflavík að velli í skemmtilegum úrslitaleik í Digranesi. Mikið jafnræði var með liðunum stærstan hluta leiksins og liðin skiptust á að hafa forystuna í fyrri hálfleik en Haukastúlkur höfðu tveggja stiga forskot 35-33 þegar gengið var til búningsherbergja. Í seinni hálfleiknum fór síðan að skilja á milli og Haukar náðu tókum á leiknum, voru þremur stigum yfir eftir þriðja leikhluða og voru síðan mun betri í þeim síðasta. Á endanum vann liðið sigur 77-63 og fékk Powerade-bikarinn í hendurnar eftir leikinn. Haukar eru með ungt og skemmtilegt lið og greinilegt að framtíðin í Hafnarfirðinum er ansi björt ef áfram verður haldið rétt á spöðunum.

Keisha Tardy átti stórleik fyrir Hauka, gerði 28 stig, átti 24 fráköst og fimm stoðsendingar. Helena Sverrisdóttir skoraði tuttugu stig og átti fjórtán fráköst.



LÉTTIR Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hauka, hlær hérr með stúlkunum sínum. Hann var í banni í leiknum og fylgdist með úr stúlkunni.

Hjá Keflavík var Birna Valgarðsdóttir stigahæst með tuttugu stig. „Við misstum einbeitinguna í seinni hálfleik og þar af leiðandi misstum við þær of langt fram úr. Hittinn var ekki nægilega góð hjá okkur í seinni hálfleik, við fengum galopin skot sem voru bara ekki að detta. Engu að síður vorum við að spila vel næstum allan fyrri

hálfleik en þegar tvö góð lið eru að spila þarf að halda haus allan leikinn. Baráttan var fin hjá okkur en því miður náðum við ekki að hanga í þeim. Haukar eru skrefinu á undan eins og er en við ætlum að laga leik okkar og ná að sigra þær í næstu viðureign,“ sagði Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari Keflavíkur. [elvar@frettabladid.is](mailto:elvar@frettabladid.is)



ROY KEANE Hefur látið lítið fara fyrir sér síðan hann var rekinn frá Man. Ut. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Everton:

## Bíður eftir svari frá Keane

**FÓTBOLTI** David Moyes, knattspyrnustjóri Everton, er enn að bíða eftir því að Roy Keane svari tilboði þeirra um að koma til Liverpool og spila fótbolta fyrir Everton. „Ég get ekkert sagt um hvað er að gerast því ég hef ekkert heyrt,“ sagði Moyes í gær. „Ég hef ekki viljað segja of mikið svo stuðningsmennirnir geri sér ekki of miklar vonir. Ég vil heldur ekki gera of mikið úr málinu því málið er enn opið.“

Þau lið sem eru hvað sterkust orðuð við Keane þessa dagana fyrir utan Everton eru Celtic og Bolton. Sjálfur hefur Keane verið þögull sem gröfin og ekkert viljað segja um hvað hann er að hugsa.

HK og Fylkir skiptu stigunum á milli sín í Digranesi:

## Jafntefli í kaflaskiptum leik

**HANDBOLTI** Það var mikil spenna í Kópavogi í gær þegar HK tók á móti Fylki í DHL-deild karla í handbolta en leiknum lauk með jafntefli 27-27. Heimamenn byrjuðu leikinn betur en um miðbik fyrri hálfleiks misstu þeir tvo menn af velli og tveimur fleiri náðu Fylkismenn að komast yfir í fyrsta sinn í leiknum. Þegar jafnt varð í liðum á ný tóku HK-ingar síðan forystuna aftur og höfðu yfir 15-13 í hálfleik. Þeir virtust hafa mætt ákveðnari til leiks en náðu ekki að halda sama skriðinu í seinni hálfleik.

Fylkismenn unnu upp forskot HK en þegar staðan var 20-18, HK í vil, komu skyndilega fimm mörk í röð frá gestunum sem náðu þriggja marka forskoti. HK jafnaði metin og síðustu mínúturnar skiptust liðin á að skora, þegar mínúta var eftir kom Remigijus Cepulis heimamönnum yfir en Eymar Krüger jafnaði þegar tuttugu sekúndur voru til leiksloka. HK fór í síðustu sókn leiksins en hún rann út í sandinn og úrslitin 27-27.

„Ég er alveg langt frá því að

vera sáttur við þessi úrslit. Fylkir var ekkert að spila vel en við vorum algjörir klaufar að ná ekki að nýta okkur það og sigra þennan leik, við áttum að klára þetta í fyrri hálfleik. Sóknarleikurinn var hrikalegur og varnarleikurinn var eiginlega ekki til staðar,“ sagði Arnar Reynisson, markvörður HK, eftir leikinn en hann varði fimmtán skot. Hlynur Morthens í marki Fylkis varði níttján.

Heimir Örn Arnason var í aðalhlutverki hjá Fylki að vanda en hann skoraði sex mörk, Remigijus Cepulis skoraði mest fyrir HK eða átta mörk. Eftir þessi úrslit eru Fylkismenn komnir upp í þriðja sæti deildarinnar en hafa reyndar leikið fleiri leiki en liðin á eftir. Barátta HK-inga fyrir því að ná að enda í efri hlutanum heldur áfram en liðið er í níunda sæti en kringum þá er pakkinn mjög þéttur. [elvar@frettabladid.is](mailto:elvar@frettabladid.is)

**NAGLI** Arnar Jón Agnarsson lék ágætlega fyrir Fylki í gær. Hann skoraði hér eitt þriggja marka sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



